FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

299. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 20. DESEMBER 2017




Jólasveinar komu í hátíðarskapi með gjafir og glöddu börn hælisleitenda í húsnæði Íslandsbanka í Kópavogi í gærkvöldi, en Rauði krossinn heldur utan um slíkan viðburð árlega. Hátt í níutíu manns, fjölskyldur og fylgdarlaus börn, voru viðstödd gleðskapinn og gæddu sér meðal annars á smákökum, mandarínum og alls kyns góðgæti í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Vilja kaupa Siggi's skyr á 30 milljarða

**Eigendur The Icelandic Milk and Skyr Corporation eru í viðræðum við bandaríska fjárfesta um sölu á öllu fyrirtækinu. Virði þess talið vera tæplega 300 milljónir Bandaríkjadala. Eignarhlutur Sigurðar Kjartans Hilmarssonar, stofnanda fyrirtækisins, er um 25 prósent.**

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið The Icelandic Milk and Skyr Corporation, sem var stofnað af Sigurði Kjartani Hilmarssyni árið 2006 og er að stærstum hluta í eigu Íslendinga, er langt komið í viðræðum við áhugasama fjárfesta í Bandaríkjunum um sölu á öllu fyrirtækinu fyrir tæplega 300 milljónir dala, jafnvirði um 30 milljarða íslenskra króna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Vörur fyrirtækisins, sem eru seldar undir vörumerkinu Siggi's skyr, eru fáanlegar í um 25 þúsund verslunum í öllum ríkjum Bandaríkjanna og er það með um tveggja prósenta markaðshlutdeild af jógúrtsölu í Bandaríkjunum. Samkvæmt heimildarmönnum Fréttablaðsins, sem þekkja vel til söluferlisins sem er leitt af fjárfestingabankanum JP Morgan, hafa staðið yfir viðræður við að minnsta kosti tvö umsvifamikil fyrirtæki í mjólkuriðnaðinum vestanhafs. Talið er að velta The Icelandic Milk and Skyr Corporation aukist um liðlega 50 prósent á næsta ári og verði þá samtals um 200 milljónir dala, jafnvirði 21 milljarðs króna.




Fram hefur komið að fyrirtækið sé að 75 prósent hluta í eigu Sigurðar og ættingja hans, vina og annarra sem þeim tengjast. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nemur eignarhlutur Sigurðar um 25 prósentum en aðrir Íslendingar sem eiga umtalsverðan hlut í fyrirtækinu eru meðal annars feðgarnir Ingimundur Sveinsson arkitekt og Sveinn Ingimundarson. Þá á svissneski mjólkurframleiðandinn Emmi Group um fjórðungshlut sem félagið eignaðist í árslok 2013.

Í viðtali í janúar 2014 lýsti Sigurður því hvernig fyrirtækið hefði vaxið og dafnað út frá uppskrift að skyri frá árinu 1963 sem móðir hans sendi honum í faxi frá Íslandi. Áður en skyrframleiðslan hófst starfaði hann við fyrirtækjaráðgjöf hjá Deloitte á Wall Street en sagði upp þegar skyráhuginn kviknaði. The Icelandic Milk and Skyr Corporation selur í dag um 30 vörutegundir, er með um 40 starfsmenn í vinnu og mörg hundruð undirverktaka sem framleiða vörurnar.

Ekki náðist í Sigurð við vinnslu fréttarinnar þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. hordur@frettabladid.is

## Ekki hægt að fá skiptimiða á gjafir úr Costco

**NEYTENDUR** Þeir sem vilja skila jólagjöfum úr Costco verða að hafa upplýsingar um kennitölu þess sem keypti gjafirnar og helst hafa meðlimanúmer hans hjá versluninni auk kassakvittunarinnar. Gjöfum er skilað gegn endurgreiðslu og ef gjöfin hefur verið greidd með kreditkorti er greitt aftur inn á kortið. Í slíkum tilfellum getur þiggjandinn ekki skilað gjöfinni. Engir skiptimiðar eru settir á gjafirnar, eins og tíðkast í flestum öðrum stórmörkuðum á Íslandi.



– jhh / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Guðmundur Árni Stefánsson skrifar um réttindi barna. 17

**LÍFIÐ** Leiðbeiningar um hvernig er hægt að velja jólagjafir eftir stjörnumerkjum fólks. 36

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












## Veður




Í dag er útlit fyrir allhvassa suðvestanátt með þéttum éljagangi, en bjartviðri um landið norðaustanvert. Hiti um frostmark. SJÁ SÍÐU 24

# Jólastuð á Stuðmönnum



Stuðmennirnir Egill Ólafsson, Jakob Frímann Magnússon og Valgeir Guðjónsson sungu af nýjasta afkvæmi sveitarinnar, sem er ekki í formi geisladisks eða plötu, heldur er svokallaður astraltertukubbur, safn laga á USB-lykli. Í bakgrunni má sjá fyrrverandi Stuðmanninn Röggu Gísla ásamt Birki Kristinssyni og plötusnúðinn Andreu Jóns, svo einhverjir séu nefndir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

## Ríkisstjórnin með 67 prósent stuðning

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin nýtur mikils stuðnings samkvæmt nýrri könnun MMR sem framkvæmd var dagana 12.-15. desember. Þannig sögðust 66,7 prósent svarenda könnunarinnar styðja ríkisstjórnina. Um er að ræða meiri stuðning en nokkur ríkisstjórn hefur notið frá hruni en athygli vekur einnig að mun færri, eða rúm 48 prósent, segjast myndu kjósa ríkisstjórnarflokkana.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist með mest fylgi eða 23,2 prósent en mældist með 24,4 prósenta fylgi í síðustu könnun MMR. Samfylkingin mælist með næstmest fylgi eða 16,8 prósent samanborið við 16 prósent í síðustu könnun. Vinstri græn koma þar á eftir með 16,7 prósenta fylgi og bæta við sig 3,7 prósentustigum frá síðustu könnun þegar þau mældust með 13 prósenta fylgi.

Píratar mælast nú með 14,1 prósenta fylgi og mældust með 9,9 prósent í síðustu könnun sem lauk þann 17. nóvember.

Þá mælist Miðflokkurinn með 8,7 prósenta fylgi samanborið við 10,5 prósent í síðustu könnun. Framsóknarflokkurinn mælist nú með 8,5 prósenta fylgi samanborið við 9,5 prósent í síðustu könnun og þá mælist Viðreisn með 5,7 prósent en var með 6,5 prósent í síðustu könnun. Flokkur fólksins missir mest fylgi og mælist nú með 3,7 prósent samanborið við 8,4 í síðustu könnun. – hh



Formenn ríkisstjórnarflokkanna þriggja, Framsóknarflokks, Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks.

## Fá kynningu á samningi

**KJARAMÁL** Flugvirkjar fá í kvöld kynningu á nýjum kjarasamningi við Icelandair sem undirritaður var í fyrrinótt. Samningurinn verður kynntur á félagsfundi þar sem jafnframt verður útskýrt hvernig staðið verður að atkvæðagreiðslu um samninginn.

Óskar Einarsson, formaður Flugvirkjafélagsins, segir að atkvæðagreiðslan fari fram rafrænt en ekki sé búið að tímasetja hana. Hann segist sáttur við niðurstöðuna. „Við getum orðað það þannig að ég tel þess virði að skrifa undir hann og bera hann undir félagsmenn.“ Óskar segir að tekist hafi að ná fram hækkun á grunnkaupi. „Það eru kjarabætur í honum eins gerist og gengur í kjarasamningnum,“ segir Óskar. – jhh



ALVÖRU SKÖTUVEISLA!
ÞÓRIR BERGSSON BÝÐUR TIL SKÖTUVEISLU
Á BERGSSON RE FÖSTUDAGINN 22. DESEMBER.
ALVÖRU VESTFIRSK SKATA
ÚTSÝNI YFIR HÖFNINA Í REYKJAVÍK



BORÐAPANTANIR Í SÍMA 5710822 FRÁ 9 - 16 · GRANDAGARÐUR 16 · BORÐAPANTANIR EKKI NAUÐSYNLEGAR, HÚSIÐ ER OPIÐ

# Jól fjarri heimili sínu vegna fæðingar tvíbura

Sigþrúður Margrét Gunnsteinsdóttir á von á tveimur stelpum í byrjun næsta árs. Hún býr á Ísafirði en er gert að flytja til Reykjavíkur. Aðstöðumunur kvenna mikill þegar kemur að áhættufæðingum að mati einu ljósmóðurinnar á Vestfjörðum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Sigþrúður Margrét Gunnsteinsdóttir, verðandi móðir tvíbura á Ísafirði, þarf að verja jólum og áramótum í höfuðborginni af þeirri einu ástæðu að hún gengur með tvíbura. Von er á börnunum í heiminn fyrstu vikuna í janúar. Kostnaðurinn hleypur á hundruðum þúsunda og bíður Sigþrúður Margrét nú eftir því að maðurinn hennar komi einnig suður, í höfuðborgina.

„Þetta er í fimmta skiptið sem ég fer suður á meðgöngunni og kostnaðurinn við það er orðinn nokkuð mikill. Ég er komin 35 vikur á leið og er sett í fyrstu viku nýs árs. Því mun ég halda jól og áramót hér fyrir sunnan fjarri heimabyggð,“ útskýrir Sigþrúður Margrét í samtali við blaðið.

Ekki er hægt að fæða tvíbura á Ísafirði og í rauninni er engin fæðing leyfileg á Vestfjörðum sem kalla mætti áhættufæðingu. Erla Rún Sigurjónsdóttir, eina ljósmóðirin sem búsett er á Vestfjörðum, segir sjúkrahúsið langt í frá í stakk búið til þess að taka við fæðingum af þessum toga. „Við erum ekki með aðgang að barnalæknum og vökudeildarþjónustu,“ útskýrir Erla Rún. „Hér vantar bæði barna- og fæðingarlækna. Við búum hins vegar yfir skurðstofu til að taka á bráðaþjónustu ef þess þarf,“ segir hún.

Sigþrúður fór ein til Reykjavíkur í þetta skiptið og bíður þess að maki hennar og yngsta barn þeirra komi suður svo hægt sé að halda jólin saman. „Ég fór ein núna. Það fylgir því mikið tekjutap að vera fyrir sunnan og það er ástæða þess að maðurinn minn er enn að vinna.



Sigþrúður bíður fæðingar tveggja dætra. Kostnaður verðandi foreldra er oft svimandi hár séu þeir búsettir fjarri höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> Aðalmunurinn er þegar konur þurfa að fæða fyrir sunnan hvað kostnaðurinn er mikill.
>
> Erla Rún Sigurjónsdóttir, ljósmóðir á Ísafirði



Þessi kostnaður er nokkuð mikill og því reynum við að lágmarka tekjutapið eins mikið og kostur er,“ segir Sigþrúður.

Erla Rún, ljósmóðir á Ísafirði, segir að fæðingum fækki stöðugt fyrir vestan. Einnig sé erfitt að ráða í stöður sem snúa að fæðingum. Hins vegar sé þjónustan sem verðandi mæður fá á Ísafirði í öllum aðalatriðum eins og annars staðar á landinu. „Aðalmunurinn er þegar konur þurfa að fæða fyrir sunnan hvað kostnaðurinn fyrir þær og fjölskyldur þeirra er mikill. Það er ekki greitt fyrir ferðir maka og gisting er að litlu leyti niðurgreidd. Þar liggur aðstöðumunurinn,“ segir Erla Rún að lokum.

sveinn@frettabladid.is



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR TIL 24.12
OPIÐ TIL KL. 22:00 Í ÖLLUM BÚÐUM FRAM TIL JÓLA
Öll jólavara 20-70% afsláttur
JÓLAGJAFIRNAR
FÆRÐU Í RÚMFATALAGERNUM
KRONBORG OF DENMARK
GOLD EINSTÖK GÆÐI
Nora handklæði 25% afsláttur
HANDKLÆÐI NÚ VERÐ FRÁ: 745
SKÁL MEÐ LOKI 499
AGNA
ANTONIA
KREP
30% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ: 1.995
AGNA OG ANTONIA SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómull.
ANTONIA: 140 x 200 sm.
2.995 nú 1.995
140 x 220 sm.
3.495 nú 2.445
AGNA: 140 x 200 sm.
3.995 nú 2.795
140 x 220 sm.
4.495 nú 3.145
Koddaver 50 x 70 sm.
Lokað með tölum.
Vnr. 1031-3008, 1030-3003
GOLD EINSTÖK GÆÐI
dannevik
ANDADÚNSÆNG
DÖNSK GÆÐAVARA
Sparið allt að 15.000 krónur
NÚ VERÐ FRÁ: 29.950
THYRA ANDADÚNSÆNG
Gæðasæng fyllt með 90% af hvítum evrópskum andadúni og 10% af hvítu evrópsku andafiðri. Áklæði úr 100% Jacquardofinni bómull. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Burðargeta 10. Fylling: 800 gr. Þvottur 60°C.
Stærðir: 135 x 200 sm. 39.990 nú 29.990 200 x 220 sm. 59.990 nú 44.990 Vnr. 4111450, 4111485
2 FYRIR 1
2 PÖR NÚ VERÐ FRÁ: 399
PRINT SOKKAR
Háir og lágir print sokkar. Ein stærð.
Háir 1 par 795 nú 2 pör 795 Lágir 1 par 399 nú 2 pör 399
Vnr. 550-51163, 550-51125
Allir borðdúkar 35% afsláttur
Allir eldhús- og borðstofustólar 20% afsláttur
Allir púðar 30% afsláttur
Myndir 25% afsláttur

# Óvíst með áframhaldandi gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Ekki liggur fyrir hvort farið verður fram á áframhaldandi gæsluvarðhald yfir mönnunum þremur sem handteknir voru hér á landi vegna stórfellds fíkniefnamáls þann 12. desember síðastliðinn. Gæsluvarðhald yfir mönnunum rennur út næstkomandi föstudag, 22. desember.

Arkadiusz Maciej Latkowski, annar eigenda Market ehf., er einn þeirra þriggja sem sitja í gæsluvarðhaldi hér á landi vegna aðildar að stærsta máli tengdu skipulagðri glæpastarfsemi sem komið hefur upp hér á landi.

Market ehf., sem á og rekur verslanirnar Euro Market í Hamraborg, Stakkholti og Smiðjuvegi, tengist málinu. Á meðal þeirra eigna sem haldlagðar hafa verið vegna málsins eru eignarhlutir í Market ehf., en samanlagt hefur lögregla lagt hald á eignir fyrir um 200 milljónir króna hér á landi í tengslum við málið. Latkowski hefur verið búsettur á Íslandi í um áratug en hann hlaut fjögurra mánaða dóm árið 2009 fyrir vörslu og meðferð á rúmu kílói af marijúana. Í apríl 2013 dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur svo ríkið til að greiða Latkowski hálfa milljón króna í miskabætur fyrir gæsluvarðhald sem hann mátti sæta árið 2010 vegna rannsóknar lögreglu á fíkniefnainnflutningi. **– skh**



**Frá blaðamannafundi Europol og íslensku og pólsku lögreglunnar í fyrradag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Pissaði óboðinn í hvítu tjaldi

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Héraðsdómi Suðurlands síðasta mánudag dæmdur í 30 daga fangelsi og til greiðslu skaða- og miskabóta vegna líkamsárásar sem átti sér stað á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum árið 2015. Refsingin er bundin skilorði í tvö ár.

Atvik málsins voru að maðurinn fór óboðinn inn í svokallað „hvítt tjald“ til að kasta af sér þvagi. Þegar fólk kom inn í tjaldið brást hann hinn versti við. Skallaði hann einn þeirra og var af þeim sökum dæmdur fyrir líkamsárás.

Maðurinn var dæmdur til að greiða brotaþola 150 þúsund krónur í skaða- og miskabætur. Þá var hann dæmdur til að greiða laun verjanda síns auk málskostnaðar. Sú upphæð nam rúmri milljón króna. **– jóe**

## Forsetinn fær ráðherrakaup

**KJARAMÁL** Kjararáð ákvarðaði á fundi sínum síðasta sunnudag laun dómara sem taka sæti sem landsréttardómarar næstu áramót. Laun forseta réttarins eru sambærileg við laun ráðherra. Mánaðarlaun forsetans, að teknu tilliti til fastrar yfirvinnu verða rétt rúmlega 1,8 milljónir króna. Aðeins munar tæpum 10 þúsund krónum á mánaðarlaunum forseta réttarins og kaupi ráðherra í ríkisstjórn.

Varaforseti réttarins er skipaðskör lægra en forseta en fast mánaðarkaup hans verður 1.735 þúsund krónur. Óbreyttir dómarar við réttinn fá hins vegar tæplega 43 þúsund krónum minna í sinn hlut.**– jóe**

### LEIÐRÉTTING

*Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, var rangfeðraður í blaðinu í gær og sagður Gíslason. Beðist er velvirðingar á þessu.*

# Biskup fær fimmtungs hækkun launa eftir ósk um endurmat

**Mánaðarlaun Agnesar M. Sigurðardóttur biskups hækka um 18 prósent og eru orðin 1.553 þúsund krónur. Hækkunin er afturvirk í eitt ár og fær Agnes því eingreiðslu upp á yfir 3,2 milljónir, 71 prósent af þeirri upphæð sem 517 hælisleitendur fá í jólauppbót. Laun tveggja vígslubiskupa hækka verulega sem og laun presta.**

**KJARAMÁL** Orðið er við ósk Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups þjóðkirkjunnar, með nýjum úrskurði kjararáðs og laun hennar hækkuð. Nemur hækkunin 18 prósentum og fara launin úr um 1.281.981 krónum á mánuði í 1.553.000 krónur.

Launahækkun biskups nemur 271 þúsund krónum á mánuði. Hækkunin er afturvirk til síðustu áramóta og fær Agnes því ríflega 3,2 milljóna króna eingreiðslu. Það eru 70 prósent þeirrar upphæðar sem ríkisstjórnin ákvað í gær að verja af ráðstöfunarfé sínu í jólauppbót til 517 hælisleitenda.

Vígslubiskuparnir tveir, Kristján Valur Ingólfsson í Skálholti og Solveig Lára Guðmundsdóttir á Hólum, hækka einnig umtalsvert í launum. Skálholtsbiskup fer úr 970 þúsund krónum á mánuði í 1.292 þúsund. Hækkunin hjá Kristjáni er 322 þúsund krónur eða 33,3 prósent. Solveig hækkar úr 970 þúsund krónum í 1.196 þúsund á mánuði. Er hækkunin hjá Hólabiskupi 226 þúsund krónur sem er 23,3 prósent. Bæði fá þau afturvirka hækkun í eitt ár og skipta því á milli sín tæplega 6,6 milljóna króna eingreiðslu.

Kjararáð úrskurðaði einnig um kjör presta þjóðkirkjunnar. Laun þeirra eru mishá eftir fjölda sóknarbarna. Þeir sem eru með fæst sóknarbörn hækka um rúmar 66 þúsund krónur og verða með tæp 670 þúsund í mánaðarlaun. Þeir sem flest sóknarbörn hafa fá umtalsvert hærri laun eða 971 þúsund. Getur því munað 300 þúsund krónum á launum presta eftir því hvar þeir eru staðsettir á landinu.

Að því er fram kemur í umfjöllun kjararáðs sendi Agnes M. Sigurðardóttir biskup ráðinu bréf í ágúst 2015 og óskaði eftir því að launakjör biskups yrðu endurmetin „með hliðsjón af ábyrgð og umfangi embættisins“ sem sé „eitt af æðstu embættum landsins“.

Biskup rekur að svokallaðar vísitasíur krefjist ferðalaga um allt land, gjarnan utan hefðbundins vinnutíma. Þá sé biskup fyrirsvarsmaður og talsmaður þjóðkirkjunnar hérlendis jafnt sem erlendis. Því fylgi starfsskyldur við opinbera viðburði og hátíðir – jafnt á vegum ríkisins, kirkjunnar og annarra aðila, hérlendis og erlendis. Biskup hafi verulega stjórnunarábyrgð til viðbótar, meðal annars sem forseti kirkjuráðs. Undir hana heyri starfsfólk biskupsstofu og prestar þjóðkirkjunnar, samtals um 150 manns.

„Að endingu er þess getið í bréfinu að biskup greiði nú húsaleigu fyrir afnot sín af embættisbústað þeim sem honum sé skylt að sitja,“ upplýsir kjararáð en ekki kemur fram hversu há leiguupphæðin er.

„Við ákvörðun launakjara hans er höfð hliðsjón af því hlutverki hans og starfsskyldum samkvæmt lögum og starfsreglum sem og eðli og umfangi starfsins. Þá er einnig tekið mið af því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að gæta,“ segir í úrskurði.

**gar@frettabladid.is**
**johannoli@frettabladid.is**



**Agnes M. Sigurðardóttir, biskup þjóðkirkjunnar á Íslandi, hækkar verulega í launum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


RÍGHELDUR

„Hörkuspennandi flettitryllir ...“
HELGA BIRGISDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Dúndurendir á spennandi þríleik ... Lilja er mjög flinkur glæpasagnahöfundur.“
ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ






LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is
Opið alla virka daga 10–19 | laugardaga 11–19

# Jólagjöfin í ár




50 GB
fylgja með
snjallsímum

## Flottur kaupauki með Galaxy S8 og S8+

Bættu 5.000 kr. við kaupin og fáðu Harman/Kardon Go Play hátalara eða Samsung Gear Fit 2 Pro snjallúr.

**Kíktu á úrvalið í næstu verslun eða á vodafone.is**

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone



Hafa þarf varann á vegna Airbnb í Köben, segja fræðimenn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vara við Airbnb í Kaupinhafn

**DANMÖRK** Íbúar í Kaupmannahöfn geta lent á götunni. Þetta hefur fréttavefurinn Berlingske eftir tveimur fræðimönnum sem hafa verið í Barcelona og kynnt sér afleiðingar skammtímaútleigu íbúða í gegnum leigumiðlanir eins og Airbnb.

**» Fræðimenn segja Kaupmannahafnarbúa geta hrakist burt úr borginni ef þeir eru ekki á verði.**

Í Barcelona er skammtímaútleiga á húsnæði svo arðbær atvinnugrein að erfitt er fyrir almenna borgara að finna húsnæði. Nú geta heldur ekki námsmenn og aðrir með litlar tekjur tekið á leigu húsnæði í miðborg Barcelona eins og áður var hægt.

Fræðimennirnir segja Kaupmannahafnarbúa geta hrakist burt frá borginni ef menn eru ekki á verði. – ibs

## Hvít jól í Kænugarði




Vetur konungur hefur sýnt mátt sinn og megin undanfarna daga í Úkraínu með tilheyrandi veseni. Samgöngur hafa gengið illa og var herinn kallaður út til að moka stræti höfuðborgarinnar. Sú aðgerð verður skammgóður vermir því búist er við því að áfram muni kyngja niður snjó. Þessir íbúar Kænugarðs munu því sennilega þurfa að ýta fleiri bílum næstu daga. Jólin verða því sannarlega hvít í Úkraínu þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Útgáfa landshlutablaða

Óskað er eftir tilboðum í útgáfurétt eftirtalinna landshlutablaða:

- Akureyri vikublað
- Hafnarfjörður og Garðabær
- Kópavogur
- Reykjavík vikublað
- Reykjanes
- Vesturland
- Suðri
- Vestfirðir
- Aldan
- Sleggjan
- Austurland

Ofantaldar eignir eru í eigu þrotabús Pressunnar ehf. Nánari upplýsingar veitir undirritaður.

f.h. þrotabús Pressunnar ehf.
Kristján B. Thorlacius hrl., skiptastjóri
kristjan@fortislogmenn.is



FORTIS
Lögmannsstofa

# Meðlimakortin flækja skilaréttinn í Costco

**Engin lög gilda um rétt neytanda til að skila vörum. Framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna segir samtökin reglulega fá erindi vegna jólagjafa. Ekki hægt að skipta gjöfum úr Costco nema hafa persónuupplýsingar um gefandann.**

**NEYTENDUR** Þeir sem kaupa jólagjafir í Costco geta ekki fengið skiptimiða á gjafirnar, eins og tíðkast í flestum öðrum stórmörkuðum á Íslandi.

Samkvæmt upplýsingum frá versluninni verða þeir sem fá jólagjafir sem keyptar eru í Costco að vera með upplýsingar um kennitölu þess sem keypti gjafirnar og helst vera með meðlimanúmer hans hjá versluninni og kassakvittunina. Gjöfum er skilað gegn endurgreiðslu og ef gjöfin hefur verið greidd með kreditkorti er greitt aftur inn á kortið. Í slíkum tilfellum getur þiggjandinn ekki skilað gjöfinni. Þetta fyrirkomulag er ólíkt því sem gerist og gengur í öðrum stórverslunum þar sem skilamiðar eru jafnan settir á gjafirnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Neytendastofu er ekki lögbundinn skilaréttur á ógallaðri vöru sem keypt er í verslun. „Verslanir og seljendur setja sér sínar viðmiðunarreglur,“ segir Matthildur Sveinsdóttir, sérfræðingur á neytendaréttarsviði Neytendastofu.

Öðru máli gegnir ef vara er keypt á netinu. Samkvæmt lögum um neytendasamninga er gert ráð fyrir að í slíkum tilvikum hafi neytandi 14 daga skilafrest frá því að hann fær vöruna afhenta. „Upphaflega eru þessar reglur settar til að styrkja netverslun og þegar þú pantar vöruna á netinu er ekki hægt að halda á vörunni og ekki hægt að sjá hana. Þá eru meiri líkur á að varan sé ekki í samræmi við það sem þú ætlaðir þér að kaupa,“ segir Matthildur.

Brynhildur Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna, segir samtökin fá reglulega erindi til sín er varða skilarétt á jólagjöfum. Bæði frá verslunum sem vantar upplýsingar um það hvaða lög og reglur gilda, en líka frá neytendum sem finnst skilafresturinn of stuttur.



Fyrirkomulag varðandi skil á vörum er ólíkt því sem gerist og gengur í öðrum stórverslunum þar sem skilamiðar eru jafnan settir á gjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Brynhildur Pétursdóttir.

„Svo framarlega sem seljendur byrja ekki útsölur fyrsta virka dag eftir jól og gefa ágætis frest til að skila vörum þá er þetta í góðu lagi. En útsölur sem byrja strax eftir jól flækja málið. Það er stundum deilt um það hvaða rétt neytandi hefur á að fá upphaflegt verð vörunnar eða hvort hann þurfi að sætta sig við að fá útsöluverðið,“ segir Brynhildur.

Neytendasamtökin gáfu út reglur um síðustu aldamót í samvinnu við Samtök verslunar og þjónustu og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Brynhildur segir inntak þeirra reglna hafa haldið sér.

„Við segjum að neytandi eigi rétt á að fá fullt verð vörunnar á inneignarnótuna þó að útsala sé byrjuð,“ segir Brynhildur. Seljandi getur á móti sett það skilyrði að neytandinn nýti ekki inneignarnótuna á útsölunni heldur einungis eftir hana. jonhakon@frettabladid.is










OPNUNARTÍMI FRAM AÐ JÓLUM
20. - 22. DES 9:00 - 22:00
ÞORLÁKSMESSA 10:00 - 23:00
AÐFANGADAGUR 10:00 - 14:00

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Garðabær neitar að taka við Álftanesvegi nema með fjárframlagi

**STJÓRNSÝSLA** Bæjarráð Garðabæjar hefur falið Gunnari Einarssyni bæjarstjóra að „mótmæla einhliða ákvörðun Vegagerðarinnar um yfirfærslu á veghaldi Álftanesvegar“.

Vegagerðin vísar til ákvæða vegalaga þar sem fjallað er um sameiningu sveitarfélaga. „Þegar sameining sveitarfélaga hefur þau áhrif að vegur færist úr flokki stofnvega í flokk sveitarfélagsvega skuli Vegagerðin halda veginum í að hámarki fimm ár frá sameiningu. Að þeim tíma loknum skal vegurinn afhentur sveitarfélaginu að fullu,“ segir í bréfi Vegagerðarinnar til Garðabæjar.

> **Garðabær annast að fullu og ber ábyrgð á veghaldi Álftanesvegar frá 1. janúar 2018.**
>
> Úr bréfi Vegagerðarinnar til Garðabæjar

Eins og kunnugt er sameinuðust Garðabær og Álftanes eftir íbúakosningar haustið 2012 og tók sameiningin gildi 1. janúar 2013.

„Því er ljóst að Vegagerðin hefur ekki heimild til að halda veginum við lengur en til næstkomandi áramóta,“ segir Vegagerðin. „Garðabær annast að fullu og ber ábyrgð á veghaldi Álftanesvegar frá 1. janúar 2018.“ Um sé að ræða 4,1 kílómetra langan vegkafla með tveimur hringtorgum frá Hafnarfjarðarvegi að Bessastaðavegi.

Vegagerðin óskar eftir fundi með Garðbæingum sem fyrst til að ræða nánar málefni vetrarþjónustu og viðhald Álftanesvegarins. Bæjarráðið bendir hins vegar á að yfirfærsla vegarins eigi að gerast á grundvelli samnings milli aðila. Meðal annars þurfi að tryggja fjármagn til sveitarfélagsins vegna breytingarinnar. **– gar**

# Telur alvarlegt að ráðherrann brjóti lög

**Jóhannes Rúnar Jóhannsson hæstaréttarlögmaður segir niðurstöðu Hæstaréttar í Landsdómsmálinu afdráttarlausa. Dómsmálaráðherra hafi brotið lög og það hljóti að vera alvarlegt mál. Sigríður Á. Andersen kveðst ósammála dómnum en boðar nýjar reglur í ráðuneytinu.**


Sigríður Á. Andersen kveðst standa með ákvörðun sinni og er ósammála niðurstöðu Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**DÓMSMÁL** „Niðurstaðan er fengin, hún er skýr og afdráttarlaus. Dómsmálaráðherra braut gegn lögum,“ segir Jóhannes Rúnar Jóhannsson, umsækjandi um dómarastöðu í Landsrétti. Hæstiréttur dæmdi honum og Ástráði Haraldssyni hvorum 700 þúsund krónur í miskabætur vegna ákvörðunar Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra um að sniðganga þá við skipan dómara. Hæstiréttur telur málsmeðferð ráðherra hafa brotið gegn 10. grein stjórnsýslulaga.

Jóhannes og Ástráður voru meðal 33 umsækjanda um embætti dómara við Landsrétt og meðal þeirra fimmtán sem dómnefnd mat hæfasta. Ráðherra gerði hins vegar fjórar breytingar á lista nefndarinnar og sniðgekk þannig meðal annarra Jóhannes og Ástráð sem stefndu ríkinu. Kröfðust þeir ógildingar á ákvörðun ráðherra, viðurkenningar á skaðabótaskyldu og miskabóta.

Hæstiréttur hafði áður vísað frá dómi aðalkröfum þeirra um ógildingu þannig að eftir stóðu kröfur þeirra um bótaskyldu og miskabætur. Hæstiréttur taldi Jóhannes Rúnar og Ástráð ekki hafa lagt fram fullnægjandi gögn til sönnunar því að þeir hefðu orðið fyrir tjóni vegna ákvörðunar ráðherra og var viðurkenningarkröfu þeirra hafnað.

Hins vegar var fallist á miskabótakröfur þeirra og þeim dæmdar 700 þúsund krónur í bætur. Hæstiréttur telur að Sigríði hafi mátt vera ljóst að gjörðir hennar gætu bitnað á orðspori mannanna og orðið þeim að meini.

Íslenska ríkið þarf líka að greiða málskostnað tvímenninganna sem nam einni milljón króna hjá hvorum.

Jóhannes kveðst sáttur við niðurstöðuna.

„Það hlýtur að vera alvarlegt þegar dómsmálaráðherra brýtur lög með þessum hætti í jafnmikilvægu máli. Það er sérstaklega tekið fram í dómnum að embættið heyrir ekki undir boðvald ráðherrans og því ástæða til að fara enn varlegar en ella.“

> **Það hlýtur að vera alvarlegt þegar dómsmálaráðherra brýtur lög með þessum hætti í jafnmikilvægu máli.**
>
> Jóhannes Rúnar Jóhannsson hæstaréttarlögmaður



Jóhannes segir málið aldrei hafa snúist um peninga heldur að fá efnislega umfjöllun dómstóla um málsmeðferð og ákvörðun ráðherra og Alþingis.

Sigríður kveðst fegin að málinu sé nú lokið áður en Landsréttur tekur til starfa. Hún mun bregðast við niðurstöðunni með því að setja reglur innan ráðuneytisins sem taka á því þegar ráðherra hyggst leggja fyrir Alþingi aðrar tillögur en þær sem hæfisnefnd leggur til við skipun dómara, líkt og honum er heimilt að gera samkvæmt lögum.

„Það mun ekki breytast. Þetta kallar hins vegar á endurskoðun á fyrirkomulaginu við skipan dómara.“

Sigríður kveðst ósammála dómnum um að hún hafi brotið stjórnsýslulög.

„Mér er fullkunnugt um reglur stjórnsýsluréttarins. En ég ætla ekki að deila við dómarana. Þetta kallar á breyttar reglur, breytta framkvæmd og er sjálfsagt að bregðast þannig við þessari niðurstöðu. Ég er ekki fyrsti ráðherrann og örugglega ekki síðasti sem er aðili að máli þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að reglur hafi verið brotnar. Ég stend með þessari ákvörðun minni alveg eins og Alþingi hefur gert og hefur verið staðfest af Hæstarétti sem vísaði frá kröfu um ógildingu á þessari skipun. Það stendur.“ **mikael@frettabladid.is**

## Reyndi að smygla efnum á Litla-Hraun

**DÓMSMÁL** Karlmaður var fyrir helgi dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að reyna að smygla fíkniefnum inn á Litla-Hraun. Refsingin er bundin skilorði til tveggja ára.

Brot mannsins, sem hann játaði fyrir dómi, átti sér stað 1. ágúst á þessu ári. Maðurinn ætlaði að heimsækja fanga sem vistaður var í fangelsinu. Við skoðun fyrir heimsókn fundust í nærbuxum hans 298 einingar af LSD, 42 töflur sem innihéldu búprenorfín og 13 töflur sem innihéldu metýlfenidat.

Auk refsingarinnar var maðurinn, sem ekki hefur áður gerst brotlegur við lög, dæmdur til að sæta upptöku á efnunum og til að greiða allan sakarkostnað. Hann nam 250 þúsund krónum. **– jóe**

# Of seint í rassinn gripið segir oddviti um undirskriftir

**ÞÓRSHÖFN** „Þetta er ákvörðun sem á að taka með faglegum rökum en ekki með pólitík,“ segir Siggeir Stefánsson, fulltrúi minnihluta U-listans í sveitarstjórn Langanesbyggðar, sem lagt hefur fram lista með nöfnum 30 prósenta kjörbærra íbúa í sveitarfélaginu með áskorun um að kosið verði um staðsetningu nýs leikskóla.

„Greinilegt er að íbúar vilja taka þátt í ákvörðuninni um staðsetningu nýs leikskóla og hefðu íbúar Langanesbyggðar þá möguleika á að koma sínum skoðunum á framfæri,“ segir í bókun U-listans í málinu.


Grunnskólinn er norðarlega en leikskólinn meira miðsvæðis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Húsnæði núverandi leikskóla á Þórshöfn er illa farið og eining um að nýtt húsnæði þurfi. Meirihluti N-lista og L-lista vilja byggja við núverandi húsnæði nærri heilsugæslunni en fulltrúar U-listans vilja byggja nýjan leikskóla áfastan við Grunnskóla Þórshafnar. Þeir vitna til ráðgjafar Ingvars Sigurgeirssonar, prófessors við kennaradeild Háskóla Íslands.

Ingvar hafði áður stutt að leikskólinn yrði byggður við grunnskólann og sagt fyrir því bæði fagleg og rekstrarleg rök. Hann kveðst í umsögn hafa í aðdraganda íbúafundar um málið gert könnun á því hvernig samskipan leikskóla og grunnskóla hefur gengið annars staðar og fengið svör frá níu skólastjórum. Niðurstaðan hafi verið sú að kostir væru miklu fleiri en gallar.

„Fyrir lítið sveitarfélag er afar skynsamlegt, bæði af rekstrarlegum og faglegum ástæðum, að hafa leik- og grunnskóla í sömu byggingu, sé þess nokkur kostur. Margt bendir líka til þess að virðisaukinn af þessu fyrirkomulagi sé mestur þegar bæði stigin lúta sömu stjórn,“ segir í umsögn Ingvars. Það er afar miður að meirihluti sveitarstjórnar vilji ekki skipta um skoðun.

„Við fögnum öllum góðum áskorunum en þetta er fullt seint í rassinn gripið því þetta verk er komið á framkvæmdastig,“ segir Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti. Fyrsta skóflustunga hafi verið tekin fyrr í þessum mánuði og verið sé að undirbúa útboð á verkinu. „Það var ekki farið eftir lögum og reglum við þessa undirskriftasöfnun þannig að hún er í raun ómarktækt plagg. Undirskriftalistarnir hafa þess utan ekki verið afhentir mér vitanlega.“ **gar@frettabladid.is**


Meira
sælkera
Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip
Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.
Rósakál 500 g
Brakandi ferskt rósakál
249 kr/pk
Sætar kartöflur
Ómissandi með kalkúninum
349 kr/kg
Argentína kalkúnafylling
Tilbúin gæða fylling
1.399 kr/pk
24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni
HAGKAUP
Meira svona alla daga

## Flóttamenn í stað Pólverja

**DANMÖRK** Flóttamenn og aðrir einstaklingar frá löndum utan Evrópusambandsins ganga nú í meiri mæli í störf Pólverja og annarra Austur-Evrópumanna sem haldið hafa heim frá Danmörku. Samtímis ríkir ágreiningur milli stjórnvalda og Danska þjóðarflokksins um hvort senda eigi flóttamenn úr landi.

Hagfræðingar benda á að danski vinnumarkaðurinn sé háður erlendu vinnuafli. **– ibs**

## Hótel með 446 herbergjum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Borgaryfirvöld hafa nú til meðferðar fyrirspurn um það hvort leyft yrði að byggja 446 herbergja hótel á Hlíðarenda undir Öskjuhlíð. Samkvæmt fundargerð skipulagsfulltrúa yrði húsið kjallari og fjórar hæðir og herbergjahlutinn gerður úr tilbúnum einingum. Ekki kemur fram hver umsækjandinn er en eigandi lóðarinnar sem um ræðir, Hlíðarenda 16, er félagið O1 ehf. **– gar**



**Norðmenn ferðast langar leiðir til að kaupa kjöt í Svíþjóð.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Senda rútur á eftir kúnnunum

**NOREGUR** Kaupmenn í Svíþjóð við landamæri Noregs senda rútur til nágrannalandsins eftir norskum viðskiptavinum. Samkvæmt norskum tollayfirvöldum freistast margir Norðmenn til að koma með of mikið af kjöti heim en það er einkum sú vara sem freistar þeirra. Sænska ríkisútvarpið hefur það eftir Norðmanni að kílóið af rifjasteik, sem gjarnan er á borðum Norðmanna um jólin, kosti um 200 norskar krónur í Noregi. Í Svíþjóð sé kílóið á 29 krónur.

Tugir sænskra langferðabifreiða sækja Norðmenn í hverri viku til að þeir geti verslað í Svíþjóð. Norðmenn mega taka með sér 10 kg af kjöti yfir landamærin. Þeir kaupa hins vegar oft miklu meira og dæmi eru um að norski tollurinn hafi lagt hald á eitt tonn af kjöti í einni rútunni.

Sjálfir fara Svíar með langferðabifreiðum til Þýskalands til að kaupa ódýrt áfengi. **– ibs**



**Björn hefur rýnt í skákir Alpha Zero og hrifist af, sérstaklega af hinum stórfenglega 21. Bg5!! sem sést á stöðumyndinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Skákheimurinn dolfallinn eftir vaska framgöngu Alpha Zero

Skákforrit sem byggir á gervigreind á vegum Google hefur sett skákheiminn á hliðina. Forritið lærði skák af sjálfsdáðum. Alpha Zero tefldi hundrað skákir við öflugasta skákforrit heims án þess að tapa. Alþjóðlegi meistarinn Björn Þorfinnsson segir að Magnús Carlsen ætti ekki minnsta möguleika gegn Alpha Zero.

**HUGVIT** „Út frá sjónarhorni mínu sem skákmaður þá er þetta einhver ótrúlegasti viðburður sem ég hef séð í skáksögunni,“ segir alþjóðlegi skákmeistarinn Björn Þorfinnsson um skákforrit Google, Alpha Zero. Segja má að forritið hafi pakkað saman einu öflugasta skákforriti heims, Stockfish 8. Forritunum var att saman í 100 skákum, þar sem Stockfish vann ekki eina einustu skák. Alpha Zero vann 28 skákir en 72 lyktaði með jafntefli.

Björn segir að viðburðurinn sé á allra vörum í skákheiminum, bæði hérlendis og ytra. Hann segir að þetta hafi komið mönnum í opna skjöldu en 5. desember birti Google, án fyrirvara, skýrslu um Alpha Zero, þar sem einvígi þessara véla var krufið. „Þetta er dagurinn sem allt breytist,“ segir Björn og hlær.

Það magnaðasta við AlphaZero er að forritið er sjálfnuma. Skaparar þess kenndu því mannganginn en afganginn lærði það með að tefla við sjálft sig.

Að sögn Björns reiknar Stockfish út 70 milljón niðurstöður á sekúndu en Alpha Zero „ekki nema“ 80 þúsund á sama tíma. Munurinn sé hins vegar sá að Stockfish eyði tíma í að reikna

**28**

**skákir vann AlphaZero í 100 skáka einvígi við Stockfish.**

**» AlphaZero reiknar út mun færri niðurstöður fyrir hvern einasta leik en hefðbundið skákforrit.**

út niðurstöður allra leikja, líka þeirra sem engu skili. „Þegar ég tefli fæ ég hugmyndir um þrjá til fjóra leiki og reyni svo að velja þann sem leiðir til bestu niðurstöðunnar. Alpha Zero beitir svipaðri aðferðafræði og eyðir bara kröftum sínum í það sem máli skiptir. Aðferðin er í senn skilvirkari og mannlegri,“ segir hann en bætir við að forritið finni inn á milli leiki sem stórmeistara myndi aldrei detta í hug.

Dæmi um slíkan leik sé að finna í fimmtu skákinni milli tölvuforritanna þar sem Alpha Zero leiki biskupi beint í dauðann í leik númer 21. „Þar er um að ræða stöðu sem sterkustu tölvur hafa verið látnar reikna út. Þær skilja ekki leikinn. Ekki nokkrum lifandi manni myndi detta í hug að tefla á þennan hátt,“ segir Björn. Smám saman leiði skákin þó hugsunina að baki leiknum í ljós. Hann segir að einhver hafi komist þannig að orði að Alpha Zero léki eins og geimvera.

Um hríð hefur skákheimurinn að sögn Björns litið svo á að ákveðinni fullkomnun hafi verið náð á sviði skákforrita. Geta forritanna hafi nánast verið stöðnuð og enginn hafi séð fyrir sér að bylting gæti átt sér stað. „Þetta eru glæsilegar skákir. Menn héldu að það væri ekki hægt að vinna tölvu svona. Venjulega, ef þú missir peð gegn ofurtölvu, þá geturðu nánast bókað tap. En Alpha Zero vinnur með því að fórna peðum og jafnvel riddurum og biskupum miskunnarlaust. Rauði þráðurinn er sá að Alpa-Zero reynir að hefta virkni manna andstæðingsins og tekst það yfirleitt á ótrúlegan hátt,“ útskýrir Björn. Það sé því miklu skemmtilegra að fylgjast með Alpa Zero tefla en hefðbundnum skákforritum. „Það eru allir alveg dolfallnir yfir þessu.“

Skákin hefur að sögn Björns lengi verið prófsteinn á gervigreind. Um skák gildi fastmótaðar reglur en mannlegt innsæi þurfi til að ná árangri. Þess vegna hafi skákin lengi verið „hið heilaga gral í gervigreind“. Hann segir að í kjölfar þessarar uppgötvunar séu menn farnir að spá því að tæknina megi nota til þess að leysa mikilvægari mál, til dæmis uppgötva nýjar stjórnur eða leita að lækningum við sjúkdómum.

Björn tekur undir þau sjónarmið sem heyrst hafa að Google hafi sennilega engan áhuga á að búa til skákforrit heldur noti skákina til þess að hrifsa til sín frumkvæðið í gervigreindarkapphlaupi stórfyrirtækja. Hann segir það hins vegar ekki draga úr gildi þessa einvígis, sem skákheiminum allur hafi hrifist af. „Maður er búinn að dást að afrekum Magnúsar Carlsen [ríkjandi heimsmeistara í skák, innsk. blm.] í rúman áratug en þetta óvænta útspil Google er eiginlega stærra en það.“ Aðspurður hvernig Carlsen myndi farnast gegn Alpha Zero þá er svarið afdráttarlaust: „Alpha Zero myndi rústa Magnúsi Carlsen, líklega 100-0.“

baldurg@frettabladid.is

# Skilur vel að hleðslustæðin freisti

**RAFBÍLAR** „Á meðan rafbílaeigendur eru ekki í vandræðum með að fá hleðslu þá horfum við fram hjá þessu,“ segir Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA. Í Facebookhópnum Rafbílar VFÍ hafa reglulega verið birtar myndir af bensínbílum sem lagt hefur verið í stæði sem ætluð eru þeim sem þurfa að hlaða rafbíla. Einnig hafa birst myndir þar sem rafbílaeigendur leggja í stæðin án þess að hlaða. Á það er bent að stæðin við hleðslustöðvarnar séu ekki langtímastæði fyrir rafbíla.

Nokkrar myndir hafa verið birtar af stæðum við IKEA, en við verslunina eru 50 hleðslustöðvar fyrir viðskiptavini – og raunar önnur tíu fyrir starfsfólk. Á meðfylgjandi myndum má sjá bensín- og dísilbíla í stæðunum sem auðkennd eru með grænum lit. Þórarinn hefur orðið var við umræðuna en segist ekki fá kvartanir á sitt borð. „Menn geta alveg sleppt því að móðgast fyrir mína hönd. Það er skortur á stæðum á svæðinu og sá dagur er enn ekki runninn upp að öll hleðslustæðin séu nýtt,“ segir hann.

Framkvæmdastjórinn hefur því skilning á því að hleðslustæðin, sem séu mjög nálægt innganginum, geti freistað viðskiptavina þegar kalt er í veðri. „Þetta minnir pínulítið á hvernig fólk hagaði sér einu sinni gagnvart stæðum fyrir fatlaða,“ segir hann. Í því samhengi tekur hann fram að við IKEA sé að finna sérstakt stæði fyrir fatlaða rafbílaeigendur. „Það er svolítið sárt að sjá menn misnota það.“ **– bg**




**Mikið er um að hleðslustæði fyrir rafbíla séu notuð af bílum sem ekki þurfa á hleðslu að halda. Hér eru fjórir slíkir bílar.** MYND/RAGNAR EYÞÓRSSON







# FULLKOMIÐ Í HVERT SKIPTI

Sous Vide byggir á að hráefnið sé eldað í vatnsbaði í lofttæmdum umbúðum. Það er hægeldað við hárnákvæmt hitastig og skilar alltaf jafnri eldun. ANOVA tækin eru hér í afgerandi forystu og enginn fær jafn lofsamlega dóma frá bæði fagfólki og áhugamönnum. ANOVA appið býður upp á rúmlega 1000 uppskriftir og kennslumyndbönd og það er því á allra færi að elda eins og sannur fagmaður með ANOVA.

**FÆST Í ELKO**









**SOUS VIDE**

- Stafrænt viðmót og dælir 8L á mínútu
- Eingöngu gert fyrir Bluetooth 4.0 LE
- 800W og hentar fyrir 7-8 manns
- Stillanlegur hiti á bilinu 25-99°C
- Gert fyrir bæði Android og iOS app

A22220VEU

**19.995**

**SOUS VIDE**

- Stafrænt viðmót og dælir 8L á mín
- Bluetooth 4.0 LE og WiFi tenging
- 900W og hentar fyrir 10-12 manns
- Stillanlegur hiti á bilinu 25-99°C
- Gert fyrir bæði Android og iOS app

A32220VEU

**23.995**

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-ELKO.IS

# Eru samborgarar kvenna en ekki herrar

**ALÞINGI** Guðmundur Andri Thorsson, þingmaður Samfylkingar, segir framkomu karla í garð kvenna geta orðið karlþjóðinni áþján. „Við erum feður, afar, bræður, synir, frændur, vinir og samborgarar kvenna, en ekki herrar,“ sagði Guðmundur Andri í ræðu sinni.

Hann beindi orðum sínum að karlmönnum um að taka af skarið. Frásögur kvenna og umræðan sem fylgir lýsi upp skúmaskot þar sem skálkaskjól hrynji. „Ofbeldi karla á hendur konum sem lýsir sér með alls kyns hætti en eitrar líf allra sem í kringum það eru. Birtingarmyndirnar eru með ýmsu móti en allar eiga þessar frásagnir það sammerkt að þar er einstaklingur í valdastöðu, karlkyns, sem ræðst að valdaminni einstaklingi, konu, með orðum eða athöfnum,“ bætti Guðmundur Andri Thorsson við.

Helgi Hrafn Gunnarsson tók í sama streng og sagði ábyrgðina vera karla og þeir þurfi að axla þessa ábyrgð. „Magnið af þeim tilvikum sem henda konur er svo algerlega sturlað að það er ekkert minna en eitthvað djúpt, eitthvað sjúkt, í menningu okkar sem ég held að sé mjög rótgróið, mjög gamalt,“ sagði Helgi Hrafn. **– sa**



**Við lestur frásagna kvenna í Borgarleikhúsinu 10. desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Þingheimur á einu máli um að karlar þurfi að standa upp og axla ábyrgðina

Umræða um kvenfrelsisbyltinguna #metoo, í skugga valdsins, fór fram á þingi í gær. Þingheimur sammæltist allur um að karlmenn þyrftu að axla ábyrgð. Þingmaður Miðflokksins líkti sögum kvenna við hrollvekju og dáðist að hugrekki þeirra.

**ALÞINGI** „Hver er raunveruleg staða kvenna í samfélagi sem sættir sig við jafn víðfeðmt kynbundið ofbeldi eins og kemur fram í þessum fjölmörgu frásögnum? Hversu margar konur hafa jafnvel hrökklast frá vinnustöðum sínum, verið haldið niðri og sagt að þegja,“ spurði Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, upphafsmaður sérstakrar umræðu á þingi um kvenfrelsisbyltinguna #metoo, sem tröllriðið hefur hinum vestræna heimi undanfarnar vikur.

Konur í stjórnmálum stigu fram fyrir um mánuði og sögðu frá kynbundnu ofbeldi í sinn garð. Síðustu þrjár vikur hafa ellefu hópar til viðbótar stigið fram með svipaðar sögur. Samkvæmt Jafnréttisstofu hafa 4.609 konur skrifað undir yfirlýsingar þar sem kynbundnu ofbeldi og áreitni er mótmælt. Að auki hafa fylgt þessum yfirlýsingum 616 frásagnir af slíku ofbeldi. Fleiri hópar eru að undirbúa sams konar aðgerðir.

Til andsvara var dómsmálaráðherra, Sigríður Á. Andersen. Sagði hún umræðuna afar þarfa og að ríkisstjórnin ætli að vinna að fjölda mála til að efla kvenfrelsi svo kynbundið ofbeldi myndi minnka.

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, segir hafa verið hrollvekjandi að fylgjast með og að sjá koma fram í dagsljósið svo margar óhugnanlegar sögur kvenna og ofbeldi í þeirra garð. „Það hefur verið hrollvekju líkast að heyra frásagnir kvenna og fá vitneskju um kynferðislegt ofbeldi gagnvart svo mörgum konum að það er nánast óhugsandi. Ég dái hugrekki þeirra og hreinskilni,“ sagði Þorsteinn. „Þær eru lýsingar á mannfyrirlitningu og ofbeldishneigð og birta mynd af ástandi sem er óverjandi og öllum karlmönnum til skammar.“

Andrés Ingi Jónsson var annar þingmaður VG sem tók þátt í umræðunum og sagði þingið verða að taka sig á. „Nú stendur það upp á okkur að breyta samfélaginu til hins betra,“ sagði Andrés Ingi. „Við skulum fagna því að #metoo hafi kveikt umræðuna og gert okkur öll að femínistum. Nú skulum við öll halda áfram að vera femínistar og skila af okkur raunverulega bættu samfélagi. **sveinn@frettabladid.is**

**616**

**Frásagnir hafa birst opinberlega af ofbeldi karla í garð kvenna.**

**4.609**

**Konur hafa skrifað undir yfirlýsingar og mótmælt kynbundnu ofbeldi.**



**„Við þurfum á því að halda að karlar standi upp og láti vita að þetta sé ekki í lagi, þetta eigi ekki að líðast, þetta gangi ekki lengur,“ sagði Albertína Friðbjörg Elíasdóttir í upphafsræðu sinni á þingi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**„Til mín er beint nokkrum spurningum sem ég ætla að reyna að svara á þeim stutta tíma sem mér gefst til þess. Hér er til að mynda spurt hvort umfang vandans hafi verið metið sérstaklega í íslensku samfélagi. Ég get svarað því fljótt: Nei, það hefur ekki verið metið heildstætt. Ég er ekki viss um að hægt sé að meta þennan vanda með fullri vissu,“ sagði Sigríður Andersen.**

## Árið 2017 sögulegt



Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar, segir árið sem nú er senn á enda fara í annála sem árið þar sem konur rufu þögnina um kynferðislegt ofbeldi, áreitni og valdbeitingu. Þegar konur stigu fram lyftu þær grettistaki og gáfu tóninn á þann hátt að við getum ekki annað en haldið áfram þeirri vegferð að bættri menningu og meiri virðingu í samskiptum kynjanna. Einnig sagði hún ofbeldi vera ofbeldi, sama hvernig á það er litið.

„Í fyrsta lagi er það tómt mál að tala um að við Íslendingar búum í velferðarsamfélagi þegar það er hluti af veruleika kvenna og til þessa hluti af viðurkenndum veruleika kvenna að upplifa ofbeldi í leik og starfi. Auðvitað er kynbundið ofbeldi ekkert annað en ofbeldi. Það er engin ástæða til að setja annan merkimiða á það, einhvern merkimiða sem ætlað er að draga úr alvarleikanum og afleiðingunum, ætlað að hjúpa gjörninginn einhverju glensi, einhverri stemningu. Það er bara nóg komið,“ sagði Hanna Katrín.






## Kallar eftir aðgerðum

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingkona VG, sagði viðbrögð þurfa að vera sterkari við þessari byltingu og minntist hún sérstaklega á stjórnarmenn leikhúsanna og Ríkisútvarpsins í ræðu sinni.

„Ég auglýsi eftir raunverulegum og skýrum viðbrögðum, bæði einkaaðila og opinberra stofnana, við þeim frásögnum sem komið hafa fram. Það er ekki nóg að segjast ætla að vera með viðbrögð og skoða og rýna og kanna og kynna, heldur þarf að koma fram með viðbrögð með áþreifanlegum hætti. Þar þarf ríkisstjórn Íslands að vera í fararbroddi með skýr skilaboð og enn skýrari aðgerðir á öllum sviðum,“ sagði Rósa Björk.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Opnunartími
## fram að jólum

| | | |
|---|---|---|
| 20. des. | **11:00-19:00** | Miðvikudagur |
| 21. des. | **10:00-20:00** | Fimmtudagur |
| 22. des. | **10:00-21:00** | Föstudagur |
| 23. des. | **10:00-22:00** | Þorláksmessa |
| 24. des. | **10:00-14:00** | Aðfangadagur |

# Gjafakort Bónus

**VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS**






**Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla**

**Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus**

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

# Mjótt á munum og korter í kosningar

**Ef spár El País ganga eftir fá aðskilnaðarsinnar eins manns meirihluta á katalónska þinginu. Boðað var til kosninga eftir að forsætisráðherra Spánar leysti upp héraðsþingið vegna sjálfstæðisyfirlýsingar. Aðskilnaðarsinnar skjóta föstum skotum hverjir á aðra í baráttunni.**

**SPÁNN** Síðasti dagur kosningabaráttunnar í Katalóníu var í gær en kosið er til héraðsþings á morgun. Búist er við því að kosningarnar verði æsispennandi.

Samkvæmt meðaltali skoðanakannana sem El País tekur saman er búist við því að Vinstri-Repúblikanar (ERC) fái flest sæti, 33 talsins af 135. Borgaraflokkurinn mælist næststærstur og spáir El País honum 32 þingsætum. Flokkur fyrrverandi héraðsforsetans Carles Puigdemont, JxCat, má búast við 27 þingsætum. Þá mælist Sósíalistaflokkurinn með 20 þingsæti. Aðrir flokkar fá færri en tíu sæti samkvæmt El Pais.

Ef spár El País reynast réttar verða aðskilnaðarsinnar með nauman meirihluta á þinginu. Alls yrðu þeir þrír flokkar sem styðja sjálfstæði með 68 þingmenn á móti 67 þingmönnum annarra flokka. Munurinn gæti ekki verið minni.

Boðað var til kosninga í októberlok. Hafði Katalónía þá lýst yfir sjálfstæði eftir kosningar sem spænskir dómstólar úrskurðuðu ólöglegar. Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, rak héraðsstjórnina í kjölfar yfirlýsingarinnar, leysti upp þingið og boðaði til nýrra kosninga í von um að draga úr sjálfstæðisbaráttunni.

Kosningabaráttan nú hefur mikið til snúist um sjálfstæðisspurninguna. Hefur hún verið sérstök fyrir




**„Puigdemont, okkar forseti,“ stendur á þessu plakati í Barcelona, höfuðborg Katalóníu. Gengið verður til kosninga á morgun og er mjótt á munum á milli aðskilnaðarsinna og sambandssinna í spænska héraðinu.** NORDICPHOTOS/AFP

þær sakir að Oriol Junqueras, formaður ERC, er í fangelsi á Spáni og fyrrnefndur Puigdemont er í sjálfskipaðri útlegð í Belgíu. Báðir hafa þeir verið sakaðir um uppreisn gegn spænska ríkinu og gætu átt yfir höfði sér fangelsisdóma.

Alls hafa 13 aðskilnaðarsinnar úr katalónskum stjórnmálum verið sakaðir um slík brot. Í viðtali við Radio Catalunya í gær sagðist Puigdemont viss um að Katalónar myndu ekki lögfesta „aftöku“ ríkisstjórnarinnar. Spáði hann því að niðurstöður kosninganna myndu sýna að aðferðir Rajoy hefðu ekki borið árangur.

„Ef aðskilnaðarsinnar vinna kosningarnar og Spánverjar neita samt að fella ákærur sýnar niður sýnir það vanvirðingu þeirra fyrir

> Ef aðskilnaðarsinnar vinna kosningarnar og Spánverjar neita samt að fella ákærur sínar niður sýnir það vanvirðingu þeirra fyrir lýðræðinu.
>
> Carles Puigdemont, formaður JxCat



lýðræðinu,“ sagði Puigdemont enn fremur.

Hin skörpu skil á milli aðskilnaðar- og sambandssinna sáust vel í kappræðum mánudagskvöldsins. Sagði Inés Arrimadas, úr sambandssinnuðum Borgaraflokki, að aðskilnaðarsinnarnir ættu að koma sér út úr „lýðveldisbúbblu“ sinni. „Aðskilnaðarsinnar hafa eyðilagt Katalóníu,“ sagði Arrimadas.

En það er þó ekki bara skotið á milli fylkinga. Átökin eru einnig á milli flokka innan sömu fylkingar. Þannig skaut Junqueras á Puigdemont í gær vegna flótta hins síðarnefnda til Belgíu. „Ég er í fangelsi til þess að taka afleiðingum gjörða minna. Ég flý þær ekki.“ **thorgnyr@frettabladid.is**




# Hútar skutu eldflaugum á Sádi-Arabíu

**SÁDI-ARABÍA** Hernaðarbandalagið sem Sádi-Arabar eru í forsvari fyrir gegn Hútum, uppreisnarmönnum í Jemen, skaut niður eldflaug sem stefndi á Riyadh, höfuðborg Sádi-Arabíu, í gær. Frá þessu greindu ríkismiðlar þar í landi. Engan sakaði en sjá mátti fjölda mynda af reykjarmekkinum á samfélagsmiðlum.

Eldflaugin stefndi á fund sádi-arabískra leiðtoga í al-Yamama-höll, að því er sjónvarpsstöð Húta, al-Masirah TV, greindi frá. Á meðal þeirra sem sóttu fundinn var krónprinsinn Mohammed bin Salman en í al-Yamama eru skrifstofur konungsfjölskyldunnar.

Um var að ræða eldflaug af gerðinni Burkan-2 og sagði sjónvarpsstöðin frá því að skotið væri „svar við svívirðilegum glæpum sem Bandaríkjamenn og Sádi-Arabar hafa framið í Jemen“.

Talsmaður ríkisstjórnar Sádi-Arabíu sagði eftir árásina að hún sannaði áframhaldandi stuðning íranskra stjórnvalda við Húta. Sá stuðningur bryti gegn samþykktum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og ógnaði stöðugleika og friði á svæðinu.

Íranar og Sádi-Arabar eiga í eins konar köldu stríði. Borgarastyrjöldin í Jemen er talin leppstríð þar



**Hart hefur verið barist í Jemen undanfarin tvö ár.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

sem Sádi-Arabar og bandamenn þeirra berjast við Húta sem njóta stuðnings íranskra stjórnvalda. Íranar hafa þó neitað því að þeir sjái Hútum fyrir vopnum.

Aðgerðir hernaðarbandalagsins gegn vopnasmygli til Jemens voru hertar eftir svipað eldflaugaskot þann 4. nóvember síðastliðinn. Sameinuðu þjóðirnar hafa þó varað við aðgerðunum þar sem þær hamla matvælaflutningum til landsins. Jemen er nefnilega á barmi hungursneyðar sem gæti orðið sú mesta og alvarlegasta í heiminum í áratugaraðir.

Að minnsta kosti 8.670 hafa látið lífið frá því borgarastyrjöldin hófst árið 2015 og 49.960 hafa særst samkvæmt SÞ. **– þea**

# Fagnar mestu hækkun í sögu Dow Jones-vísitölunnar

**BANDARÍKIN** Dow Jones-hlutabréfavísitalan hefur hækkað um 5.000 stig á einu ári í fyrsta skipti í 121 árs sögu vísitölunnar. Þessu fagnaði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, innilega á Twitter í gær.

„Dow hækkar um 5.000 stig á sama ári í fyrsta skipti í sögunni. Gerum Bandaríkin stórkostleg á ný,“ tísti Trump, í hástöfum þó. Sagði hann jafnframt að virði hlutabréfa myndi halda áfram að aukast eftir að skattalagafrumvarp hans verður samþykkt.

„Mesta skattalækkun og umbætur SÖGUNNAR. Njótið, og skapið



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.** NORDICPHOTOS/GETTY

**5.000**

**stiga hækkun, rúmlega, hefur verið á Dow Jones á árinu.**

fjölda gullfallegra starfa,“ hélt forsetinn áfram.

Á mánudag hafði vísitalan aldrei verið hærri og var það í sjötugasta skipti á árinu sem það met er slegið. **– þea**

# Hittu í mark á aðfangadagskvöld

## Fallegar hönnunarvörur á frábæru verði



Eames DSR
Tilboðsverð 34.900 kr.
verð áður 45.900 kr.
Charles & Ray Eames, 1950

ÍSLENSKA/SIA.IS PEN 86886 12/17



Ball Clock
Tilboðsverð 29.900 kr.
verð áður 37.900 kr.
George Nelson, 1948-1960



Uten.Silo
Tilboðsverð frá 29.900 kr.
verð áður frá 37.900 kr.
Dorothee Becker, 1969



Wooden Doll
Tilboðsverð 9.900 kr.
verð áður 12.900 kr.
Alexander Girard, 1952



Eames House Bird
Tilboðsverð 16.900 kr.
verð áður 19.900 kr.



Hang it all
Tilboðsverð 29.900 kr.
verð áður 36.900 kr.
Charles & Ray Eames, 1953



Rotary Tray
Tilboðsverð 5.490 kr.
verð áður 6.364 kr.
Jasper Morrison, 2014

Tilboð gilda til 23. desember 2017

vitra.

Opið virka daga 8:00–18:00
Laugardag 23. desember 11:00–17:00

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Penninn
Húsgögn

# Tímaskekkja



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það er einhver grundvallarvitleysa í tilveru, starfsemi og ákvörðunum kjararáðs. Eitthvað sem gengur ekki upp og veldur því að himinn og haf eru á milli þjóðarinnar sem borgar launin sem kjararáð ákvarðar og þeirra sem þau þiggja. Kjararáð er sjálfstætt ráð en skipað af þeim stéttum sem síðan þiggja þau laun sem ráðið ákvarðar. Laun æðstu embættismanna ríkisins, stjórnmálamanna og svo einnig kirkjunnar vegna þess að hún er víst enn þá ríkisstofnun þrátt fyrir allt. Í þessu fyrirkomulagi samtryggingar liggur hundurinn grafinn.

Þetta er dálítið eins og starfsfólk fyrirtækis setti á laggirnar kjararáð á meðal starfsmanna og annarra sem það treysti til þess að ákveða kaup sitt og kjör en eigendur og rekstraraðilar fengju ekkert um það að segja. Hlutverk þeirra væri að borga launin sem ráðið væri á því að þau teldust sanngjörn fyrir alla þessa vinnu og ábyrgð, svona auk þess að halda jólaboð og passa upp á móralinn. Það er hætt við að slíkur rekstur færi ekki vel.

Og nú er komið að kirkjunnar þjónum að fá sitt. Fá launahækkun sem er langt umfram það sem gengur og gerist á almennum vinnumarkaði og af einhverjum óskiljanlegum ástæðum splæsir kjararáð eins og svo oft áður í að hafa þetta afturvirkt. Þannig fær biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, launahækkun upp á 271.000 kr. á mánuði eða sem nemur umtalsvert meira en mánaðargreiðslu lífeyrisþega sem býr einn. Kjarabótin er afturvirk um eitt ár og því á biskup von á eingreiðslu upp á 3.252.000 kr. fyrir skatt. Þetta slagar upp í sömu upphæð og ríkisstjórnin er svo kát með að vera búin að redda öllum hælisleitendum á Íslandi. Enn eru ótaldar allar hinar hækkanirnar og heildarkostnaðurinn.

Dýrt er drottins orðið segir í Sögu Ólafs hins helga í Biskupasögum og það stendur greinilega ekki til að gefa neinn afslátt þrátt fyrir að sífellt fleiri segi sig úr þjóðkirkjunni. Hvað þá að hafa í huga að kannanir benda til þess að meirihluti þjóðarinnar vill aðskilnað ríkis og kirkju. Kirkjunnar fólk og kjararáð ættu kannski að hafa í huga að þeim mun færri sem eru innan safnaðarins, þeim mun færri standa straum af þessum kostnaði og þar með eykst hlutur þeirra sem vilja ekkert með þjóðkirkjuna hafa. Gleymum því heldur ekki að það er vel hægt að halda í sína guðstrú, iðka hana og rækta, þótt þjóðkirkjan hafi verið yfirgefin.

Fjölmargir Íslendingar hafa einmitt valið að yfirgefa þjóðkirkjuna á síðustu árum og þá ekki síst á þeim forsendum að þetta ríkisfyrirkomulag sé bullandi tímaskekkja og breikkandi gjá sé á milli siðferðisvitundar þjóðarinnar og stjórnenda kirkjunnar. Það er erfitt að verjast þeirri hugsun að kjararáð standi frammi fyrir viðlíka afstöðu þjóðarinnar enda löngu tímabært að gjörbreyta skipan þess og starfsemi. Því þessi sjálftaka ráðanna embættisstétta er ekki lengur þjóðinni bjóðandi eða á vetur kjarasamninga á almennum launamarkaði setjandi.

**Gleymum því heldur ekki að það er vel hægt að halda í sína guðstrú, iðka hana og rækta, þótt þjóðkirkjan hafi verið yfirgefin.**

## Halldór





ALUPROF
GEZE
Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.
Áratuga reynsla.
2012 2015 Framúrskarandi fyrirtæki
JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

## Frá degi til dags

**Vinir kvaddir**
Lögregla og tollayfirvöld greindu frá einu stærsta fikniefnabrotamáli á blaðamannafundi í fyrradag. Árangurinn var afrakstur af löngu samstarfi íslenskra lögreglu- og tollayfirvalda við löggæslustofnanir í Evrópu. Greinilegt er að þeir Íslendingar sem komu að verkefninu una vel sínum hag, því þegar fréttastofa 365 hafði samband við lögregluembættið á höfuðborgarsvæðinu í gær til að fá frekari upplýsingar um málið, fengust þau svör að eftir langan dag hefðu þeir lögreglumenn sem komu að aðgerðinni kvatt erlenda samstarfsmenn sína í fyrrakvöld og hugsanlega yrði ekki unnt að ná í þá fyrr en á hádegi næsta dag.

**Harði pakkinn til biskups**
Það var rausnarlegt af ríkisstjórninni að samþykkja að veita samtals 4,6 milljónir króna í viðbótargreiðslur til hælisleitenda og hjálpa þeim að halda gleðileg jól. Gjöfin er þó ekki jafn rausnarleg og gjöfin sem Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, fékk frá kjararáði. Nýr úrskurður kjararáðs hljóðar upp á nær 18 prósenta hækkun launa hennar. Hækkunin er afturvirk um eitt ár og fær biskup rúmar 3,3 milljónir í eingreiðslu. Rúmlega tvo þriðju af því sem 518 hælisleitendur fengu samanlagt í tilefni af jólunum. Vonandi getur Agnes nú haldið gleðileg jól.
jonhakon@frettabladid.is

# Koma svo SSH!



Ólafur Þór Gunnarsson
þingmaður VG í Suðvesturkjördæmi

Húsnæðismál hafa verið nokkuð í umræðunni að undanförnu, einkum staða þeirra sem verst standa í þeim efnum, fólks sem er beinlínis á götunni. Hópur fólks, líklega 30-40 manns hefur hafst við á tjaldstæðinu í Laugardal við misjafnar aðstæður auk þeirra einstaklinga sem flækjast á milli gistiskýla eða fá inni hjá vinum eða ættingjum um skamma hríð eða langa. Aðstæður þessa hóps eru algerlega óviðunandi. Við sem samfélag getum ekki horft á þessa stöðu aðgerðalaus. Núverandi félagsmálaráðherra hefur sagt að mál þessa hóps séu forgangsmál hjá ráðuneyti hans en fleira þarf að koma til.

Örugg búseta og framfærsla heyra undir sveitarfélögin og er ein af frumskyldum þeirra. Öll sveitarfélög bjóða upp á búsetu í félagslegum íbúðum en afar misjafnt er hversu margar slíkar eru í boði á vegum hvers sveitarfélags. Á höfuðborgarsvæðinu hafa sveitarfélög tekið á þessum vanda með mismunandi hætti, þ.e. bæði með félagslegum íbúðum, en einnig með skammtímaúrræðum í gistiskýlum eða íbúðakjörnum, stundum í samvinnu við félagasamtök.

Vandinn er hins vegar ekki vandamál eins sveitarfélags eða fárra, hann er vandi þeirra allra og þau verða að koma öll að lausninni. Ég tel að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ættu að koma sér saman um úrræði til handa því fólki sem á í mestum vanda, er beinlínis á götunni. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) hafa með sér samstarf um margs konar þjónustu við íbúana, og ég tel að hér sé tækifæri fyrir þau til slíks. Það getur ekki verið óyfirstíganlegt að leysa bráðasta vandann í sameiningu. Það er ekki ásættanlegt að sveitarfélögin í kringum borgina sitji hjá, þau eiga öll að leggja sitt af mörkum, kostnaðarskiptingamódelin eru þegar til í öðrum félögum. Sveitarfélög sem geta komið sér saman um rekstur skíðasvæða geta áreiðanlega komið sér saman um lausn á bráðasta húsnæðisvandanum. Koma svo SSH!

**Sveitarfélög sem geta komið sér saman um rekstur skíðasvæða geta áreiðanlega komið sér saman um lausn á bráðasta húsnæðisvandanum.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Réttindi barna í alþjóðasamstarfi



**Guðmundur Árni Stefánsson**
sendiherra

Nýlega er lokið formennsku Íslands í Eystrasaltsráðinu, sem er svæðissamstarf Norðurlandanna fimm, Eystrasaltslandanna, Rússlands, Póllands og Þýskalands, auk Evrópusambandsins. Eins og kunnugt er var ráðinu komið á fót í því skyni að treysta lýðræðisþróun, öryggi og velferð í ríkjunum nærri Eystrasaltinu, í kjölfar frelsisbylgjunnar í Evrópu, þegar Sovétríkin hrundu. Eystrasaltslöndin fengu þá loks endurnýjað sjálfstæði og kom Ísland þar myndarlega að verki.

Formennskuár Íslands var merkilegt m.a. fyrir þær sakir að það markaði 25 ára afmæli samstarfsins. Ég gegndi stöðu formanns stjórnarnefndar ráðsins á þessu afmælisári fyrir Íslands hönd. Mörgu miðaði vel fram og lagði Ísland höfuðáherslu á jafnrétti, lýðræði og réttindi og stöðu barna. Formennskuárinu lauk með fundi utanríkisráðherra aðildarlandanna í Hörpu um mitt þetta ár. Þeim fyrsta í rúm þrjú ár. Þar var Íslandi þakkað gott starf, m.a. á vettvangi barnaverndar.

**Það eru engar ýkjur þegar fullyrt er að áhrif Íslands hafi haft afgerandi áhrif á þróun barnaverndarmála í öllum aðildarríkjum Eystrasaltsráðsins, og eru þá Norðurlönd með talin.**

**Börn í öndvegi**

Eitt af því sem hefur borið hæst í samstarfi Eystrasaltsríkjanna eru einmitt málefni sem lúta að því að treysta öryggi barna. Hér er um fjölþætt úrlausnarefni að ræða sem spannar allt frá mansali og vernd barna gegn hvers kyns ofbeldi og illri meðferð, þ.m.t. kynferðisofbeldi. Snar þáttur í þessu samstarfi hefur verið að stuðla að rannsóknum og skapa nýja þekkingu, miðla þessari þekkingu sem og dýrmætri reynslu á meðal aðildarríkjanna, m.a. á sviði fræðslu, þjálfunar og annarrar tæknilegrar aðstoðar til að tryggja öryggi og bæta hag barna í viðkvæmri stöðu.

Fljótlega eftir að ég hóf störf á vettvangi Eystrasaltsráðsins fyrir nokkrum árum, varð ég þess áskynja að á þessu sviði samstarfsins hafði Ísland markað sér sterka stöðu sem tekið var eftir. Hafið er yfir allan vafa að á sviði barnaverndar hafði Ísland verið leiðandi. Fulltrúi okkar Íslendinga, Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, sem á sínum tíma var kjörinn fyrsti formaður þessa samstarfs í ráðinu árið 2002, hefur raunverulega gegnt þar forystuhlutverki á þessu málasviði í áraraðir. Það eru engar ýkjur þegar fullyrt er að áhrif Íslands hafi haft afgerandi áhrif á þróun barnaverndarmála í öllum aðildarríkjum Eystrasaltsráðsins, og eru þá Norðurlönd með talin.

Barnahús að íslenskri fyrirmynd hafa risið á öllum Norðurlöndum og nú á formennskutíma Íslands er það sérstaklega gleðilegt, að þau hafa tekið til starfa í Litháen, Eistlandi og nú síðast Lettlandi. Barnahúsin hafa að markmiði að tryggja barnvinsamlega rannsókn ofbeldis gegn börnum og viðeigandi hjálp. Þau eru ekki einungis starfsemi sem fer fram innan fjögurra veggja, heldur byggja á víðtæku samstarfi lykilstofnana sem hafa hlutverki að gegna á sviði réttarfars, heilbrigðisþjónustu og barnaverndar. Þannig hefur hróður Barnaverndarstofu og verk hennar borist víða.

**Spámaðurinn og föðurlandið**

Í þessu ljósi er undarlegt að fylgjast með þeirri atlögu sem nýlega hefur verið gerð að mannorði og störfum Braga Guðbrandssonar í sumum fjölmiðlum. Það er augljóst að hún tengist því að hann hefur verið trúr því hlutverki að standa vörð um rétt þeirra barna sem eiga allt sitt undir því að eftirlit með réttindum þeirra sé öflugt. Og spornað við þegar út af hefur borið. Það getur vel verið að hann hafi þurft að stíga á einhverjar tær í kerfinu vegna þessa. Líklega er það óhjákvæmilegt. Það er hans skylda barnanna vegna. Upp úr stendur þó það þrekvirki sem hann hefur unnið hér heima og á alþjóðavettvangi á þessu sviði í nánu samstarfi við starfsfólkið á öflugri Barnaverndarstofu.

Í alþjóðasamstarfi eigum við Íslendingar stundum öfluga talsmenn, sem gerir það að verkum að fámenni Íslands í hinum stóra heimi verður algjört aukaatriði. Þá er einfaldlega hlustað á kröftuga rödd Íslands, vegna þess að við höfum sitthvað handfast og gagnlegt til málanna að leggja. Þannig er það í barnavernd í norðurhluta Evrópu. Yfir því eigum við að gleðjast og þakka þeim sem hönd leggja á plóg. Það eigum við ekki síst að gera barnanna okkar vegna. Þau eiga það skilið. Þau eru framtíðin.






GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar

VÉLABORG


JUNGHEINRICH
lyftarar og hillukerfi
www.velaborg.is velaborg@velaborg.is s. 414 8600

Blekhylki.is


Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# „Ég á mér draum“



**Benjamín Hrafn Böðvarsson**
guðfræðinemi

Ástæðan fyrir því að ég valdi þessa tilvitnun frá Martin Luther King Jr. sem fyrirsögn fyrir þessa grein mína er að ég get með góðri samvisku notað hana, því að hún endurspeglar þá tilfinningu sem ég hef í augnablikinu. Ég á mér draum, draum um betra Ísland. Við Íslendingar erum smáþjóð, eins konar smáþorp á plánetu Jörð en þrátt fyrir að við séum fá þá virðist sem að við getum sýnt heiminum að það býr margt í okkur.

Íslendingar eru mikil keppnisþjóð, við sjáum það t.d. á jólunum, þegar við keppum á móti vinum og fjölskyldu um Laugaveginn, Bankastræti og Kringluna í Monopoly með það að markmiði að setja okkar nánustu á hausinn eða annað dæmi um að vera gáfaðasti fjölskyldumeðlimurinn í Bezzerwizzer. Við sjáum líka keppnisskapið og þá á töluvert jákvæðari hátt í landsliðsleikjum Íslands. Ég fyllist stolti og kærleika og verð oft hálf meyr þegar ég sé hvílíka samstöðu við Íslendingar getum sýnt í hvert skipti sem landsliðið okkar keppir við erlenda andstæðinga. Ég tala ekki um þá stemningu sem myndaðist þegar landsliðið okkar keppti á EM í fyrra.

Ef þessar tvær birtingarmyndir á því hvernig keppnisskap okkar Íslendinga kemur fram eru bornar saman þá kemur í ljós að það sem skilur þessar tvær tegundir að eru forsendurnar. Það að vinna Monopoly, að hafa sett fjölskylduna á hausinn, verða ríkari en bankinn og eiga allar götur og fyrirtæki á spilaborðinu eða að verða gáfaðasti fjölskyldumeðlimurinn eftir nokkrar umferðir í Bezzerwizzer byggist á forsendum sem eru einstaklingsmiðaðar og hefur ekkert með sameiginlega hagsmuni að gera. En að stefna að því að verða betri liðsheild með sameiginlegt markmið, skýra framtíðarsýn og meðvitund um að því takmarki er ekki náð nema með sameiginlegu átaki, þrautseigju og stífum æfingum, það er göfugt verkefni sem flestir ættu að vera sammála um að nauðsynlegt sé að stefna að.

**Það er auðvitað mikilvægt og nauðsynlegt að hlúa að okkar viðkvæma hagkerfi en lífið er meira en peningar og ég trúi því einlæglega að ef við hlúum að bættum samskiptum, sameiginlegri framtíðarsýn og sameiginlegu átaki þá verði uppskeran glæsileg.**

Nú ætla ég að leyfa mér að nota aðra tilvitnun, sem Martin Luther King Jr. notaði í ræðum sínum og eiga rætur sínar að rekja í 13. Davíðssálm:

„Hve lengi“ ætla Íslendingar að keppa hver gegn öðrum í stað þess að vinna saman?

„Hve lengi“ ætla Íslendingar að rífast um framtíð Íslands án þess að komast að niðurstöðu?

„Hve lengi“ ætla Íslendingar að læra ekki af mistökunum?

### Skýra framtíðarsýn vantar

Ef það er eitthvað sem okkur Íslendinga vantar til þess að verða betri þjóð þá er það skýr framtíðarsýn. 40 ára markmið í stað fjögurra ára markmiða sem aldrei nást því kjörtímabil eftir kjörtímabil breytast markmiðin og öll möguleg kosningaloforð eru svikin. Ég er ekki að ráðast á einn einasta stjórnmálaflokk eða eina sérstaka manneskju. Ég er í raun aðeins að gera mitt besta til þess að biðja fólk um að staldra við í smá tíma og spyrja sig, hvað get ég gert til þess að nágranna mínum, öðru fólki en sjálfum mér, líði betur og gangi betur?

Það segir í góðri bók: „Keppið eftir kærleikanum“; ef þú kannast ekki við bókina gúglaðu þá þessa setningu. En þessi setning segir allt sem segja þarf. Kærleikur er framkvæmd, ekki eingöngu tilfinning. Framkvæmd sem gerð er í kærleik felur oft í sér að maður þurfi að fórna eigin hagsmunum, verðmætum tíma, fjármunum og eignum. Hverju erum við að keppast eftir? Erum við að keppast eftir því að vera ríkari, valdameiri svo að þegar spilið er búið séum við búin að setja alla fjölskylduna á hausinn og skilja eftir sviðna jörð? Eða erum við að keppast eftir því að verða betri (besta lið í heimi), sem hefur það í för með sér að við þurfum að hugsa sem heild en ekki sem einstaklingar? Að hafa sameiginlega framtíðarsýn með viljann til að gera það sem þarf til að ná því eina markmiði að verða betri þjóð og í leiðinni betri manneskjur?

Í sömu góðu bók segir: „Skuldið ekki neinum neitt nema það eitt að elska hvert annað.“ Þú, kæri Íslendingur, ert í skuld, skuld við náunga þinn, að elska hann eins og sjálfan þig. Alveg eins og landsliðsmaður er í skuld gagnvart liði sínu, sem sver liðinu hollustueið að vinna gagngert í því að hjálpa liðinu að ná markmiðinu, framtíðarsýninni. Fyrir mér er framtíðarsýn meira en það markmið að ná hagvexti. Það er auðvitað mikilvægt og nauðsynlegt að hlúa að okkar viðkvæma hagkerfi en lífið er meira en peningar og ég trúi því einlæglega að ef við hlúum að bættum samskiptum, sameiginlegri framtíðarsýn og sameiginlegu átaki þá verði uppskeran glæsileg. Ég á mér draum, draum um betra Ísland. Sýnum kærleika í verki og keppumst eftir kærleikanum.

# Sannleikurinn er sagna bestur – svar til Elínar



**Áslaug Friðriksdóttir**
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Það er áhugavert að fylgjast með vitleysisganginum á vinstri hliðinni í Reykjavík. Allt gert til að þurfa ekki að takast á við að bæta borgarkerfið. Lítinn áhuga má merkja til að takast á við breytingarnar sem nauðsynlegar eru í þjónustunni. Til þess að fría sjálfa sig ábyrgð á því að þróunin í þjónustunni er svo til nánast engin, þá er farið fram með hagræðingu staðreynda.

Formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar og fleiri borgarfulltrúar meirihlutans hafa haldið því fram að Sjálfstæðismenn í borginni þurfi einhvers konar tiltal af því að þeir séu svo vondir við fólk. Þeir vilji senda fólk inn í örbirgð og fátækt. Þeir vilji lækka fjárhagsaðstoð. Sjálfir sjá þeir ekki að þeir hafa dæmt fjölda manns til fátæktar með skortstefnu í húsnæðismálum. Stefna þeirra hefur keyrt upp húsnæðisverð og komið hundruðum fjölskyldna á vonarvöl. Það er samt ansi langt gengið þegar gengið er svo langt að fara ekki með staðreyndir. Sjálfstæðisfólk í borginni hefur bent á ýmsar breytingar á velferðarkerfinu sem nauðsynlegar eru, fyrir daufum eyrum meðal vinstri manna. Nýsköpun og þróun hefur ekki verið sinnt, og væri það ekki fyrir tilstilli okkar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, væri ekkert að gerast í þeim málum.

**Nýsköpun og þróun hefur ekki verið sinnt, og væri það ekki fyrir tilstilli okkar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, væri ekkert að gerast í þeim málum.**

Hvað fjárhagsaðstoðina varðar eru staðreyndirnar hér.

Tillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík voru tvær og saman bæta þær kerfið frá því sem nú er. Markmiðið er að hvetja fólk til virkni til að auka lífsgæði þess en ekki að lækka aðstoð til að gera því lífið verra.

Fyrri tillagan fjallar um samræmingu fjárhagsaðstoðar: Borgarstjórn samþykkir að fjárhagsaðstoð í Reykjavík verði endurskoðuð með hliðsjón af fjárhagsaðstoð í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu þar sem ekki er samræmi í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Seinni tillagan fjallar um virknistyrki og samræmingu fjárhagsaðstoðar: Borgarstjórn samþykkir að teknir verði upp sérstakir styrkir um fjárhagsaðstoð á þann hátt að grunnkvarði verði lækkaður til jafns við grunnkvarða fjárhagsaðstoðar í nágrannasveitarfélögum. Um leið verði innleidd heimild til að veita virknistyrki til þeirra sem fylgja einstaklingsáætlunum og taka þátt í virkniverkefnum þannig að samanlögð upphæð grunnkvarða og virknistyrks verði jöfn núgildandi grunnfjárhæð. Með þessu fyrirkomulagi má hvetja enn frekar til sjálfshjálpar en nú er gert, þá er ekki hægt að sjá gilda ástæðu fyrir því að upphæð fjárhagsaðstoðar sé mun hærri í Reykjavík en í nágrannasveitarfélögum.

Dæmi svo hver fyrir sig.

tl.is

ÞÚ FINNUR JÓLAGJÖFINA HJÁ OKKUR!

Jólareikningur Netgíró
VERSLAÐU Í DAG. BORGAÐU Í FEBRÚAR.
Netgíró




240HZ
24" LEIKJASKJÁR

ASU-XG258Q
89.995



RAZER
ORNATA CHROMA
LEIKJALYKLABORÐ

RAZ-RZ0302040800R3N1
15.995




ÞRÁÐLAUS MEÐ DOLBY VIRTUAL 7.1 SURROUND

STE-61230
49.995



84.995

ASU-STRIXGTX1070TIA8

## GTX 1070 TI - VAR AÐ LENDA!

**NÝJA 1070 Ti KORTIÐ**

ASUS ROG STRIX GEFORCE® GTX 1070 TI A VR READY. ÁSKRIFT FYLGIR Í ÁR AF PREMIUM XSPLIT GAMECASTER.



26.495

COR-CH9127014ND

## CORSAIR K95 RGB

**LED LÝSING Í HVERJUM TAKKA**

SÉRHANNAÐ LEIKJALYKLABORÐ MEÐ RGB BAKLÝSINGU MEÐ CHERRY MX SPEED MEKANÍSKUM TÖKKUM.



13.995

RAZ-RZ0102010100R3G1

## RAZER DEATHADDER ELITE

**16.000 DPI NÁKVÆMNI**

OFURNÁKVÆM OG HRÖÐ LEIKJAMÚS MEÐ MEKANÍSKUM OG FORRITANLEGUM TÖKKUM.



22.995

RAZ-RZ0401250100R3M1

## LEIKJAHEYRNARTÓL

**RAZER KRAKEN CHROMA 7.1**

LEIKJAHEYRNARTÓL MEÐ ÚTDRAGANLEGUM HLJÓÐNEMA OG DOLBY 7.1 HLJÓÐDREIFINGU.



5.995

COR-CH9440020EU

## LED MÚSARMOTTA

**VÖNDUÐ MÚSARMOTTA MEÐ LÝSINGU**

MÚSARMOTTA SEM LÝSIR MEÐ LED LÝSINGU ALLAN HRINGINN. HÆGT AÐ SAMSTILLA MEÐ ÖÐRUM RGB VÖRUM FRÁ CORSAIR.



66.995

COR-CF9010001WW

## CORSAIR T1 LEIKJASTÓLL

**SÉRHANNAÐUR FYRIR LEIKJASPILUN**

T1 RACE STÓLLINN TRYGGIR ÞÆGINDI OG MINNKAR ÞREYTU VIÐ LEIKJASPILUN. STÁLGRIND, ARMHVÍLA MEÐ FJÖGURRA ÁTTA STILLINGU.




OPIÐ TIL 22

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | REYKJANESBÆR | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

TÖLVU LISTINN

# Góð tilbreyting að mæta Manchester United


Hörður Björgvin Magnússon verður vonandi í stóru hlutverki gegn Manchester United í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Hörður Björgvin Magnússon verður vonandi í eldlínunni þegar lið hans, Bristol City, tekur á móti Manchester United í 8-liða úrslitum ensku deildabikarkeppninnar.**

**FÓTBOLTI** Eftir viðburðaríkt en erfitt ár horfir til betri vegar hjá landsliðsmanninum Herði Björgvini Magnússyni hjá enska B-deildarliðinu Bristol City. Hörður Björgvin er byrjaður að spila á ný með liðinu, því gengur vel og mætir Manchester United í 8-liða úrslitum ensku deildabikarkeppninnar á heimavelli í kvöld.

„Það er skemmtileg og góð tilbreyting að fá að spila við stórt lið eins og Manchester United í bikarkeppni. Það er alltaf gaman að mæta stóru liðunum og vonandi tekst okkur að stríða þeim eitthvað,“ segir Hörður Björgvin í samtali við íþróttadeild en hann hefur ekki fengið tækifæri áður til að spila gegn einu af risaliðunum í enska boltanum.

### Fyrstu mínúturnar í október

Í sumar stefndi reyndar í að Hörður Björgvin væri á leið frá Englandi til Rússlands, þar sem Rostov vildi fá hann að láni. Samkomulagið var nánast í höfn en pappírsvinnan hófst ekki áður en lokað var fyrir félagaskipti í lok ágúst.

Hörður Björgvin hafði þá verið úti í kuldanum hjá stjóranum Lee Johnson nánast allt árið 2017. Hann spilaði aðeins þrjá leiki í byrjunarliði Bristol eftir áramót á síðasta tímabili og tvo sem varamaður. Ekki tók betra við þegar nýtt tímabil hófst í sumar og Hörður Björgvin spilaði sínar fyrstu mínútur í deildinni þann 21. október.


Hörður hefur nýtt tækifærið vel með Bristol. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tíu dögum síðar fékk Hörður loksins tækifæri í byrjunarliðinu á nýjan leik, í 2-0 sigri á Fulham. Síðan þá hefur hann misst af aðeins tveimur deildarleikjum en spilaði allan leikinn gegn Nottingham Forest um helgina. Enn fremur hefur Bristol City ekki tapað leik þar sem Hörður Björgvin hefur byrjað.

### Rússíbanareið

„Þetta hefur verið rússíbani. Ég hef verið þolinmóður í öllu þessu ferli og vissi að tækifærið myndi koma á endanum. Þetta getur svo verið fljótt að breytast aftur en vonandi heldur þetta áfram á þessari braut. Það eina sem ég get gert er að vera á tánum og nýta þau tækifæri sem ég fæ,“ sagði hann.

Hann neitar því ekki að það sé skrýtið að hugsa til þess hversu nálægt því hann var að fara í ágúst. „Kannski átti þetta bara að gerast svona. Ég hef aldrei verið fúll eða pirraður út í mína stöðu, heldur reynt að leggja hart að mér og standa mig vel. Ég mun berjast fyrir mínu eins lengi og ég þarf og sem betur fer hefur það gengið ágætlega.“

> Ég mun berjast fyrir mínu eins lengi og ég þarf og sem betur fer hefur það gengið ágætlega.
>
> Hörður Björgvin Magnússon

### Eigum erindi upp

Bristol er sem stendur í þriðja sæti ensku B-deildarinnar og hefur aðeins tapað þremur leikjum allt tímabilið. „Liðið er yngra en á síðasta tímabili og hungraðra í að gera betur. Ég vona að þetta haldi áfram og við gerum atlögu að því að fara upp,“ segir Hörður sem telur að Bristol City eigi fullt erindi í ensku úrvalsdeildina.

„Öll umgjörð hjá félaginu er eins og hjá úrvalsdeildarfélagi og hér vilja menn auðvitað komast upp sem allra fyrst. Hér er höfuðáherslan lögð á að byggja upp ungt lið og hugsa til framtíðar.“

Leikurinn gegn Manchester United hefst klukkan 20.00 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2.

eirikur@frettabladid.is

## Nýjast

**Enska deildabikarkeppnin**

**Arsenal - West Ham 1-0**
1-0 Danny Welbeck (42.)

**Leicester - Man. City 1-1**
0-1 Bernando Silva (26.), 1-1 Jamie Vardy (90+7., víti)
Úrslitin voru ekki ráðin áður en blaðið fór í prentun, en jafnt var eftir framlengingu

**MIKILVÆGUR DAGUR GUÐRÚNAR**



Guðrún Brá Björgvinsdóttir komst í gær í gegnum niðurskurðinn fyrir lokadaginn á lokaúrtökumótinu fyrir Evrópumótaröðina í golfi. Hún spilaði á 75 höggum á fjórða keppnisdegi í gær, þremur yfir pari vallarins, og er í 51.-58. sæti fyrir lokadaginn. Aðeins 60 efstu kylfingarnir komust í gegnum niðurskurðinn og fá að spila í dag. Ljóst er að hún þarf að spila betur á morgun til að eiga möguleika á að komast á Evrópumótaröðina en efstu 25 kylfingarnir á þessu móti fá þátttökurétt á mótaröð næsta tímabils. Er hún nú fimm höggum frá kylfingunum sem sitja í 24.-25. sæti mótsins.

**RAJKOVIC Í ÞJÁLFARATEYMI KA**

Srdjan Rajkovic mun ekki standa á milli stanganna hjá KA í Pepsi-deildinni næsta sumar. Rajkovic hefur lagt hanskana á hilluna og fengið sér sæti í þjálfarateymi félagsins.
Serbinn tekur við af Eggerti Sigmundssyni sem markmannsþjálfari liðsins, en Srdjan Tufegzic er aðalþjálfari liðsins. Óskar Bragason framlengdi samning sinn við félagið við sama tækifæri, en hann er aðstoðarþjálfari Tufegzic.
Rajkovic er 41 árs gamall og hefur verið á Akureyri undanfarin ár, því áður en hann kom til KA árið 2014 spilaði hann fyrir nágrannana í Þór. Hann hefur þó verið að spila fótbolta á Íslandi síðan 1999, lengst af með Fjarðabyggð. Hann tók þátt í öllum deildarleikjum KA á síðasta tímabili nema einum og hélt hreinu í fimm þeirra.
KA var nýliði á síðasta tímabili, en endaði haustið um miðja deild, í sjöunda sæti með 29 stig.

## Í dag

**19.40 Chelsea - B'mouth** Sport
**19.55 Bristol - Man. Utd.** Sport 2




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. desember 2017 | 47. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Vilja móta heimsþekktan súkkulaðirisa

**Framkvæmdastjóri Omnom á sér markmið um að velta súkkulaðigerðarinnar verði svipuð og hjá Bláa lóninu. Svissneskur fjárfestingasjóður á nú 30 prósenta hlut. Vörurnar í 500 verslunum erlendis.** » 4, 5



»2

## Pitsurisi greiðir Birgi 62 milljónir á ári fyrir ráðgjöf

Birgir Þór Bieltvedt fær greiddar um 500 þúsund evrur á ári frá Domino's í Bretlandi fyrir ráðgjafarstörf. Samningsbundinn út maí 2024. Hagnaður Domino's á Íslandi jókst um 38 prósent á fyrri árshelmingi.

»2

## Leigufélag hyggur á allt að 30 milljarða skuldabréfaútgáfu

Almenna leigufélagið, sem á um 1.200 eignir, stefnir að því að gefa út bréf fyrir allt að 6 til 12 milljarða í fyrsta útboði. Áformar skráningu á markað á næstu 18 til 24 mánuðum.

»6

## Endurskipulagning í síbreytilegu umhverfi

„Vandinn við þá umræðu hefur verið að mest hefur verið rætt um eignarhald en lítið fjallað um innihald fjármálastarfsemi og oftar en ekki er rætt um fjármálastarfsemi á forsendum sem ekki eru lengur til staðar," segir Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF.


## HEILSA

Sérblað um heilsu mun fylgja Fréttablaðinu laugardaginn 30. desember.

Í blaðinu verður fjallað um allt sem viðkemur bættri heilsu. Má þar nefna ýmiskonar hreyfingu og heilsurækt, hollt matarræði, æfingafatnaður, vítamín, fæðubótarefni og ýmsar aðrar heilsutengdar vörur.
Að venju er boðið upp á fjölmörg áhugaverð viðtöl og greinar sem gefa lesendum færi á að kynna sér fjölbreyttar leiðir til að koma skrokknum í gott stand.

Þetta sértæka efni í bland við gríðarlega mikinn lestur Fréttablaðsins tryggir að blaðið nær afar vel til allra þeirra sem

**Áhugasamir geta haft samband við auglýsingadeild sérblaða**
**Sími 512 5402**
**serblod@365.is**



# Hyggst gefa út skuldabréf fyrir allt að 30 milljarða

Stjórn Almenna leigufélagsins hefur samþykkt að gefa út skuldabréf á markaði fyrir allt að 30 milljarða króna. Stefnir félagið, sem er í eigu sjóðs í rekstri GAMMA Capital Management, að því að gefa út bréf fyrir allt að 6 til 12 milljarða króna í fyrsta útboði, að því er fram kemur í nýrri kynningu félagsins fyrir fjárfesta.

Tilgangur skuldabréfaútgáfunnar er meðal annars að einfalda fjármögnun félagsins og lækka fjármagnskostnað með því að endurfjármagna núverandi skuldir og auka fjölbreytileika í fjármögnun. Er jafnframt gert ráð fyrir að frekari útgáfa skuldabréfa verði nýtt til að stækka eignasafn félagsins. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans og Lögmenn Lækjargötu veittu félaginu ráðgjöf við gerð útgáfurammans og grunnlýsingar.

Almenna leigufélagið átti 1.214 íbúðir, samtals að stærð 110 þúsund fermetra, í lok júnímánaðar síðastliðins en heildarvirði þeirra nam þá 39,1 milljarði króna samkvæmt verðmati KPMG. Um helming eigna félagsins má finna í Reykjavík og 17 prósent í nágrannasveitarfélögum innan höfuðborgarsvæðisins. Er um 91 prósent af eignasafninu í langtímaleigu.

**39,1**

**milljarður var heildarvirði eignasafns Almenna leigufélagsins um mitt þetta ár.**

**Stefnt er að skráningu Almenna leigufélagsins á hlutabréfamarkað í Kauphöllinni á næstu 18 til 24 mánuðum.**

Stefnt er að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað á næstu 18 til 24 mánuðum, en í fjárfestakynningunni er tekið fram að undirbúningur að henni sé þegar hafinn. Felst hann meðal annars í endurfjármögnun skulda, hagræðingu í rekstri og flutningi félagsins í nýjar höfuðstöðvar að Suðurlandsbraut. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang visir.is










**Domino's í Bretlandi á nú 95 prósent í rekstrinum hér á landi en hér eru 22 pitsustaðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Pitsurisi greiðir Birgi 62 milljónir fyrir ráðgjöf

**Fjárfestirinn Birgir Þór Bieltvedt fær greiddar um 500 þúsund evrur á ári frá Domino's í Bretlandi fyrir ráðgjafarstörf. Samningsbundinn út maí 2024. Hagnaður Domino's á Íslandi, Pizza Pizza, jókst um 38 prósent á fyrri árshelmingi.**

Fjárfestingafélagið B2B, í eigu Birgis Þórs Bieltvedt, mun fá greitt árlega um 500 þúsund evrur, jafnvirði 62 milljóna króna, fyrir ráðgjafarstörf fyrir Domino's í Bretlandi (Domino's Pizza Group, DPG). Birgir mun samkvæmt nýju samkomulagi veita DPG ráðgjöf varðandi rekstur og frekari uppbyggingu pitsukeðjunnar hér á landi út maí 2024, tveimur árum skemur í Noregi og Svíþjóð, og fyrirhugaða útrás til Finnlands og Eystrasaltsríkjanna.

Þetta kemur fram í nýrri hluthafakynningu DPG, sem er skráð í bresku kauphöllinni, en það keypti í síðustu viku 44,3 prósent til viðbótar í íslenska einkahlutafélaginu Pizza Pizza, eiganda og sérleyfishafa Domino's á Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Samkvæmt henni telur stjórn DPG mikilvægt að Birgir komi áfram að uppbyggingu vörumerkisins í ljósi reynslu hans og tengsla við sérleyfishafann á heimsvísu, Domino's Pizza International Franchising (DPIF). Því hafi félagið samið við Birgi þann 14. desember síðastliðinn um að hann haldi áfram ráðgjafarstörfum og vinni í samstarfi við DPG að því að tryggja sérleyfissamning fyrir Finnland og Eystrasaltsríkin fyrir júní 2021.



**Birgir Þór Bieltvedt fjárfestir.**

Fari svo að Birgir landi þeim samningi við DPIF verða tvö ný dótturfélög stofnuð utan um útrásina. DPG mun eiga 90 prósenta hlut en Birgir eða félag á hans vegum hin tíu prósentin. Fjárfestirinn mun þá fá greiddar 500 þúsund evrur í ráðgjafarþóknun sem geta einungis farið upp í kaup hans á hlutafénu í dótturfélögunum tveimur. Þá mun Birgir einnig eiga kauprétt á fimm prósentum til viðbótar í báðum félögunum.

Kynningin inniheldur einnig upplýsingar um rekstur Domino's á Íslandi á fyrri helmingi þessa árs. Tekjur félagsins námu þá 2,7 milljörðum króna samanborið við 2,4 milljarða á sama tímabili í fyrra. Rekstrarhagnaður (EBITDA) batnaði um fjórðung milli ára og nam 382 milljónum. Þá var hagnaður félagsins eftir skatta tæplega 300 milljónir og jókst um 38 prósent en pitsustöðum keðjunnar fjölgaði milli áranna úr 19 í 22. Þá er bent á að veltan jókst um 260 prósent milli 2010 og 2016. Domino's á Íslandi státi þar að auki af mestri sölu per fermetra (e. sales density) af öllum þeim löndum þar sem pitsur Domino's séu bakaðar, en þau eru alls 91.

Samkvæmt fréttatilkynningu síðasta fimmtudag um kaup DPG á 44,3 prósenta hlut í Pizza Pizza greiðir fyrirtækið jafnvirði 3,7 milljarða króna fyrir bréfin. Breska félagið á nú 95,3 prósenta hlut en það keypti upphaflega 49 prósent haustið 2016, á 4,2 milljarða króna á þáverandi gengi. Bætti það svo við öðrum tveimur prósentum í mars síðastliðnum og greiddi 180 milljónir fyrir hlutinn. Birgir steig þá niður úr stóli stjórnarformanns og með nýjustu sölunni hverfur fjárfestingarfélagið Eyja, í eigu Birgis og eiginkonu hans, Eyglóar Kjartansdóttur, út úr hluthafahópnum ásamt Högna Sigurðssyni.

Aðalfundur DPG verður haldinn 11. janúar og kaupsamningurinn, og þar af leiðandi nýi ráðgjafarsamningurinn við Birgi, verður þá borinn undir hluthafa breska félagsins. Það á einnig rekstur keðjunnar í Bretlandi, 17 pitsustaði í Sviss og þriðjungshlut í þýskum sérleyfishafa Domino's.
**haraldur@frettabladid.is**

# Mestur tími fer í samgöngur og ferðamál

Samkeppniseftirlitið varði í fyrra hátt í 35 prósentum af ráðstöfunartíma sínum í málefni sem tengjast samgöngu- og ferðamörkuðum. Engir aðrir markaðir hlutu eins mikla athygli starfsfólks eftirlitsins. Þetta kemur fram í nýlegri skýrslu Samkeppniseftirlitsins til Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.

Starfsmenn eftirlitsins, sem voru 24 talsins í lok síðasta árs, vörðu um 25 prósentum af tíma sínum í að skoða málefni sem tengjast umræddu mörkuðunum tveimur árin 2014 og 2015 en hlutfallið hækkaði hins vegar í tæplega 35 prósent í fyrra.

Þá fóru hátt í 20 prósent af tíma starfsfólksins á síðasta ári í mál sem varða matvörumarkaðinn, en það er svipað hlutfall og undanfarin ár. Þegar kemur að málefnum sem tengjast fjármálaþjónustu nam hlutfallið tæplega 10 prósentum. Aðrir markaðir, svo sem olíu- og fjarskiptamarkaðirnir, fengu minni athygli.

Í skýrslunni er auk þess bent á að starfsfólk Samkeppniseftirlitsins verji stórum hluta vinnutímans, eða ríflega 25 prósentum, í að skoða mál sem tengjast misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækja. Ástæðan sé fyrst og fremst smæð hagkerfisins og að fákeppni ríki á mörgum mörkuðum. Mestur tími fer þó í athuganir á ólögmætu samráði.

Málum sem koma til kasta Samkeppniseftirlitsins hefur fækkað verulega á síðustu árum. Í nóvembermánuði voru aðeins 59 mál á borði eftirlitsins en þau voru 129 talsins í byrjun árs 2016, að því er fram kemur í skýrslunni. **– kij**

# Loksins færðu stuðning í vinnunni

sedus

Knoll

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Quarterback frá Sedus**
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

**Epalverð:**
**64.900.-**





**Chadwick frá Knoll**
sameinar falleg form
og hámarksþægindi

**Epalverð:**
**89.800.-**

**HÖNNUÐUR: DON CHADWICK**



Óskar Þórðarson, framkvæmdastjóri og hluthafi í súkkulaðigerðinni Omnom, er búinn að vera í fyrirtækjarekstri meira og minna frá átján ára aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Omnom vill ná sölutölum Bláa lónsins

**Framkvæmdastjóri súkkulaðigerðarinnar Omnom á sér það markmið að tekjur fyrirtækisins vaxi í átt að veltu Bláa lónsins. Tveir æskuvinir standa að fyrirtækinu sem selur vörur til 500 verslana erlendis. Svissneskur fjárfestingasjóður keypti 30 prósenta hlut.**

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

„Ef ég á að nefna markmið þá viljum við ná svipaðri sölu og Bláa lónið. Þetta er markmið næstu tíu til fimmtán ára en þá yrðum við samt lítið súkkulaðifyrirtæki í hinum stóra heimi,“ segir Óskar Þórðarson, framkvæmdastjóri og einn eigenda súkkulaðigerðarinnar Omnom úti á Granda.

Æskuvinirnir Óskar og Kjartan Gíslason matreiðslumaður áttu hugmyndina að stofnun fyrirtækisins árið 2012 en sá síðarnefndi vildi þá opna bakarí sem myndi framleiða sitt eigið súkkulaði. Nú fimm árum síðar framleiðir fyrirtækið um 20 tegundir, selur vörur til um 500 verslana erlendis, og í apríl síðastliðnum ákvað svissneski fjárfestingasjóðurinn Quadia að nýta kauprétt sinn á bréfum í félaginu og á nú 30 prósenta hlut. Til marks um metnað þeirra félaga þá nam velta Bláa lónsins í fyrra um tíu milljörðum króna.

„Ég var á ákveðnum krossgötum í mínum viðskiptum þegar Kjartan leitaði til mín og það var kominn tími til að breyta til. Við fórum að ræða þetta nánar og mér leist ekki alveg nógu vel á þessa hugmynd um bakaríið. En ég sé nú kannski eftir því í dag eftir velgengni Brauð & Co sem kom í kjölfarið,“ segir Óskar og hlær.

„Ég fór til New York og heimsótti fyrirtækið Mast Brothers sem eru frumkvöðlar í því að framleiða á þessum minni skala. Ég varð ástfanginn af þessu og sagði Kjartani að ég væri til. Þá fór boltinn að rúlla og við keyptum litlar vélar og gerðum prufur heima í eldhúsi hjá honum og sáum mjög fljótt að við gátum gert gott súkkulaði. Við vissum að við þyrftum flottar umbúðir utan um vöruna enda mikilvægt atriði í markaðssetningu. Þá höfðum við samband við André Úlf Visage, vin Kjartans [og fyrrverandi hluthafa í fyrirtækinu], og níu mánuðum eftir að við byrjuðum að pæla hófst framleiðslan eða í nóvember 2013,“ segir Óskar.




**Byrjuðu í 100 fermetrum**

Framleiðsla Omnom hófst í gamalli bensínstöð Skeljungs við Austurströnd á Seltjarnarnesi. Þar var fyrirtækið rekið á um 100 fermetrum en það framleiðir súkkulaði beint úr kakóbauninni og flytur ekki inn kakómassa ólíkt öðrum fyrirtækjum í sömu grein. Óskar lýsir því á skemmtilegan hátt hvernig þeir Kjartan hafi sest niður á kaffihúsinu Reykjavík Roasters þar sem fyrstu súkkulaðiplötur þeirra voru seldar. Fylgdust þeir spenntir og ánægðir með þegar erlendur ferðamaður keypti súkkulaðið með kaffibollanum. Eftir það var reksturinn að sögn Óskars ævintýri líkastur þar sem þeir kepptust við að koma vörunum inn í stórar verslanir hér heima. Stórt skref var svo stigið þegar þær urðu fáanlegar í Leifsstöð og allt gerðist þetta fyrir áramótin 2013.

„Við vorum með kaffistofuna niðri í kjallara bensínstöðvarinnar og lagerinn var rosalega lítill og það bjargaði okkur í rauninni hvað allt seldist hratt. Það náðist aldrei að setja inn á lager því við vorum alltaf að selja inn í pantanir. Þar byrjuðum við að taka á móti hópum og einu sinni tókum við á móti 60 manns. Þetta leiddi til þess að við fluttum í núverandi húsnæði,“ segir Óskar og heldur áfram:

„Ástæðan fyrir því að við komumst inn í þessar verslanir svona fljótt var sú að undirbúningsvinnan var góð og gæðin sömuleiðis. Við vorum alltaf að kaupa nýjar vélar og fjármögnuðum þetta sjálfir eða þar til Arion banki hjálpaði okkur í lok 2014. Síðan sáum við að þetta myndi ekki ganga mikið lengur og fengum lánsfjármagn frá bankanum til að flytja starfsemina í núverandi húsnæði í júlí 2016. Þá fórum við í framkvæmdir hérna og fjárfestingar í nýjum tækjum og vélum og það fór auðvitað langt fram úr áætlun eins og gengur og gerist.

Það að komast inn í Leifsstöð hefur hjálpað okkur gríðarlega í þessum vexti en þetta er búin að vera 30-40 prósenta og upp í 100 prósenta aukning milli mánaða og ára uppi í Leifsstöð. Ef ég er hreinskilinn þá var ekki til neitt rosalega stórt plan um hvað við ætluðum að gera. Við vildum bara gera góða vöru og þessi sala og dreifing hefur einhvern veginn þróast af sjálfu sér.

Það var síðan haft samband við okkur fljótlega frá Rocky Mountains hluta Whole Foods verslanakeðjunnar og þar í rauninni hefst útflutningur okkar til Bandaríkjanna. Við fengum þá dreifingaraðila til að byrja í litlum búðum en erum ekki enn farnir að selja í Whole Foods. Við erum í sirka 250-300 búðum í dag í Bandaríkjunum og gríðarlega mikill áhugi alls staðar að. Þar skiptir máli bæði samfélagsmiðlarnir sem hafa hjálpað okkur og einnig Leifsstöð enda varan að fara þaðan út um allan heim. Það tók aftur á móti á að komast hingað. Bæði fjárhagslega og ákveðin stefnumótun og þá breyttist hluthafahópurinn og við keyptum út tvo hluthafa sem voru hér áður,“ segir Óskar og svarar að Omnom hafi þurft að segja nei við verslanakeðjuna Whole Foods í um þrjú ár. Vörur fyrirtækisins séu nú að mestu leyti seldar í litlum smásöluverslunum á víð og dreif um Bandaríkin. Þeim Kjartani hafi verið ráðlagt að byrja þar áður en sala í Whole Foods myndi hefjast.

„Það er auðvitað algjör risi sem getur verið erfitt að eiga við og við þurfum þá að geta boðið rétta verðið því í dag erum við kannski aðeins of dýrir fyrir Whole Foods til að vera sjálfbærir þar inni. Við höfum verið á bremsunni varðandi útflutning enda haft augun á að gæðin séu mikil og það er hugsanlegt að við förum í einhverjar Whole Foods verslanir á næsta ári.“

**Dorrit að þakka**

Óskar segir að stuttu eftir að breytingin varð á hluthafahópnum hafi núverandi stjórnarformaður Omnom, Svisslendingurinn Eric Christian Archambeau, gengið inn um dyrnar. Hann var þá á ferðalagi hér á landi og hafði heyrt af Omnom í gegnum breskan kaupsýslumann sem flytur súkkulaðið inn til Bretlands. Sá hafi komist í kynni við fyrirtækið í gegnum Dorrit Moussaieff, fyrrverandi forsetafrú. Nokkrum mánuðum síðar hafi Quadia, sem hefur aðsetur í Genf, ákveðið að fjárfesta í fyrirtækinu og er nú annar stærsti hluthafi þess. Quadia rekur skrifstofu í London og sérhæfir sig að sögn Óskars í fjárfestingum í sjálfbærri matvælaframleiðslu og umhverfisvænni orku.

„Á bak við sjóðinn standa aðilar sem við vitum aðeins hverjir eru en það er hópur sem á eftir að hafa mikil áhrif á hvað þetta fyrirtæki mun gera og verða í framtíðinni. Það var aðallega tvennt sem fylgdi þeim og

# Fólk

Jólin

MIÐVIKUDAGUR 20. DESEMBER 2017




Í Fjarðarkaupum er persónuleg og fagleg þjónusta. MYNDIR/EYÞÓR

# Treysta Fjarðarkaupum fyrir jólunum

Verslunin Fjarðarkaup í Hafnarfirði er einstök á sinn hátt. Þar er vöruúrval einstaklega fjölbreytt og persónuleg þjónusta laðar að trygga viðskiptavini. Mikil alúð er lögð við kjötborðið sem svignar undan kræsingum nú fyrir jólin. →2

Níundi var **Bjúgnakrækir.** Hann hnuplaði sér hangibjúgum sem verið var að reykja búrinu.
Jólasveinastytta
KR. 2.990.-


icemart
LAUGAVEGUR 89 • S: 585 0507

Krossar á leiði
f. 3xD rafhlöður
Hvítir
Kr. 3.700,-

Glóey
Ármúla 19 · Sími 568 1620
www.gloey.is · gloey@gloey.is




Mikið vöruúrval einkennir kjötborðið í Fjarðarkaupum.



Vinsælt er að panta fylltan lambahrygg eða -læri fyrir jólin í Fjarðarkaupum.



FK-hamborgarhryggurinn er vinsælasti jólamaturinn í Fjarðarkaupum. MYNDIR/EYÞÓR

**Framhald af forsíðu** ➜

Fjarðarkaup eiga sér langa sögu í Hafnarfirði. Hana má rekja til ársins 1973 en Fjarðarkaup hafa verið á núverandi stað við Hólshraun frá árinu 1982. Þar hefur verslunin vaxið og dafnað. Viðskiptavinir Fjarðarkaupa koma af öllu höfuðborgarsvæðinu enda er aðkoma að versluninni góð og næg bílastæði. Hafnfirðingar segja sjálfir að Fjarðarkaup séu eins og félagsmiðstöð, þar rekst maður alltaf á einhvern kunnugan.

Gísli Sigurbergsson, einn eigenda Fjarðarkaupa, segir að fyrirtækið leggi mikinn metnað í kjötborðið alla daga og sérstaklega fyrir hátíðir. „FK-hamborgarhryggurinn er okkar stolt. Kjötið er sérvalið, reykt og saltað fyrir Fjarðarkaup. FK-hamborgarhryggurinn hefur verið mjög vinsæll undanfarin ár og mest seldi jólamaturinn hjá okkur,“ segir Gísli. „Reyndar er svínakjöt vinsæll matur á jólunum en í öðru sæti hjá okkur er heill svínabógur, síðan lambahryggur eða -læri og loks purusteikin,“ segir hann enn fremur. „Svínakjöt er ódýr matur og það hefur verið mikil aukning í sölu þess hjá okkur undanfarið,“ bætir Gísli við en Fjarðarkaup er líka með mikið úrval af hangilærum og frampörtum, nautasteikum og alls kyns villibráð.

„Við leggjum ríka áherslu á metnaðarfullt kjötborð. Tveir kjötiðnaðarmenn starfa hjá okkur við að þjóna viðskiptavininum eftir hans þörfum. Hægt er að panta alls kyns útfærslur af fylltum lambalærum eða lambahryggjum. Við erum með veglegt kjötborð og persónulega þjónustu. Allir geta fundið rétta jólamatinn enda er kjötborðið okkar sérstaða og starfsfólkið sinnir öllum óskum viðskiptavinarins.“

Það eru ekki margar verslanir sem bjóða upp á jafn fjölbreytt úrval í kjötborði og Fjarðarkaup. Viðskiptavinurinn velur kjötið sjálfur og því er pakkað á staðnum. Þannig veit fólk alltaf að hverju það gengur í Fjarðarkaupum. Þótt borðið sé stútfullt af jólakræsingum þessa dagana þá er einnig fiskborð í Fjarðarkaupum þar sem boðið er upp á nýjan fisk og fiskrétti. Gísli segir að sömuleiðis sé hægt að fá skötu en hún er í lofttæmdum umbúðum til þæginda fyrir viðskiptavininn.

Í Fjarðarkaupum er mikið vöruúrval og viðskiptavinir geta fengið allt sem þá vantar fyrir jólin. „Við erum með fjölbreytt meðlæti með jólamatnum, hvort sem það er með FK-hamborgarhryggnum eða öðrum réttum,“ segir Gísli en þess má geta að í Fjarðarkaupum er heimilisdeild þar sem er úrval af fallegri gjafavöru. Þá er hægt að grípa jólanáttfötin eða -nærfötin með í verslunarferðinni í Fjarðarkaup.

Verslunin Fjarðarkaup verður opin til kl. 19 í dag og á morgun en 22 á föstudag og laugardag. Hægt er að skoða afgreiðslutíma á heimasíðunni www.fjardarkaup.is



Kjötiðnaðarmenn geta útbúið kjötið eins og viðskiptavinurinn vill hafa það.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.ls, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.ls, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.ls, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.ls, s. 512 5433




# LESLJÓS FYLGIR

völdum bókum á **Heimkaup.is**

### Ragnar Ingi Aðalsteinsson




~~3.990 kr.~~ **3.390 kr.**

Hvað er íslenskara? Vísur af ýmsum toga, sumar þekktar, aðrar á fárra vitorði.

### Yrsa Sigurðardóttir




~~6.990 kr.~~ **4.990 kr.**

„Hún kann að tala um málin sem eru efst á baugi" Þorgeir Tryggvason, Kiljunni. Enn ein góð frá Yrsu.

### Ragnar Jónasson




~~6.990 kr.~~ **4.990 kr.**

„Þetta er frábærlega vel uppbyggð bók" Sigurður Valgeirsson, Kiljunni. Frábær á jólanótt.

### Arnaldur Indriðason




~~6.990 kr.~~ **5.490 kr.**

„Allt gerir hann óaðfinnanlega. Þetta er mjög fínn Arnaldur" Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni.

### Ásta Kristrún Ragnarsdóttir




~~6.490 kr.~~ **5.190 kr.**

Ásta Kristrún varpar ljósi á magnað lífshlaup formæðra sinna.

### Guðni Kolbeinsson þýddi




~~9.990 kr.~~ **7.490 kr.**

Hönnun í máli og myndum fyrir alla unnendur klassískrar hönnunar.

### Gunnar Helgason




~~4.890 kr.~~ **3.990 kr.**

Það er alltaf fjör í kringum fjölskyldu Stellu. Nú kemur amma á óvart og Stella segir frá af sínu alkunna fjöri.

### Sólveig Pálsdóttir




~~6.490 kr.~~ **4.890 kr.**

Ung kona hverfur sporlaust eins og himininn hafi gleypt hana. Hvaða óhugnaður býr í einangruninni?



**Frí heimsending!**
Gildir um allar sendingar yfir kr. 4.000

Tilboðið gildir 20-22 desember.

HEIMKAUP
Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700

# Góðar gjafir úr eldhúsinu

Heimatilbúnar gjafir standa alltaf fyrir sínu og þær hafa þann góða kost að safna hvorki ryki né taka pláss til lengri tíma. Slíkar gjafir má töfra fram á örstuttum tíma án mikillar fyrirhafnar.


Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is




Fáar gjafir eru jafnskemmtilegar og þær sem eru heimagerðar og ekki er verra ef hægt er að borða þær eða drekka. Hægt er útbúa slíkar gjafir með litlum fyrirvara og gefa í jólagjöf, eða við önnur tækifæri, enda eiga þær alltaf vel við.

### Skemmtileg vinagjöf

Kakó í krúttlegri krukku er sniðug gjöf sem tekur stuttan tíma að útbúa. Hér er að ferðinni tilvalin vinagjöf fyrir börn og unglinga því flestum á þeim aldri finnst heitt kakó gott. Allt sem þarf er falleg krukka, kakóduft, t.d. Swiss Miss, og loks sykurpúðar í þeirri stærð sem hver og einn kýs. Hrein krukka er fyllt að hálfu með kakódufti og síðan fyllt upp í hana með sykurpúðum í þeirri stærð sem hver og einn heldur mest upp á. Gaman er að skreyta krukkuna með flottum borða og jólabrjóstsykursstaf.

### Lofnarblómsedik

Lofnarblóm, eða lavender, hefur um aldir verið notað á margvíslegan hátt en það gefur frískandi ilm og á að hafa róandi áhrif. Það má t.d. setja þurrkuð lofnarblóm í litla taupoka og stinga inn í skáp til að fá ferskan ilm í föt, handklæði eða sængurföt. Slíkur poki gæti verið sæt aukagjöf. Hægt er að bæta þurrkuðum lofnarblómum út í líkamsskrúbbinn, baðolíuna eða hárnæringuna til að fá góðan og róandi ilm og það má jafnvel setja þau út í kökudeig. Svo má setja lofnarblóm út í edik, t.d. hvítvínsedik, og setja á fallega flösku og gefa í jólagjöf. Slíka blöndu er hægt að nota fyrir alhliða þrif og fá góða lykt í leiðinni. Best er að nota einn hluta af þurrkuðum lofnarblómum á móti fjórum hlutum af hvítvínsediki, svo sem ¼ bolla af lofnarblómum á móti einum bolla af borðediki. Gott er að blanda þessu saman í könnu og hella síðan yfir í fallega flösku, sem búið er að sótthreinsa og skreyta síðan að smekk.



Lofnarblóm má nota á margvíslegan hátt til að fá góða lykt í húsið.



Heimagerðar karamellur eru bragðgóðar og sniðugar til gjafa.



Kakó í krukku er vinaleg gjöf.

### Ómótstæðilegar karamellur

Flestum finnst gaman að búa til karamellur og ekki er verra að fá heimagerðar og gómsætar karamellur í jólagjöf. Þær má skera niður og pakka í fallegt sellófan eða bökunarpappír, setja í öskju og gleðja einhvern á jólunum.

**275 g púðursykur**
**325 g sykur**
**225 g smjör**
**350 g síróp**
**300 ml rjómi**
**175 ml mjólk**
**2 msk. vanilludropar**

Setjið allt hráefni í pott og hitið við lágan hita. Hrærið vel í á meðan blandan er að hitna. Látið hana ná 120-130°C hita og látið svo kólna lítillega. Hellið í mót sem er 20x20 cm að stærð (eða notið einfaldlega það mót sem er til, en þó ekki of stórt svo karamellurnar verði ekki þunnar). Látið kólna vel. Skerið í hæfilega stóra bita, pakkið inn í sellófan og lokið fyrir með skrautlegu bandi. Setjið í öskju eða dós og færið þeim sem þið viljið gleðja á jólunum.



Rauður drykkur með tvisti.

### Hindberjadrykkur með smá tvisti

**700 ml gin eða vodka**
**400 g frosin hindber**
**250 g sykur**
**kanilstöng**

Setjið gin, hindber, sykur og kanil í hreina krukku. Lokið vandlega og setjið í kæli. Hristið daglega næstu tvær vikurnar en svo vikulega næstu þrjá mánuðina. Með tímanum á blandan að verða fagurrauð. Eftir þrjá mánuði ætti blandan að vera tilbúin og má þá hella henni á flöskur til gjafa.

Einnig má nota vodka í staðinn fyrir gin. Ef ætlunin er að gefa hindberjagin í jólagjöf er hægt að setja fersk hindber í hreina og flotta flösku og hella gini eða vodka yfir en þá eru berin meira til skrauts en að gefa gott bragð. Hægt er að prófa sig áfram með eitt og annað, t.d. má setja nokkra bita af chili-ávextinum í flösku og hella vodka yfir og fá þannig sterkt bragð af drykknum.

### Kryddsalt

Kryddsalt er eitthvað sem allir geta notað. Nota má margs konar krydd, svo sem rósmarín, chili eða timían til að bragðbæta saltið.

**340 g saltflögur, t.d. Maldon salt**
**2 msk. timían eða 1 msk. rósmarín**

Setjið 110 g af salti og 1 msk. af kryddinu í matvinnsluvél og malið fínt. Blandið því sem eftir er saman við og látið saltblönduna þorna vel á grunnum diski í 2-3 klst. Hellið kryddsaltinu í smekklega glerkrukku og skreytið að vild.









# GEFÐU GÓÐAR STUNDIR




## GJÖF SEM SKEMMTIR




Hvort sem þú vilt gleðja tónlistarunnandann eða dansáhugamanninn, hvort sem viðtakandinn vill eiga kvöldstund í leikhúsinu eða styðja liðið sitt á íþróttavellinum, getur þú verið viss um að gjafakort frá midi.is uppfylli óskir vina og vandamanna. Það er auðvelt að gefa réttu gjöfina þegar úrvalið er nær óendanlegur fjöldi viðburða.

**Gjafakortin fást á midi.is.**

midi.is

# Ráð gegn jólaveislukvíða

Nú er jólahátíðin að skella á með tilheyrandi veisluhaldi og mannamótum. Margir fyllast kvíða fyrir jólaveislur og forðast þær jafnvel alfarið en hér eru nokkur ráð til að gera þær auðveldari.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Kannanir sýna að margir kvíða fyrir jólaveislum. Sumir fyllast kvíða við tilhugsunina um að þurfa að skemmta sér með öðrum en vanalega og óttast að vera ekki nógu skemmtilegur eða áhugaverður félagsskapur. Aðrir óttast sífellt að gera sig að fífli og hafa sérstakar áhyggjur af því að gera eitthvað sem þeir sjá eftir undir áhrifum áfengis.

En það eru til nokkur góð ráð sem geta hjálpað fólki að höndla kvíðann og gera sig ekki að fífli, hvort sem það er í veislu með vinum, fjölskyldu eða vinnufélögum.

Fyrsta og mikilvægasta ráðið er að fara varlega í áfengið. Það getur gert kvíðann og óöryggið bærilegra, en það er auðvelt að fara yfir strikið og líða illa eða haga sér á óviðeigandi hátt. Þegar líður á kvöldið getur kvíði eða aðrar neikvæðar tilfinningar líka komið aftur af auknum krafti. Það er heldur ekki hollt að reiða sig á áfengi til að komast í gegnum mannamót.

Ekki fela kvíðann. Láttu einhvern annan vita að þú sért kvíðin(n), til dæmis þann sem bauð þér eða vin þinn sem ætlar líka. Viðkomandi sýnir þér líklega samkennd og nærgætni og það getur hjálpað þér að slaka á. Ef þú ert líka hreinskilin(n) við fólk sem þú hittir í veislunni og segir því að þú eigir stundum erfitt með veislur er líklegt að fólk sýni þér samkennd og játi jafnvel að því líði eins. Það er um að gera að minnka þrýstinginn á sjálfan sig. Það ætlast enginn til að þú haldir uppi fjörinu.

Vertu með félaga. Hvort sem það er til að passa að þú ofgerir þér ekki í drykkjunni eða til að smyrja samskipti er gott að hafa smá stuðning. Ef það er enginn á staðnum sem þú vilt halla þér að er líka stundum gott að hafa samband við traustan vin og fá hann til að segja þér eitthvað gott um þig. Smá auka sjálfstraust skemmir ekki fyrir.

Ekki vera feimin(n) við að taka hlé frá veislunni og fara afsíðis til að ná áttum.

Vertu vakandi fyrir því þegar þú færð nóg. Þú þarft ekki að skammast þín fyrir að fara snemma og það er betra að fara á meðan það er enn gaman og fá góða upplifun en að vera lengur en þig langar og fara að leiðast eða líða illa.

Settu þér raunsæ markmið, eins og að kynna þig fyrir tveimur nýjum manneskjum, eða að vera að minnsta kosti klukkutíma í veislunni. Þá verður auðveldara að mæta.



Sumir fyllast kvíða við tilhugsunina um að mæta í jólaveislu. MYND/NORDIC-PHOTOS/GETTY

Undirbúðu umræðuefni. Það getur verið erfitt að spjalla við ókunnugt fólk en með því að spyrja út í áhugamál er oft hægt að finna sameiginlegan grundvöll og ef þú hefur lesið þér til um málefni líðandi stundar er hægt að ræða íþróttir, fréttir eða kvikmyndir.

Ekki flýja strax. Yfirleitt er kvíðinn verstur fyrst, en þegar þú venst umhverfinu minnkar hann fljótlega.

Mættu snemma. Það er eðlilegt að fresta því að mæta ef þú ert kvíðin(n), en það getur verið mun erfiðara að komast inn í samræður þegar líður á veisluna.

Mundu svo að fólki finnst þú örugglega vera indæl(l). Svo lengi sem þú ert kurteis á fólki ekki eftir að líka illa við þig eða finnast þú leiðinleg(ur).

Á leiðinni heim skaltu líka vera stolt(ur) af sjálfum þér. Þú lést kvíðann og óöryggið ekki koma í veg fyrir að þú gerðir eitthvað og það er ástæða til að vera ánægð(ur) með sig.






Norski unglingaþátturinn Skam er gríðarlega vinsæll víða um heim.

# Skam heldur vinsældum

Norsku þættirnir Skam eru umtöluðustu sjónvarpsþættir árið 2017 samkvæmt Tumblr-listanum. Þættirnir hrinda meira að segja Game of Thrones úr efsta sætinu. Þótt Skam hafi einungis verið sýndir á Norðurlöndunum, í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, á Íslandi og í Finnlandi, ná þeir engu að síður miklum vinsældum á alþjóðlegum lista eins og Trumblr er. Á eftir Skam koma Game of Thrones, Stranger Things og Walking Dead.

Tumblr samanstendur af 383 milljónum ólíkra bloggnotenda. Sömuleiðis er mikið rætt um Skam á Instagram. Breski miðillinn The Guardian útnefndi Skam bestu þættina fyrir samfélagsmiðlakynslóðina sem nú vex úr grasi. Skam þættirnir hafa ekki verið sýndir með enskum texta, en margir aðdáendur þeirra hafa textað þá sjálfir yfir á enska tungu.

Skam þættirnir voru fyrst sýndir á vef NRK og fengu strax ótrúlegt áhorf hjá unglingum. Aðdáendum þáttanna fjölgar stöðugt. Þá hafa heimsóknir á vef NRK, norska ríkissjónvarpsins, aukist umtalsvert frá því þættirnir hófu göngu sína. Metið var 9. þáttur í seríu þrjú sem fékk 1,2 milljónir áhorfenda.

**» Skam þættirnir hafa slegið í gegn hjá unglingum um allan heim, jafnvel þótt þeir hafi ekki enn verið sýndir með enskum texta.**

Á haustmánuðum 2016 flykktust danskir og sænskir unglingar inn á NRK og horfðu á þættina um leið og þeir glósuðu orðin sem þeir skildu ekki. Nú hefur verið gengið frá sýningu þáttanna í Hollandi, Þýskalandi, Ítalíu, Frakklandi og Spáni. Þá hefur Simon Fuller keypt réttinn á seríunni í Bandaríkjunum en hann er maðurinn á bak við marga vinsæla sjónvarpsþætti eins og Idol og fleira. Bandaríska útgáfan verður staðfærð fyrir þann markað.

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

STÓRA BÍLASALAN



VW Caddy 1.6 Disel m/ hillukerfi. Árgerð 2012, ekinn 44 Þ.KM, dísel, beinskiptur. TILBOÐ 1.590.000 +VSK. Rnr.136168.



NÝR BÍLL - VW Crafter 35 KR103. Dísel, Beinskiptur. Verð 3.390.000 +VSK. Rnr.136266.



VW Crafter Langur Háþekja. Árgerð 2015, ekinn 14 Þ.KM, dísel, 6 gírar. TILBOÐ 3.590.000 +VSK. Rnr.135490.



FORD Transit Connect. Árgerð 2013, ekinn 24 Þ.KM, Dísel, beinsk. TILBOÐ 1.490.000 +VSK. Rnr.136370.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

### Bílaþjónusta




### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.




**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

STIGA



**Snow Blizzard snjóblásari**
B&S mótor með rafstarti, 249cc
Dreifing 1 - 10 metrar
69cm vinnslubreidd
Með ljósum og á grófum dekkjum
Frábær í mikinn og erfiðan snjó

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

BÚÐU TIL ÞITT DAGATAL



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!.. eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

BÚÐU TIL ÞITT MYNDA-ALBÚM



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!.. eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www. humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677



Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið alla daga til jóla. Gítarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is

## Skötuveisla

# Skötuveisla
## á Cafe Catalinu

*Að venju verðum við með hið margrómaða vestfirska skötuhlaðborð á Þorláksmessu.*

**Stórskata • Saltfiskur**
**Plokkfiskur • Rófur**
**Kartöflur • Hamsatólg**
**Hnoðmör • Smjör • Rúgbrauð**
**Kaffi og konfekt**



**Hlaðborð í hádeginu frá kl. 11:30-14:00**
**og um kvöldið frá kl. 18:00-20:00**
**Húsið opnar kl. 11:00**



Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

## Til sölu

**MERINO ULLARNÆRFÖT**

OLYMPIA



Kr: 5.990

Kr: 5.490

**MERINO ULLARNÆRFÖT**

Mjúk og hlý nærföt
í störf og leik
100% merino ull
stærðir S - XXL

**Vesturröst**

Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

**TIL SÖLU NOTAÐ**



**Innkaupakerrur notaðar til sölu.**

Upplýsingar í síma
862 1668
eða 535 1300

**Verslunartækni ehf.**
**Draghálsi**

**TIL SÖLU NOTAÐ**



**Brettarekkar notaðir til sölu.**

Upplýsingar í síma
862 1668
eða 535 1300

**Verslunartækni ehf.**
**Draghálsi**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd og umönnun

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir krossar á leiði!**

3ja ára ábyrgð



JS LJÓSASMIDJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

## Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**

Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**

165 fm húsnæði á götuhæð að Nýbýlavegi 8 með inngang og glugga að Nýbýlavegi. Húsnæðið hefur verið nýtt undir matvælaframleiðslu, og hentar afar vel undir veitingastað eða matvælaframleiðslu.

**Nánar: hafsteinn@ lundurfasteignir.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... Ófbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn.

**Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi**

**www.hagvangur.is**

## Tilkynningar

# SKIPULAGSBREYTING

Breyting, Krýsuvíkurvegur, Hamranes- tengivirki. Deiliskipulag.

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 14.nóv. 2017 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar. Skipulags- og byggingarráð samþykkti að málsmeðferð deiliskipulagsins yrði í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem hér er um óverulega breytingu á núverandi nýtingu lóðar að ræða og heimilar auglýsingu þess með vísan til 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Breytingin felst m.a. í því að lega aðkomuvegar er uppfærð og vegarstæði hliðrað til suðurs á hluta vegstæðisins. Lóð Landsnets er skipt upp í tvær lóðir. Ný lóð fyrir aðveitustöð HS-veitna er afmörkuð innan núverandi lóðar Landsnets. Ný girðing verður sett upp á lóðarmörkum milli lóða Landsnets og HS-veitna. Gert er ráð fyrir að nýir jarðstrengir sem tengjast rafveitukerfi Hafnarfjarðar verði lagðir frá aðveitustöð HS-veitna.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu Norðurhellu 2, frá 20.12. 2017 til 01. 02. 2018 og á **hafnarfjordur.is**

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 1. febrúar 2018. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagsþjónustu. Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

## Atvinna



**Valka**

valka.is

# VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM RAFVIRKJA

**Valka óskar eftir rafvirkja í samsetningu á hátækni fiskvinnslubúnaði. Um er að ræða fjölbreytt starf hjá vaxandi fyrirtæki. Við leitum að öflugum einstaklingi til liðs við góðan hóp í jákvæðu starfsumhverfi. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.**

**Starfssvið:**

- Samsetning á tækjum sem Valka framleiðir
- Prófanir á tækjum
- Þátttaka í uppsetningu á tækjabúnaði bæði innanlands sem og erlendis

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Sveins- eða meistarapróf í rafvirkjun
- Reynsla af samsetningu á rafeindavörum er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður

Hlutverk okkar er að hanna og framleiða hátæknilausnir fyrir vinnslu á fiski með það að markmiði að auka afköst, nákvæmni og framleiðni í samræmi við óskir viðskiptavina okkar.

Framtíð fyrirtækisins byggir á hæfu, heiðarlegu og framsækinni starfsfólki sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Róbert Hafsteinsson, Framleiðslustjóri í síma 430 0600.

**Umsóknarfrestur er til 28. desember nk.**

Umsóknir sendist á **robert@valka.is**

Kría hönnunarstofa www.kria.is

kannski það stærsta var þessi fókus á hráefnisöflunina eða að mörkuð sé stefna um að hún sé sjálfbær og svo áhættugreining um öll hráefni. Við fengum Christine Archer sem hafði unnið að hráefnisöflun fyrir Body Shop og við erum komnir með heila gegnsæisskýrslu (e. transparency report) þar sem hægt er að lesa allt um okkar hráefni og framleiðslu. Þetta er grunnurinn til að fara lengra með fyrirtækið og núna tekur við næsti fasi með fjárfestunum að greina og ákveða hvað við ætlum í rauninni að fara að gera enda margar dyr opnar varðandi sölu, dreifingu og jafnvel sérleyfisþælingar.“

Omnom byggir að sögn Óskars á nokkrum tekjustoðum. Í fyrsta lagi er um að ræða smásölu til ferðamanna, söluna í Leifsstöð og í verslun Omnom við Hólmaslóð þar sem boðið er upp á skoðunarferðir um framleiðslugólfið. Salan byggir í öðru lagi á dreifingu í verslanir hér á landi, nýopnaðri netverslun og útflutningi.

„Á þessu ári höfum við tekið um tvö þúsund gesti hingað inn. Okkur langar að breyta og gera þetta enn þá skemmtilegra og meiri upplifun. Við erum með mjög stórar hugmyndir varðandi þetta vörumerki og viljum komast nær neytandanum með okkar bragðupplifun og umhverfi. Markmiðið okkar á þessu ári var að auka aðgengi að vörunum hér heima. Innanlandsmarkaðurinn er um 85 prósent en það eru um 60 prósent útlendinga sem kaupa vöruna samt sem áður. Um jólin erum við mikið í fyrirtækjasölum og gjöfum og síðustu dagana fyrir jól er mikil traffík niðri í búð. Íslendingar hafa tekið okkur mjög vel og við erum mjög þakklát fyrir það,“ segir Óskar.

„Við framleiðum um 2.000 til 2.500 plötur á dag og vinnum að aukinni sjálfvirkni og pökkun þannig að við ættum að geta tvöfaldað framleiðsluna á næsta ári. Satt best að segja eigum við ekki mikið eftir með þessi tæki og tól hérna því þetta eru enn svolítil „hobbítæki“ og við byrjum að skoða það á næsta ári hvaða möguleika við eigum. Við viljum vera á Íslandi enda landið með góða ímynd og þekkt fyrir hreinleika og öryggi. Við gætum verið hvar sem er en stefnan er klárlega að vera hér áfram.“


Omnom framleiðir nú um 20 tegundir af súkkulaði og húðuðum maltkúlum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Stillt á sjálfstýringu

Þrjú lönd eða Bandaríkin, Bretland og Japan eru mikilvægustu markaðir Omnom að Íslandi undanskildu. Óskar segir vörurnar eftirsóttar af kaupmönnum frá öðrum löndum en stjórnendur súkkulaðigerðarinnar hafi ákveðið að bíða með frekari vöxt þangað til mörkuð hafi verið sú stefna sem hann hefur áður nefnt.

„Það er eiginlega ekki enn markviss áhersla nema á Íslandi og hitt meira á sjálfstýringu. […] Við þurfum einungis að hafa komið okkur vel fyrir á einum af þessum mörkuðum svo þetta gangi upp og þá verðum við orðnir mjög stórt vörumerki í súkkulaðibransanum. Árið í ár erum við að sjá 20-25 prósenta meiri sölu miðað við í fyrra en mánuðirnir mars, apríl, maí og júní voru nokkuð erfiðir. Gengið styrktist náttúrlega mikið og það var breyting í samfélaginu til dæmis með komu Costco. Frá júlí og til desember hefur verið 30-40 prósenta aukning miðað við í fyrra en svo held ég að við séum að sjá áhrifin frá Costco núna í desember.

Óskar svarar aðspurður að vinsælasta vara Omnom sé súkkulaðið sem inniheldur lakkrís og sjávarsalt. Vinsældir regnbogastykkisins svokallaða, Carmel + Milk, hafi aftur á móti aukist jafnt og þétt síðan það var kynnt fyrir Hinsegin daga og þróað í samstarfi við hátíðina. Fyrirtækið flytur inn kakóbaunir frá Níkaragva, Tansaníu og Madagaskar og kaupir af innlendum framleiðendum á borð við Mjólkursamsöluna (MS) og Saltverk.

„Við framleiðum tíu tegundir í dag plús fimm kúlur og svo erum við með fimm hátíðarstykki. Þetta eru því í kringum 20 tegundir í framleiðslu yfir árið. Markmiðið fyrir næsta ár er að koma með minni einingar sem við höfum verið beðnir um frá byrjun. Svona 20 gramma súkkulaðistykki sem eru aðgengilegri á lægra verði. Það er stefnan að koma með það á næsta ári og margt annað skemmtilegt á teikniborðinu.

Við eigendurnir hérna vitum það og þurfum að sýna okkar fjárfestum í raun og veru hvað Omnom á að vera. Arion banki hefur hjálpað okkur mikið í fjármögnun og haft trú á okkur. Fjármögnun næsta árs verður einfaldlega sú að fjármagna vöxt. Rekstrarkostnaður er auðvitað hár eins og öll fyrirtæki finna fyrir og við höfum ekki fengið neina styrki eða annað slíkt og erum nú með nítján launaseðla um áramót. Við þurfum að fjármagna rannsóknir og vöruþróun inn í framtíðina og ég er að ákveða hvar ég mun sækja það.“

*Nú hafið þið gengið í gegnum ýmislegt. Hefur þig einhvern tímann langað að leggja árar í bát?* „Nei, aldrei. Þetta hefur ekki alltaf verið létt en ég veit ekki hvort maður hefði farið út í þetta hefði maður vitað hvað þetta yrði erfitt. Það tekur á að koma með neytendavöru á markað en er ótrúlega skemmtilegt á sama tíma. Við fáum mikið af góðum umsögnum og hrósi á hverjum degi sem heldur manni gangandi. Þetta væri öðruvísi ef við hefðum alltaf ætlað okkur að vera lítill súkkulaðiframleiðandi á Íslandi en ekki heimsþekkt vörumerki.“



# Skotsilfur

## Stöðugleikinn



Helstu áherslur nýrrar ríkisstjórnar í gengismálum munu miða að því að tryggja stöðugleika krónunnar og koma í veg fyrir miklar gengissveiflur, ef marka má orð **Katrínar Jakobsdóttur** forsætisráðherra í nýlegu viðtali við Reuters. Í viðtalinu segir hún það ekki raunhæfa leið að festa gengi krónunnar við evru, líkt og fyrrverandi fjármálaráðherra talaði fyrir, og auk þess sé ríkisstjórnin á einu máli um að Ísland eigi ekki að ganga í Evrópusambandið. Katrín minnir á að verkefnisstjórn, sem var falið að endurmeta peningastefnuna, muni skila af sér á næsta ári og í kjölfarið verði sennilega gerðar nauðsynlegar úrbætur á ramma peningastefnunnar.

## Kveður Dalinn



Fjárfestirinn Hilmar Þór Kristinsson er farinn út úr hluthafahópi eignarhaldsfélagsins Dalsins, eiganda Birtíngs útgáfufélags og Pressunnar. Hilmar átti áður 20 prósenta hlut líkt og hinir fjórir núverandi hluthafar. Þar má finna viðskiptafélagana Árna Harðarson, **Róbert Wessman** og Halldór Kristmannsson, sem allir eiga núna fjórðungshlut ásamt Jóhanni G. Jóhannssyni. Þeir hafa nú um nokkurra mánaða skeið átt í deilum við Björn Inga Hrafnsson, fyrrverandi útgefanda og hluthafa Pressunnar, sem fékk þá til að fjárfesta í bæði Birtíngi og þeim fjölmiðlum sem áður tilheyrðu hinni nú gjaldþrota Pressu.

## Tekur við ÍV



Rúmlega fimm mánuðum eftir að Sigþóri Jónssyni var sagt upp störfum sem framkvæmdastjóra Íslenskra verðbréfa hefur stjórn félagsins ráðið eftirmann hans en það er **Jón Helgi Pétursson.** Hann hafði gegnt stöðu framkvæmdastjóra ÍV til bráðabrigða á síðustu mánuðum en var áður forstöðumaður rekstrarsviðs fyrirtækisins. Jón Helgi hefur starfað í tæp átján ár á fjármálamarkaði, þar af síðustu þrettán ár innan samstæðu Íslenskra verðbréfa, lengst af sem framkvæmdastjóri ÍV sjóða.

# Allt á fullu á Wall Street




Miðlarar á gólfi kauphallarinnar í New York höfðu í nægu að snúast í gær en talsvert var um viðskipti með verðbréf samhliða umræðu í bandaríska þinginu um skattafrumvarp Donalds Trump. Dow Jones vísitalan hækkaði í gærmorgun þegar umræður hófust. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Umræða um innihald



**Katrín Júlíusdóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

Nýr stjórnarsáttmáli kveður á um að rita eigi Hvítbók um fjármálakerfið. Við hjá Samtökum fjármálafyrirtækja fögnum því í ljósi umræðu á vettvangi stjórnmálanna um nauðsyn þess að endurskipuleggja fjármálakerfið. Vandinn við þá umræðu hefur verið að mest hefur verið rætt um eignarhald en lítið fjallað um innihald fjármálastarfsemi og oftar en ekki er rætt um fjármálastarfsemi á forsendum sem ekki eru lengur til staðar. Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað á undanförnum árum. Þannig hafa verið gerðar grundvallarbreytingar á regluverki fjármálafyrirtækja og á rekstrarumhverfið í dag lítið sem ekkert skylt við það sem þekktist áður en að fjármálakreppan skall á árið 2008. Fram undan eru enn frekari breytingar og bíða nú á fjórða hundrað EES-gerðir innleiðingar hér á landi. Ofan á þetta verður ekki litið fram hjá því að stafræna byltingin er nú þegar farin að hafa veruleg áhrif á fjármálastarfsemi og sér ekki fyrir endann á þeim breytingum.

Þó nokkrar þeirra gerða sem bíða innleiðingar munu hafa veruleg áhrif á allt starfsumhverfi fjármálaþjónustu hér á landi og í Evrópu allri. Umbreyting á regluverkinu hingað til hefur leitt til þess að bankar, vátryggingafélög og verðbréfafyrirtæki hafa þurft að aðlaga sig breyttum aðstæðum til þess að sinna grundvallarhlutverki sínu með skilvirkum hætti – umbreyta sparnaði í fjárfestingu og dreifa áhættu og styðja þar við efnahagslífið og samfélagið í heild sinni.

### Fjártæknin breytir öllu

Framþróun svokallaðrar fjártækni (e. fintech) er einnig að leiða til mikilla umbreytinga á fjármálamarkaði. Fyrirtæki, sem eru ekki hefðbundnir bankar, vátryggingafyrirtæki og verðbréfafyrirtæki og lúta þar af leiðandi ekki sama regluverki, eru í vaxandi mæli farin að veita hefðbundna fjármálaþjónustu á borð við lánastarfsemi og greiðslumiðlun.

Innleiðing nýrrar greiðsluþjónustutilskipunar Evrópusambandsins (PSD II) mun valda straumhvörfum í þessum efnum og auka enn frekar samkeppni á ákveðnum sviðum fjármálaþjónustu, þvert á landamæri. PSD II-tilskipunin skapar sameiginlegan markað fyrir greiðsluþjónustu í Evrópu með það að markmiði að auka samkeppni og tryggja nýsköpun á þessu sviði. Ein veigamesta breytingin sem innleiðing tilskipunarinnar hefur í för með sér er að hún opnar fyrir aðgengi fyrirtækja að innlánsreikningum viðskiptavina fjármálafyrirtækja. Þetta þýðir að viðskiptabankar verða að veita öðrum fyrirtækjum óhindrað aðgengi að reikningum viðskiptavina sem veita til þess heimild. Á sama tíma felur tilskipunin í sér að viðskiptabankinn getur ekki innheimt viðbótargjald hvorki af viðkomandi fyrirtækjum né af viðskiptavininum. Þetta aðgengi verður jafnframt staðlað þannig að nánast öll fyrirtæki sem eigandi innlánsreiknings veitir heimild fyrir geta fengið aðgang án mikillar fyrirhafnar eða þröskulda.

Innleiðing tilskipunarinnar mun auðvelda nýjum keppinautum hefðbundinna fjármálafyrirtækja að veita viðskiptavinum sínum fjármálaþjónustu. Sumir sérfræðingar telja að þetta muni þrengja verulega að stöðu banka svo dæmi séu tekin. Þannig telja sérfræðingar Sopra Banking að tekjur evrópskra viðskiptabanka muni dragast saman um fjórðung á næstu árum vegna breytinganna. Aðrir sérfræðingar eru bjartsýnni fyrir hönd bankanna og sjá sóknarfæri í breytingunum.

### Fjölmargar spurningar

Hér á landi eru fjármálafyrirtæki og tryggingafélög að auka þjónustu sína með stafrænum lausnum og má segja að mörg þeirra séu hratt að breytast í fjártæknifyrirtæki. En allar þessar breytingar þarf að ræða. Spurningarnar sem við þurfum að velta upp eru fjölmargar. Hvaða áhrif munu þessar breytingar hafa á íslenskt efnahagslíf? Á efnahagslegt sjálfstæði okkar? Hvernig gerum við íslenskum fjármálafyrirtækjum kleift að keppa í þessu nýja samkeppnisumhverfi á jafnræðisgrunni? Hver eru áhrif fjártækninnar og allra breytinganna sem EES-gerðirnar leiða af sér á lítinn markað eins og Ísland? Hvernig tryggjum við aðgengi íslenskra fyrirtækja að fjármögnun í þessu nýja umhverfi?

Svona gætum við spurt áfram og vonandi verður allt þetta krufið í nýrri Hvítbók um fjármálakerfið hér landi. Við munum leggja okkar af mörkum til þessarar umræðu og hvetjum alla til að gera slíkt hið sama því þessi þróun kemur okkur öllum við.

# Verðmæti í heilbrigðri fyrirtækjamenningu



**Sigríður Hrund Guðmundsdóttir**
rekstrarhagfræðingur, MBA og FKA-félagskona

Það hefur ekki farið fram hjá mér frekar en öðrum sú vitundarvakning sem hefur orðið með #metoo sögum úr atvinnulífinu. Átakanlegar sögur um kynferðislega áreitni, ofbeldi og valdníðslu sem eru ekki bundnar við ákveðnar starfsstéttir heldur virðast vera undirliggjandi mein í fyrirtækjamenningu á Íslandi.

Ég held að fjármálageirinn sé þar engin undantekning þó þær sögur hafi ekki komið fram. Þar hafa löngum ríkt karllæg gildi þar sem hæfileikaríkum konum hefur alltof oft verið ýtt til hliðar í valdi karla. Ég var lengi í þessum geira þar sem ég var bara ein af strákunum og sem slík upplifði ég jafnan virðingu jafnt á við aðra. Aftur á móti veit ég um of mörg dæmi um annað, þrátt fyrir yfirlýsingu stjórnenda um góða stjórnarhætti.

Það er mjög jákvætt að Samtök atvinnulífsins koma strax fram og fordæma kynferðislega áreitni og valdbeitingu á vinnustað og viðurkenna að í ljósi allra saganna sé þetta raunverulegt vandamál og ítreka mikilvægi þess að fyrirtæki bregðist við af ábyrgð til að tækla þessi mál innanhúss, komi þau upp, og skapa farveg til að fyrirbyggja að slík mál komi upp. Nú eru flest stærri fyrirtæki með stefnu um ábyrga og góða stjórnarhætti og „siða- og samskiptareglur starfsmanna“ þar sem vönduð vinnubrögð og fagmennska eru höfð að leiðarljósi. En það er ekki nóg að það líti vel út á blaði. Verkferlar þurfa að vera skýrir, lifandi og sýnilegir öllum starfsmönnum svo þeir viti hvert og hvernig þeir eigi að snúa sér komi áreitni upp. Það er jú samfélagslagsleg ábyrgð að skapa þannig vinnuumhverfi að það sé sjálfsagt mál að konur og karlar geti unnið saman án þess að karlremban breytist í hellisbúann – og leggi konuna með frumstæðum hvötum og valdníðslu.

Slæm fyrirtækjamenning er tap fyrir fjárfesta og kostnaðarsöm fyrir samfélagið, þar sem mikil þekking og orka fer forgörðum. Konur breyta þessu ekki einar sér – ekki heldur karlar. Við þurfum að vinna að þessu saman, sem samfélag, hlusta á hvert annað og breyta því hugarfari sem hefur verið ríkjandi.

# MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS




## Vilt þú að auglýsingar þínar skili árangri?

Stærstu og mikilvægustu mánuðir ársins í auglýsingum eru framundan og því skiptir máli að ná til sem flestra og ná hámarks árangri.

Hafðu samband í síma **512 5401** eða sendu tölvupóst á **auglysingar@frettabladid.is** og við aðstoðum þig við að finna lausn sem hentar þínum þörfum.



**Fréttablaðið**
62,6%

**Morgunblaðið**
28,2%

**VB**
13%

**DV**
11,9%

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft

Heimild: Blaðakönnun Gallup, júl-sep. 2017. Meðallestur á tölublað, 35-65 ára hbsv.

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 20. desember 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


# KEA kaupir átta prósenta hlut í TFII

Fjárfestingafélagið KEA hefur keypt átta prósenta eignarhlut í framtakssjóðnum TFII slhf. sem er í umsýslu Íslenskra verðbréfa. Sjóðurinn er þrír milljarðar að stærð og var settur á laggirnar fyrr á árinu og er ætlað að fjárfesta í óskráðum milli- og meðalstórum fyrirtækjum. Verður aðaláherslan lögð á fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins.

Frá þessu er greint á heimasíðu KEA. Hluthafar framtakssjóðsins, sem eru lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestar, eru átján talsins. Kaup KEA á hlut í TFII voru gerð samhliða því að félagið seldi allan 22 prósenta eignarhlut sinn í Hreinsitækni fyrir skemmstu. Kaupandinn að þeim hlut var TFII og á sjóðurinn rúmlega helming hlutafjár í Hreinsitækni eftir viðskiptin.

Stefnt er að því að framtakssjóðurinn TFII verði fimm milljarðar króna að stærð. Fjárfestingatímabil er þrjú ár frá fyrstu lokun og leitast verður við að selja allar fjárfestingar sjóðsins innan 5 ára frá lokun fjárfestingatímabils. **– hae**

19.12.2017

**Pressumál af minni hálfu er ekki flókið mál. Ég og fleiri töpuðum talsverðum fjármunum á félaginu og ekkert sem við getum gert í því nema séð eftir þátttökunni.**



Árni Harðarson, aðstoðarforstjóri Alvogen

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Breytt landslag

**Athyglisvert er** að lesa um risakaup Disney á tilteknum eignum Twentieth Century Fox. Kaupverðið er ríflega 52 milljarðar Bandaríkjadala og greiðist að fullu með hlutabréfum í sameinuðu félagi. Þessi kaup, sem bíða staðfestingar samkeppnisyfirvalda, eru merkileg af mörgum ástæðum.

**Í fyrsta lagi** er þetta stærsta gagnsókn hefðbundins fjölmiðlafyrirtækis gegn nýmiðlunum til þessa. Disney er að hasla sér völl gegn aðilum á borð við Netflix sem byggja veldi sitt á framleiðslu á eigin efni sem þeir streyma gegnum internetið. Raunar fylgir sögunni að Disney líti einnig á bæði Facebook og YouTube sem keppinauta. Það gefur góða vísbendingu um þankagang þeirra sem stýra Disney-skútunni.

**Með í kaupunum** fylgir fjöldinn allur af kvikmynda- og sjónvarpsstúdíóum, sem framleiða allt frá Hollywood-stórmyndum, þáttaröðum eins og Simpsons og bresku efni á borð við Broadchurch. Hlutur Fox í efnisveitunni Hulu fylgir með en einnig hefur verið gefið út að Disney ætli að setja á laggirnar tvær streymiþjónustur til viðbótar. Skilaboðin eru skýr. Disney ætlar að eiga bæði efnið og dreifileiðina. Þessu til viðbótar á Fox tæplega 40% í breska sjónvarpsrisanum Sky, og hefur gert yfirtökutilboð í það sem upp á vantar. Innan Sky er sennilega mesta sérþekking á íþróttaefni sem fyrirfinnst. Líklegt er að Sky ætli sér stóra hluti á því sviði einnig.

**Í öðru lagi** þá er merkilegt að bera kaup Disney á Fox saman við nýleg kaup Vodafone á sjónvarps- og fjarskiptarekstri 365 miðla hér á landi. Þar er hugsunin vafalaust svipuð þeirri hjá Disney, en gott að sjá að innlendir aðilar virðast fylgjast vel með alþjóðlegri þróun. Athyglisvert verður að fylgjast með stjórnendum Vodafone kynna kaupin betur fyrir markaðnum á nýju ári. Loks marka kaup Disney á Fox þáttaskil á breskum og bandarískum markaði að því leyti að Rupert Murdoch, sem verið hefur valdamesti maður heims að sumra mati gegnum eignarhald sitt á fjölmiðlum, dregur nú verulega úr umsvifum sínum.

**Murdoch** hefur iðulega verið réttum megin sögunnar þegar kemur að sviptingum á fjölmiðlamarkaði og því veit á gott fyrir Disney að hann verði nú meðal stærstu eigenda sameinaðs félags. Murdoch veit sínu viti hvað sem mönnum kann að finnast um hann að öðru leyti.


ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is






# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

LG Life's Good

**LG 43UJ635V**
43" IPS LED snjallsjónvarp með UHD 4K 3840x2160 upplausn. webOS 3.5 nettenging með opnum netvafra og innbyggðu Netflix í 4K. 3 HDMI og 2 USB tengi.

**TILBOÐ 84.995**
FULLT VERÐ 92.995




JBL



Bluetooth

ÞRÍR LITIR

**JBL T450BT**
Samanbrjótanleg heyrnartól með innbyggðum hljóðnema. JBL Pure Bass sound. Allt að 11 klst rafhlaða.

**VERÐ 6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## DOLCE GUSTO KYNNING

KYNNING Á NÝJUM DOLCE GUSTO KAFFIVÉLUM

NESCAFÉ Dolce Gusto

## ALLAR VÉLAR Á TILBOÐI



**GÓMSÆTUR KAUPAUKI FYLGIR!**

Flottur kaffistandur að verðmæti 3.995 fylgir einnig öllum sjálfvirkum kaffivélum.





PHILIPS

**Philips HP8656**
Glæsilegt hársett 5in1 – endalausir möguleikar. Sléttir, krullar, greiðir, þurrkar og lyftir. Jónatækni og hitavörn, taska fylgir.

**VERÐ 9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



LG Life's Good

**LG NP5550BK/WH**
Nettur og fallegur bluetooth hátalari með 10W magnara og bluetooth fyrir allt að 3 tæki í einu. Allt að 15 klst ending á rafhlöðu. Fáanlegur í hvítu og svörtu.

**TILBOÐ 6.995**
FULLT VERÐ 12.995

MELISSA

**Melissa 16310176**
Sous Vide vacuumsuðutæki fyrir alla potta. Dælir vatni í 360° með nákvæmri hitastýringu upp á 0,1°C frá 5-100°C. Með LED skjá.



**TILBOÐ 9.995**
FULLT VERÐ 12.995



PHILIPS

*Oneblade Pro*

*Sker hár, ekki húð*

Klippir, rakar og snyrtir allar hárlengdir af nákvæmni

PHILIPS



**Philips PT72380**
Rakvél með hleðslu með Comfort Cut blöðum fyrir þægilegri og fljótlegri rakstur. Vandaður og kraftmikill nefhárasnyrtir fylgir.

**VERÐ 12.995**
FRÁBÆRT VERÐ

ÅVIKEN



**Aviken 905**
1600W 2x sneiða vöfflujárn með húðuðu járni svo vöfflurnar festast síður við. Lætur vita þegar vöfflur eru tilbúnar með ljósi.

*Má geyma upprétt.*

**VERÐ 10.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Ariete

**Ariete 2954**
Retro poppvél með heitum blæstri tekur 2 mínútur að poppa. Gegnsætt lok með áfyllingar íláti.



**VERÐ 4.995**
FRÁBÆRT VERÐ




Heimilistæki ht.is

OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM OG TIL 23 Á ÞORLÁKSMESSU

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ósk Elín Jóhannesdóttir**

sem lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 4. desember, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 22. desember klukkan 13.

**Ólafur Sverrisson**
**Sigurlaug Ragnhildur Sævarsdóttir**
**Sævar Unnar Ólafsson**
**Ólöf Bessa Ólafsdóttir Berntzen**
**Sverrir Halldór Ólafsson**
**Jóhannes Ragnar Ólafsson**
**Margrét Rebekka Ólafsdóttir**
**Óskar Elías Ólafsson**
**tengdabörn og barnabörn.**



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Gauja Guðrún Magnúsdóttir**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 14. desember sl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju 28. desember kl. 13.

**Magnús Jón Kjartansson** — **Sigríður Kolbrún Oddsdóttir**
**Finnbogi Gunnar Kjartansson** — **Þuríður Kristín Hallgrímsdóttir**
**Sigrún Kjartansdóttir** — **Bjarni Jóhannes Guðmundsson**
**Ingvi Jón Kjartansson** — **Erna Ólafsdóttir**
**Kjartan Már Kjartansson** — **Jónína Guðjónsdóttir**
**Viktor Borgar Kjartansson** — **Margrethe Ødegaard**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Eyjólfs Gíslasonar**
Kríulandi 19, Garði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Reykjanesbæ, D-deildar HSS og kvenfélagsins Gefnar. Hugheilar jólakveðjur

**Helga Þórdís Tryggvadóttir**
**Gísli Matthías Eyjólfsson** — **Ólafía Ólafsdóttir**
**Magnús Eyjólfsson** — **Þóranna Guðmundsdóttir**
**Kristín Eyjólfsdóttir** — **Hólmberg Magnússon**
**Gunnar Björn Eyjólfsson** — **Susana Araojo**
**Ingibjörg Þorgerður Eyjólfsdóttir**
**Kristbjörg Eyjólfsdóttir** — **Arnar Magnússon**
**Guðrún Eyjólfsdóttir** — **Sean Brennan**
**Eygló Eyjólfsdóttir** — **Árni Ingason**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúðarkveðjur og sýndan hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Hannessonar**
frá Brimhólum, Vestmannaeyjum, síðast til heimilis í Fögrubrekku 34, Kópavogi.

Lokaorð hans sjálfs, á dánarbeðinum, voru að hann væri afskaplega þakklátur og þakkaði öllum fyrir allt sem gert hefði verið fyrir hann. Við eru öll stolt af honum.

**Brynjólfur Jónsson** — **Kristín Siggeirsdóttir**
**Hannes R. Jónsson** — **Beatriz Ramirez Martinez**
**Guðrún Jónsdóttir** — **Eiríkur I. Eiríksson**
**Soffía Jónsdóttir** — **Björn L. Bergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**„Það var meiri samkennd áður fyrr," segir Brynleifur en lætur samt vel af vistinni á Skjóli.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ég var alltaf hrifnari af vélum en hestum

**Skagfirðingurinn Brynjólfur Sigurjónsson, bifreiðastjóri frá Geldingaholti, er hundrað ára í dag. Hann er ern, les enn sér til skemmtunar og tekur eina og eina skák við vini sína.**

Hingað til hefur fólk í minni fjölskyldu bara dáið á venjulegum aldri, til dæmis systkini mín. Það á enginn að verða svona gamall," segir hinn hundrað ára Brynleifur Sigurjónsson bifreiðastjóri inntur eftir hvort langlífið sé ættgengt. En hann situr teinréttur í hægindastól í herbergi sínu á Skjóli í Reykjavík. Þó hann segi ýmislegt hrjá hann, les hann enn sér til skemmtunar og á borði er tafl til taks, enda kveðst hann hafa gaman af að taka eina og eina skák.

Brynleifur ólst upp að Geldingaholti í Skagafirði frá fimm ára aldri, yngstur í sex systkina hópi, en fæddist að Gili í Svartárdal, hinum megin við Vatnsskarðið og á sína fyrstu minningu þaðan. „Ég sofnaði iðulega á stórum steini sem gekk út í lækinn rétt við bæinn, niðurinn var svo róandi."

Geldingaholt er í miðri sveit og stutt til næstu bæja. Hann fylgdist með þéttbýlinu í Varmahlíð verða til og var meðal sjálfboðaliða sem byggðu þar upp sundlaug. Hann kveðst ekki skáld og ber líka af sér að vera söngmaður. „En það er söngfólk í ættinni," segir hann og nefnir Álftagerðisbræður. Hestamaður? „Nei, ég hafði meiri áhuga á vélum. Það var bylting þegar þær komu," segir hann brosandi og minnist ársins 1946 þegar bræður hans keyptu bæði jeppa og Ferguson á heimilið. Þá var gaman að lifa.

Fljótlega eftir að Brynleifur flutti suður fór hann út í leigubílaakstur, ásamt félaga sínum Vagni Kristjánssyni, og gekk í bílstjórafélagið Hreyfil. „Maður kynntist mörgum kringum aksturinn. Ég keyrði til dæmis oft Steingrím Steinþórsson forsætisráðherra, sem var fínasti karl, alveg framúrskarandi. Síðar fórum við Vagn út í vöruflutninga og vorum í þeim í áratugi. Keyrðum öl frá Ölgerðinni til Akureyrar og Bragakaffi og aðrar iðnaðarvörur suður," lýsir Brynleifur sem bjó lengst af í Þingholtunum með konu sinni, Öldu Gísladóttur, sem hann missti árið 2011 eftir 55 ára sambúð.

Brynleifur brosir þegar hann rifjar upp afmælin í æsku „Það var hitað súkkulaði og borðað eitthvað gott með," segir hann og býst líka við að hellt verði á könnuna síðdegis í dag í sal á Skúlagötu 40, í tilefni aldarafmælisins.

**gun@frettabladid.is**

✝

Ástkær móðir okkar,

**Jakobína G. Finnbogadóttir**
Bíbí

er látin.

**Nanna D. Björnsdóttir**
**Ólöf G. Björnsdóttir**
**Sveinbjörn E. Björnsson**
**Helga L. Björnsdóttir**
**Guðrún Þ. Björnsdóttir**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskuðu

**Sigrúnar Sigurjónsdóttur**
Boðaþingi 24.

**Jón Ragnar Kristfinnsson** — **Margrét Lilja Einarsdóttir**
**Edda Þórey Kristfinnsdóttir** — **Sigurjón Guðmundsson**
**Sverrir Kristfinnsson** — **Heike Wiese**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Una Þóra Steinþórsdóttir**
kennari,
Barmahlíð 7,

lést á líknardeildinni í Kópavogi sunnudaginn 17. desember.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 28. desember klukkan 13.

**Bessi Gíslason**
**Gísli Þór Bessason**
**Sólveig Bessadóttir**
**Sigrún Bessadóttir** — **Iiro Nummela**
**Margrét Bessadóttir** — **Kristinn Kristjánsson**
**Una Ásrún, Ásmundur Bessi, Katla, Ása Kristín, Bjarmi, Kolbrá Una og Emil Mikael**



✝

**Birgir Örn Birgis**
Dalalandi 11,

lést mánudaginn 11. desember.
Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 21. desember klukkan 13.00.

**Guðrún Hulda Birgis** — **Kristján Þór Gunnarsson**
**Birgir Svanur Birgis** — **Ragnheiður H. Ragnarsdóttir**
**Kristjana R. Birgis** — **Mikael Fransson Tölgyes**
**Anna Birgis** — **Hjálmar W. Hannesson**
**Margrét Birgis**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




## P2

kr. 21.500,-



## H8

kr. 67.000,-



## Beolit 17

kr. 69.900,-





## A1

kr. 34.000,-

## A2

kr. 45.900,-





## E8

kr. 42.900,-

# Góð hugmynd - magnaður hljómur

Velkomin í glæsilega verslun Bang & Olufsen í Lágmúla 8 og heyrið hljóminn.

BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - Sími 530 2800

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Í dag er útlit fyrir allhvassa suðvestanátt með þéttum éljagangi, en bjartviðri um landið norðaustanvert. Hiti um frostmark.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° | -2° | -3° |
| 10 | 11 | 10 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -1° | -5° |
| 8 | 3 | 7 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 3° | 5° |
| 9 | 13 | 19 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 5° | 2° |
| 17 | 5 | 15 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 7 | 2 | | | | 6 | |
| | | 4 | | | 6 | 7 | | 5 |
| | 9 | | | 3 | | | | |
| | | 9 | | | | | | |
| 4 | 6 | | | | | 3 | 8 | |
| 2 | | | 4 | | | 9 | | |
| 7 | 5 | | 1 | 9 | 2 | 8 | | |
| | 3 | 8 | | | | 1 | | |
| 1 | | | 8 | 7 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | 6 | | 3 |
| | 1 | | 8 | | 6 | | | 4 |
| 8 | | 7 | | 3 | | | | |
| | 4 | 2 | | | 7 | | | 6 |
| 1 | 3 | | | | 9 | 2 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| | | 1 | | | | 8 | | |
| 6 | 9 | | | 2 | 8 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 1 | | 6 | | |
| | 3 | 6 | | | 8 | | | 2 |
| | | 9 | | | | | | 5 |
| | | | | | | 8 | | |
| 3 | 1 | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | 7 | 3 | | | | 6 | |
| 4 | | | 7 | | 5 | | 1 | |
| | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | 8 | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 2 | 8 | 6 | 5 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 6 | 1 | 7 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 2 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 8 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 1 | 8 | 4 |
| 9 | 4 | 1 | 6 | 5 | 8 | 3 | 2 | 7 |
| 2 | 8 | 5 | 3 | 4 | 7 | 9 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 9 | 1 | 8 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 8 | 4 | 9 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 8 |
| 3 | 9 | 4 | 2 | 1 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 |
| 8 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 2 | 1 |
| 5 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 7 | 9 |
| 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. skipalægi
6. átt
8. tala
9. mánuður
11. spil
12. Vondur
14. krakka
16. drykkur
17. skora
18. örn
20. leyfist
21. fugl

**LÓÐRÉTT**
1. sjúkdómur
3. þvaga
4. lögtak
5. bjargbrún
7. kk nafn
10. vætla
13. dýrahljóð
15. halli
16. vefnaðarvara
19. rómversk tala



**LÁRÉTT:** 2. höfn, 6. sv, 8. sjö, 9. maí, 11. ás, 12. illur, 14. barns, 16. te, 17. rák, 18. ari, 20. má, 21. ugla.
**LÓÐRÉTT:** 1. asmi, 3. ös, 4. fjárnám, 5. nös, 7. valberg, 10. íla, 13. urr, 15. skái, 16. tau, 19. il.

## Skák Gunnar Björnsson

Antunac átti leik gegn Hübner í Dresden árið 1969
**Hvítur á leik**
**1. Hc7! Dxh5 2. He7+ Kf8**
**3. Hxb7+! Ke8 4. He7+ Kf8**
**5. Hxh7+ 1-0.** Úkraínski stórmeistarinn Pavel Eljanov verður meðal keppenda á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu 2018.

**www.skak.is.** Nýjar skákfréttir.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










markhönnun ehf

# nettó




**TVÍFLAUTAN**
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
**4.224** KR STK




**STÓRA BÓKIN UM SOUS VIDE**
VIKTOR ÖRN ANDRÉSSON
**6.499** KR STK




**FJÖLSKYLDAN MÍN**
ÁSTA RÚN VALGERÐARDÓTTIR OG LÁRA GARÐARSDÓTTIR
**2.274** KR STK




**NORRÆNAR GOÐSAGNIR**
NEIL GAIMAN
**3.899** KR STK




**ELSTUR Í BEKKNUM**
BERGRÚN ÍRIS SÆVARSDÓTTIR
**2.274** KR STK




**GULUR, RAUÐUR GRÆNN OG SALT**
BERGLIND GUÐMUNDSDÓTTIR
**4.549** KR STK




**ALLIR GEISPA**
ANITA BIJSTERBOSCH
**2.274** KR STK




**MYRKRIÐ VEIT**
ARNALDUR INDRIÐASON
**4.199** KR STK




**ÚTKALL REIÐARSLAG Í EYJUM**
ÓTTAR SVEINSSON
**4.549** KR STK




**REFURINN**
SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR
**4.224** KR STK

**Tilboðin gilda 20. - 24. desember 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss



Soffía Auður segir athyglisvert að það séu einkum lítil forlög sem leggi sig eftir því að gefa út klassískar þýðingar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Orlandó

**HANN – ÞAR SEM enginn vafi lék á kynferði hans þó að tíska þessa tíma gerði nokkuð í að leyna því – var að leika sér að því að sveifla sverði sínu í áttina að höfði Mára sem hékk niður úr rjáfrinu.**
**Litaraft þess minnti á gamlan fótbolta og það sama gilti reyndar um lögunina að undanskildum innföllnum kinnunum og grófgerðum, þurrum hárlýjum á stangli sem líktust helst loðnunni á kókoshnetu. Faðir Orlandós, eða ef til vill afi hans, hafði sneitt það af öxlum heiðingja sem hafði gert honum bylt við í tunglsljósi á hinum frumstæðu sléttum Afríku og núna sveiflaðist það mjúklega, án afláts, í dragsúginum sem stöðugt blés um háaloftið í gríðarstóru húsi lávarðarins sem hafði ráðið honum bana.**
**Forfeður Orlandós höfðu riðið um liljuvelli og grýtta velli og velli vökvaða af undarlegum fljótum og þeir höfðu höggvið mörg höfuð af ýmsum litarhætti af mörgum öxlum og tekið þau með sér heim til að hengja upp í rjáfur. Það skyldi hann einnig gera, hét Orlandó sjálfum sér. En þar sem hann var bara sextán ára og of ungur til að ferðast á hestbaki um Afríku eða Frakkland stalst hann á brott frá móður sinni og páfuglunum í garðinum og fór upp á háaloft þar sem hann klauf loftið með spjótalögum og stungum með miklum tilþrifum.**

***Upphaf fyrsta kapítula Orlandó eftir Virginiu Woolf í þýðingu Soffíu Auðar Birgisdóttur.***

# Sífelld togstreita á milli staðalímynda og raunveruleikans

**Soffía Auður Birgisdóttir er tilnefnd til Íslensku þýðingarverðlaunanna fyrir þýðingu sína á hinni mögnuðu skáldsögu Orlandó eftir Virginíu Woolf sem hefur verið hennar uppáhaldshöfundur í þrjátíu ár.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Orlandó ævisaga kom nýverið út í íslenskri þýðingu Soffíu Auðar Birgisdóttur sem er tilnefnd til þýðingarverðlauna fyrir verkið. Þessi merka skáldsaga kom fyrst út árið 1928 og hefur síðan þá heillað lesendur á öllum tímum og haft gríðarleg áhrif á bókmenntir og hugmyndaheim fólks um víða veröld. Í Orlandó er meðal annars tekist á við hugmyndir fólks um kyn, kynferði, kyngervi og hlutverk með afar nýstárlegum hætti. Verkið hefur verið kallað lengsta og yndislegasta ástarbréf bókmenntanna og er þar vísað til þess að aðalpersónan er að miklu leyti byggð á rithöfundinum Vitu Sackville West, vinkonu, og til skamms tíma ástkonu, Virginiu Woolf.

Aðspurð hvers vegna hún hafi ákveðið að ráðast í þetta mikla verk segir Soffía Auður að Orlandó sé einfaldlega bók sem verði að vera til á íslensku. „Þetta er skemmtilegasta bók Virginiu Woolf sem hefur verið minn uppáhaldsrithöfundur í meira en þrjátíu ár. Ég skrifaði BA-ritgerð fyrir rúmum þremur áratugum um Sérherbergi, sem komið hefur út í íslenskri þýðingu Helgu Kress. Það varð mér ákveðin hvatning til þess að takast á við að þýða Orlandó og ég er búin að vera að dunda mér við það síðustu tíu árin svona í hjáverkum. Þetta er gæluverkefni.

Virginia Woolf var ein af þessum fáu manneskjum sem er óhætt að fullyrða að hafi verið snillingur og nú nota ég það orð alls ekki mikið. En hún er svo hrikalega klár auk þess að vera rithöfundur sem markar nýja slóða í bókmenntasögunni í öllum sínum verkum.“

### Hafnar staðalmyndum

Soffía Auður segir að í Orlandó sé Virginia Woolf að fjalla um kynhlutverk þar sem Orlandó er karlmaður í fyrri hluta bókar en breytist svo í konu í seinni hlutanum. „Þetta gerir hún af bæði svo miklu heimspekilegu innsæi og miklum húmor sem gerir að bókin er ákaflega fyndin og skemmtileg aflestrar um leið og hún tekur á ákaflega mikilvægum málum.“

En er þessi umfjöllun verksins um kynhlutverk í fullum tengslum við umræðu dagsins í dag? „Já, mér finnst hún vera mjög mikið í tengslum við þá umræðu. Það eina sem er kannski öðruvísi í dag er að nú þurfum við ekki að binda okkur sérstaklega við ákveðið kyn heldur getum losað okkur út úr þessari kynjatvíhyggju. Virgina Woolf leysir það þannig að hún segir að bæði kyn blundi í öllum einstaklingum. Hún talar um að allar manneskjur beri í sér bæði kynin, að hugurinn sé tvíkynja, hvorki kvenkyns né karlkyns, hún vill leysa þannig úr kynjatvíhyggjunni og fylgifiskum hennar.

Eftir að Orlandó breytist líkamlega úr karli í konu þá er hún ekki föst í því kynhlutverki. Ef hún vill klæða sig upp sem karlmaður og koma þannig fram þá gerir hún það. Hún er sífellt að benda á að það sem eigi að tilheyra eðliskostum kvenna og sé andstætt eðliskostum karla gengur ekki upp í persónunni Orlandó. Þetta verður svo sérstaklega skemmtilegt vegna þess að hún setur verkið upp sem ævisögu og kemur ævisagnaritaranum í stöðug vandræði með þessum mótsögnum frá einni blaðsíðu til þeirrar næstu. Þannig að í textanum er sífelld togstreita á milli staðalímynda og raunveruleikans.“

### Taka meiri áhættu

Gríðarleg aukning er í umsóknum um styrki til þýðinga á íslensku til Miðstöðvar íslenskra bókmennta á þessu ári eða um 30% aukning frá síðasta ári. Þetta er skýr vísbending um mikla grósku í þýðingum bókmennta á íslensku og Soffía Auður segir að þessi aukning sé vissulega mjög gleðileg. „Ég er alveg sannfærð um að þýðingasjóður hefur mikið að segja, en taktu eftir því hverjir eru að gefa út klassískar þýðingar. Það eru allt meira og minna lítil forlög. Forlög sem hafa bókmenntalegan metnað og setja má spurningamerki við stefnu stærstu forlaganna hvað þetta snertir. Þeir virðast einfaldlega ekki tilbúnir til þess að taka eins mikla áhættu og minni forlögin og það er mjög merkilegt.

Á þessu ári kom líka önnur þýðing á verki eftir Virginiu Woolf, Mrs. Dalloway í þýðingu Atla Magnússonar, og það er bókaútgáfan Ugla sem gefur hana út og bókaútgáfan Opna gefur út Orlandó. Svo eru Angústúra og Dimma og fleiri lítil forlög að gefa út afar forvitnilegar bókmenntir og mér finnst alveg ástæða til þess að vekja athygli á þessu. En þetta verða kannski aldrei metsölubækur og kannski er það hin einfalda skýring á því að ekki eru öll forlög tilbúin til að gefa út klassískar bókmenntir.“

### Nýsköpun í tungumálinu

Soffía Auður segir mikilvægt fyrir íslenska lesendur að geta nálgast heimsbókmenntir á móðurmálinu. „Auk þess er mikilvægt að hafa í huga að nýsköpun í tungumálinu kemur að miklu leyti í gegnum þýðingar. Ef við hugsum um hverjir eru aðal nýyrðasmiðir íslenskunnar þá eru það menn á borð við Jónas Hallgrímsson, Þórberg Þórðarson og aðra sem eru að takast á við að þýða erlendar bókmenntir. Maður eins og Jónas sem var í sífellu að þýða og búa til ný bókmenntaform í gegnum þýðingar. Þannig að nýsköpun í tungumálinu á sér mjög oft stað í þýðingastarfi og tungumál sem ætlar að lifa þarf á þýðingum að halda.

Þó svo við þykjumst öll meira og minna geta lesið ensku þá er það nú meira en að segja það að lesa Virginiu Woolf á frummálinu. Það er því sitthvað til í því sem Benedikt Gröndal sagði að það er best að lesa bókmenntir á sínu móðurmáli.“



# BÆKUR Í PAKKANN!




**Passamyndir**
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-




**Blóðug jörð**
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-




**Helgi - Minningar Helga Tómassonar ballettdansara**
TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð áður: 7.999.-




**Æskubrek á atómöld**
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 6.999.-




**Tvíflautan**
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð áður: 6.499.-




**Þá er ástæða til að hlæja**
TILBOÐSVERÐ: 5.799.-
Verð áður: 7.999.-




**Íslenska lopapeysan**
TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð áður: 6.899.-




**Hreinn lífsstíll**
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-




**Á norðurslóð**
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 6.499.-




**Gagn og gaman**
TILBOÐSVERÐ: 2.599.-
Verð áður: 3.499.-




**Ekki vera sár**
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 6.999.-




**Rúna**
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð áður: 6.999.-



NÝR VEFUR!
20.000 bækur! 1.500 pennar og blýantar!
MIKIÐ MAGN AF GJAFAVÖRUM OG HÚSGÖGNUM!
WWW.PENNINN.IS



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 21. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Yfir blásarasextettinum svífur sópraninn

**Diddú og drengirnir halda jólatónleika í 20. sinn í Mosfellskirkju í kvöld, 20. desember, klukkan 20. Drengirnir eru allir blásarar úr Sinfóníunni og Diddú þarf ekki að kynna. Hún syngur – þeir spila.**

Ert þú ekki einn af drengjunum hennar Diddúar? spyr ég manninn sem svarar símanum í Túnfæti í Mosfellsdal. „Jú, jú, ég er karlinn hennar, kallaður Keli,“ svarar hann hress. Tilefni símtalsins er 20. jólatónleikar hóps sem kallar sig Diddú og drengirnir í Mosfellskirkju í Mosfellsdal í kvöld.

Drengirnir eru sex og leika allir á blásturshljóðfæri, Kjartan Óskarsson og Sigurður Ingvi Snorrason á klarínettur, Þorkell Jóelsson (Keli) og Emil Friðfinnsson á horn og Brjánn Ingason og Björn Árnason á fagott. Söngkonuna Diddú þarf ekki að kynna. „Þetta er búinn að vera sami mannskapur í 20 ár, rosalega skemmtilegur félagsskapur,“ segir Keli. „Það gengur á með stríðni og svívirðingum allan daginn og svo er settur upp sakleysissvipurinn þegar byrjað er að spila!“

Keli segir jólaprógrammið mismunandi frá ári til árs. „Það er alltaf eitthvað nýtt. En við erum komin með mikið efni sem við getum valið úr. Þeir Kjartan og Sigurður hafa umskrifað og útsett heilan helling fyrir okkur því það var voða lítið til skrifað fyrir sópran og blásarasextett. Svo þetta er svolítið spes.“

Fyrir utan jólatónleikana í Mosfellskirkju sem eru fastur punktur



Diddú og drengirnir í Mosfellskirkju. Björn, Sigurður, Brjánn, Diddú, Keli (með hornið á hausnum!) Kjartan og Emil. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

í starfi hópsins hefur hann gefið út diska og er að skipuleggja þriðju ferðina til Frakklands í sumar. „Svo höfum við farið til Ítalíu, Vínarborgar, Lundúna og Kanada. Við skipuleggjum þetta saman, skiptumst á að reka hvert á eftir öðru,“ segir Keli glettinn að vanda. Allir eru blásararnir félagar úr Sinfóníunni. „Sumir alveg úr!“ eins og Keli orðar það. Hann var í Sinfóníunni í 36 ár en er nú kominn á eftirlaun. Hvernig finnst honum það? „Það er fínt. Ég kenni og spila hitt og þetta, meira að segja á böllum. Það er gott að vera frjálsari, hitt var alveg orðið nóg – eins og það var nú gaman.“

**ÞAÐ GENGUR Á MEÐ STRÍÐNI OG SVÍVIRÐINGUM ALLAN DAGINN OG SVO ER SETTUR UPP SAKLEYSISSVIPURINN ÞEGAR BYRJAÐ ER AÐ SPILA.**

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20. Dagskráin er falleg og hátíðleg aðventumúsík eftir ýmsa höfunda, bæði íslenska og erlenda, að sögn Kela sem nefnir meðal annars Händel og Mozart, Atla Heimi og Jóhann G. Jóhannsson. „Diddú syngur og við spilum einhver hressileg millispil,“ segir hann. „Þetta er ekki langt prógramm, kannski rúmur klukkutími. Það má ekki drepa fólk úr leiðindum rétt fyrir jólin!“ gun@frettabladid.is


MAMMA, ÉG ER Á LÍFI

BRÉF OG FRÁSAGNIR
ÍSLENSKRA PILTA
Í VÍTI HEIMSSTYRJALDAR

*Þeir gengu glaðir í kandadíska herinn haustið 1914 til að þjóna sínu nýja föðurlandi, en áttu eftir að upplifa hreint helvíti.*

*Í hispurslausum og oft átakanlegum bréfum til ættingja og vina lýstu þeir veruleika stríðsins, fjarri glansmynd áróðursmeistaranna.*




Jakob Þór Kristjánsson

Sögur útgáfa


## Síðasta lag fyrir fréttir

**GEISLADISKUR**

★★★★☆

**Söngveisla. Ólafur Vignir Albertsson og 43 söngvarar.**

**MBV ehf**




Álfakóngurinn eftir Schubert, fyrir rödd og píanó, er eitthvert svínslegasta verkefni sem nokkur píanóleikari getur lent í. Lagið krefst gríðarlegrar tækni og mikils undirbúnings. Píanóleikarinn þarf að spila endurteknar nótur með þumli og litla fingri sömu handar á ógnarlegum hraða og beita henni á alveg sérstakan hátt til að þreytast ekki. Það er ekki á hvers manns færi. Ólafur Vignir Albertsson virðist þó ekki hafa mikið fyrir því á fjórföldum geisladiski sem ber heitið Söngvaveisla. Þar leikur hann lagið með Sigurði Demetz tenór og bókstaflega hristir það fram úr erminni. Það er vægast sagt aðdáunarvert.

Á geisladiskunum fjórum hefja upp raust sína hvorki meira né minna en 43 söngvarar. Þar á meðal er listafólk sem staðið hefur í framlínu íslensks tónlistarlífs, hvort heldur sem einsöngvarar eða kennarar. Með þeim öllum leikur Ólafur Vignir og gerir það með afburðum vel. Túlkun hans er ávallt í anda hvers tónskálds, skapmikil, ljóðræn og innileg.

Sagnfræðilegt gildi þessarar útgáfu er óumdeilanlegt. Þarna er að finna upptökur með mögnuðum söngvurum á borð við Sigríði Ellu Magnúsdóttur, Guðmund Jónsson, Elínu Ósk Óskarsdóttur og fleiri. Kristján Jóhannsson er í essinu sínu á hátindi ferils síns og upptaka með honum og Dorriet Kavanna, fyrri eiginkonu hans, er dásamleg, en hún lést langt fyrir aldur fram.

Þegar um heildarútgáfu er að ræða er auðvitað ekki allt frábært. Upptökur með Maríu Markan gefa t.d. ranga mynd af henni, enda gerðar töluvert seint, þegar hún var ekki lengur upp á sitt besta. Ólafur Kjartan Sigurðarson er þarna blautur á bak við eyrun, sem og Kristinn Sigmundsson og Hrólfur Sæmundsson, báðir fremur óreyndir.

Forvitnilegt er hins vegar að heyra Júlíus Vífil Ingvarsson, sem var greinilega ágætur söngvari. Og Sigurlaug Rósinkranz, sem var svo sannarlega umdeild óperusöngkona á sínum tíma, stendur sig vel í tveimur lögum eftir Kurt Wiklander. Gaman er líka að Guðrúnu Á. Símonar, sem syngur þrjú lög eftir Sigvalda Kaldalóns af fítonskrafti og óskeikulli raddfegurð. Kristinn Hallsson er einnig glæsilegur og Sigurður Demetz er flottur, þótt hann sé kominn á aldur. Þannig mætti lengi telja.

Lögin voru tekin upp af Ríkisútvarpinu á löngu tímabili, og því eru gæði upptakanna mjög mismunandi. Oft vantar alla endurómun; upptökurnar eru steindauðar. Visslega er ekkert við því að gera, en þó er hvimleitt hve hljóðstyrkurinn á lögunum er stundum ójafn. Maður þarf sífellt að vera að hækka og lækka í græjunum. Var ekki hægt að stilla það til?

Burtséð frá annmörkum er þetta áhugaverð útgáfa, margar af upptökunum eru fjársjóður og mega ekki glatast. Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Merkileg útgáfa með glæsilegum píanista og framvörðum íslenskrar sönglistar.

**SAKRAMENTIÐ EFTIR ÓLAF JÓHANN ÓLAFSSON**

# MEST SELDA BÓKIN!







**1. RISAPRENTUN UPPSELD!**
**2. RISAPRENTUN KOMIN Í VERSLANIR!**

***„Meistaraverk“***
Gísli Helgason

***„Fantagóð bók. ... Verður ekki toppað.“***
Þorgeir Tryggvason, Kiljunni

***„Ótrúlega heillandi. Virkilega spennandi.“***
Sunna Dís Másdóttir, Kiljunni

***„Maður fær tár í augun.“***
Snæbjörn Arngrímsson, kaktusinn.is

***„Sálarangist, trúarefa, ást í meinum og níðingshætti kirkjunnar manna vefur Ólafur Jóhann hér saman af alkunnri kúnst. Örlagasaga úr reykvískum samtíma undra nærri okkur.“***
Páll Baldvin Baldvinsson

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**

**VERÖLD**

Coca-Cola
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus –
5% midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
12 DOLBY ATMOS
STAR WARS THE LAST JEDI
Sýnd kl. 3, 6, 9 í 2D
Sýnd kl. 2, 10.20 í 3D
wonder – Sýnd kl. 5, 8
Bad Moms Christmas – Sýnd kl. 8
Jigsaw – Sýnd kl. 10.15
Undir trénu – Sýnd kl. 6
Litla vampíran – Sýnd kl. 2, 4
LAUGARÁSBÍÓ KYNNIR NÝ VIÐMIÐ Í BÍÓUPPLIFUN Á ÍSLANDI
AXL
DOLBY ATMOS LUXURY · LASER

SAMBÍÓIN SAMbio.is
STAR WARS THE LAST JEDI
ROGEREBERT.COM TOTAL FILM BOSTON GLOBE LOS ANGELES TIMES 93%
BÍÓUPPLIFUN ÁRSINS
JAMES FRANCO DAVE FRANCO SETH ROGEN
2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR
BESTA MYNDIN BESTI LEIKARINN
92% EMPIRE
THE DISASTER ARTIST
Geggjuð grínmynd
COCO
ROGEREBERT.COM NEW YORK POST THE PLAYLIST THE HOLLYWOOD REPORTER
DADDY'S HOME 2
JÓLAGRÍNMYNDIN Í ÁR
JUSTICE LEAGUE

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA
STAR WARS 3D KL. 4:50 - 7 - 8 - 11:10
STAR WARS 2D KL. 3:50 - 10:10
STAR WARS 2D VIP KL. 4:50 - 8 - 11:10
THE DISASTER ARTIST KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
DADDY'S HOME 2 KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
COCO ÍSL TAL KL. 3:20 - 5:40
JUSTICE LEAGUE 2D KL. 8
THOR: RAGNAROK 2D KL. 10:40
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
STAR WARS 3D KL. 9
STAR WARS 2D KL. 4 - 7:30 - 10:40
THE DISASTER ARTIST KL. 8
DADDY'S HOME 2 KL. 5:40 - 8 - 10:20
COCO ÍSL TAL KL. 5:40
JUSTICE LEAGUE 2D KL. 10:20

SAMBÍÓIN AKUREYRI
STAR WARS 3D KL. 4:20 - 7:30 - 10:40
STAR WARS 2D KL. 10:20
THE DISASTER ARTIST KL. 8
COCO ÍSL TAL KL. 5:40

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
STAR WARS 3D KL. 4:20 - 7:30 - 10:40
STAR WARS 2D KL. 6 - 9:10
THE DISASTER ARTIST KL. 5:40 - 8 - 10:20
COCO ÍSL TAL KL. 3:40
SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL KL. 3:40

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK
STAR WARS 3D KL. 5:40 - 8:40
STAR WARS 2D KL. 10:20
THE DISASTER ARTIST KL. 8
DADDY'S HOME 2 KL. 5:40


# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



Sycamore Tree spila í Mengi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## 20. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Töfratónar í Hannesarholti
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Í kvöld verður sannkölluð jólastemning í Hannesarholti þegar tríóið Töfratónar leikur fyrir gesti í Hljóðbergi. Þríeykið, sem hefur leikið saman síðan snemma árs 2016, lék nýverið undir á kaffihúsamessu í Lindakirkju við miklar og góðar undirtektir gesta.

**Hvað?** Jólagos kvennakórsins Kötlu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Kvennakórinn Katla kemur jólaskapinu í hæstu hæðir með Jólagosi sínu á Sæmundi í sparifötunum. Jólagos Kvennakórsins Kötlu er hluti af KEXMAS dagskrá sem er í gangi allan desembermánuð. Það er frítt inn og tónleikarnir opnir öllum eins lengi og húsrúm leyfir.

**Hvað?** Sígild Jól & Myrkar ábreiður
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Hard Rock Café, Lækjargötu
Ásamt Daníel eru það þeir Hálfdán Árnason (kontrabassi), Magnús Jóhann Ragnarsson (hljómborð, píanó og orgel) og Skúli Gíslason (trommur) sem mynda Daníel Hjálmtýsson Band þessa aðventuna.

**Hvað?** Sycamore Tree
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Þau Ágústa Eva Erlendsdóttir og Gunni Hilmarsson sendu frá sér sína fyrstu plötu „SHELTER“ þann 24. september síðastliðinn og héldu glæsilega útgáfutónleika í Hörpu sama dag þar sem færri komust að en vildu. Eftir stutt frí snúa þau aftur með tónleika í Mengi.

### Viðburðir

**Hvað?** Hið árlega Jólabingó Húrra með Jóhanni Alfreð og Valda Píanó
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Hið árlega Jólabingó Húrra verður haldið í kvöld. Bingóstjóri eins og síðustu ár verður Jóhann Alfreð Kristinsson og um tónlistina sér hinn stímamjúki Valdimar Kristjónsson. Sama fyrirkomulag verður eins og síðustu ár: Bingóspjaldið kostar 1.000 krónur en því fylgir bjór eða léttvínsglas með.

**Hvað?** Yolakosý – glögg & ostar í Ypsilon
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ypsilon, Aðalstræti
Verslun og tsjill – glögg og gleði í Ypsilon versluninni í dag. Við höldum upp á jólin með því að bjóða ykkur: vinir, fjölskylda, kunningjar og vinir vina, í heitt jólaglögg & ostaboð með undirleik af jólalagalista Ypsilon.



Jóhann Alfreð verður kynnir jólabingós Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BÍÓ PARADÍS THE PARTY
BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
The Killing of a Sacred Deer ........ 17:45, 20:00
The Party ........ 18:00, 20:00
Listy Do M3 ENG SUB ........ 17:45
Undir Trénu ENG SUB ........ 20:00
the KILLING of a SACRED DEER


emmessis
JÓLAÍS
&
HÁTÍÐARÍS
Fáðu þér ekta rjómaís
frá Emmessís á jólunum
emmessis
HÁTÍÐARÍS
RJÓMAÍS MEÐ FRÖNSKU NÚGGATI OG
STÖKKUM KARAMELLUKÚLUM
1,5 LÍTRI
emmessis
JÓLAÍS
RJÓMAÍS MEÐ TÍRAMÍSÚ
1,5 LÍTRI
- EKTA -
ÍSLENSKUR
Rjómaís

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur





**JAMIE´S ITALIAN CHRISTMAS**
KL. 19:35
Léttur og stórskemmtilegur jólaþáttur með meistara Jamie Oliver þar sem hann ferðast til Ítalíu og sækir sér innblástur í stórbrotið umhverfi. Hann færir okkur ekta ítalska jólarétti eins og þeir gerast bestir á þeim bænum.

Magnað
**Miðvikudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**LIAR**
KL. 21:40
Hörkuspennandi breskir spennuþættir um Lauru sem er nýfráskilin. Hún kynnist hinum fullkomna manni og í kjölfarið flækist líf þeirra til muna og það verður ekki aftur snúið.

**BLACK WIDOWS**
KL. 20:50
Svörtu ekkjurnar hafa ráð undir rifi hverju til þess að viðhalda lífsstíl sem þeim líkar. Skandinavískur spennuþáttur af bestu gerð.




**NASHVILLE**
KL. 22:30
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**LION**
BÍÓ
KL. 22:00
Sönn saga
Saroo er aðeins fimm ára gamall þegar hann villist mörg þúsund kílómetra með lest frá heimili sínu. Sönn saga drengs sem ákveður að leita uppruna síns þegar hann vex úr grasi.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Blíða og Blær
**07.45** The Middle
**08.10** Mindy Project
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** My Dream Home
**11.05** 50 Ways to Kill Your Mammy
**11.50** Logi
**12.35** Nágrannar
**13.00** Fósturbörn
**13.25** Grantchester
**14.15** The Night Shift
**15.00** Major Crimes
**15.45** Anger Management
**16.05** Nettir Kettir
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.25** Fréttayfirlit og veður
**19.30** Víkingalottó
**19.35** Jamie Oliver's Italian Christmas Sérstakur jólaþáttur með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur hvernig á að galdra fram gómsætan hátíðarmat og hvernig hægt er að breyta afgöngunum í dýrlega og gómsæta nýja rétti.
**20.30** The Middle
**20.55** Black Widows
**21.40** Liar Hörkuspennandi og stórgóðir breskir spennuþættir. Laura er skólakennari og er nýskilin. Hún ákveður að fara aftur á stefnumótamarkaðinn og kynnist rómuðum skurðlækni sem er jafnframt faðir eins nemanda hennar. Í kjölfarið flækist líf þeirra til muna og mun aldrei verða samt. Lygavefur yfirtekur tilveru þeirra.
**22.25** Nashville
**23.10** NCIS
**23.55** Snatch
**01.25** Room 104
**01.50** The Mysteries of Laura
**02.35** The Sinner
**03.15** The Sinner
**04.00** Hancock

## STÖÐ 2 SPORT

**06.40** Leicester City - Manchester City
**08.20** Arsenal - West Ham United
**10.00** Carolina Panthers - Green Bay Packers
**12.40** Toronto Raptors - Sacramento Kings
**14.45** Messan
**16.20** Leicester City - Manchester City
**18.00** Arsenal - West Ham United
**19.40** Chelsea - Bournemouth
**21.45** Snæfell - Breiðablik
**23.15** Bristol City - Manchester United

## STÖÐ 2 SPORT 2

**09.10** Watford - Huddersfield
**11.00** WBA - Manchester United
**12.45** Bournemouth - Liverpool
**14.30** Premier League Review 2017/2018
**15.25** Þýsku mörkin 2017/2018
**15.55** Barcelona - Deportivo La Coruna
**17.35** Pittsburgh Steelers - New England Patriots
**19.55** Bristol City - Manchester United
**22.45** NFL Gameday 17/18
**23.15** Chelsea - Bournemouth

## STÖÐ 3

**16.50** Pretty Little Liars
**17.40** The Big Bang Theory
**18.05** Mike & Molly
**18.30** Fresh Off The Boat
**19.00** Modern Family
**19.30** Seinfeld
**20.00** Friends
**20.25** Stelpurnar
**20.50** Flash
**21.35** Arrow
**22.20** Legends of Tomorrow
**23.05** Vice Principals
**23.40** Supernatural
**00.55** Gotham
**01.40** The Secret
**02.30** Modern Family
**02.55** Seinfeld
**03.20** Friends
**03.45** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05** Áfram Diego, áfram!
**07.29** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Stóri og Litli
**09.13** Víkingurinn Viggó
**09.27** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.50** Elías
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Stóri og Litli
**13.13** Víkingurinn Viggó
**13.27** K3
**13.38** Mæja býfluga
**13.50** Elías
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Stóri og Litli
**17.13** Víkingurinn Viggó
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.50** Elías
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Jóladagatal Afa
**19.05** Frummaðurinn

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Golfing World 2017
**09.20** RBC Heritage
**14.10** PGA Highlights 2017
**15.05** Golfing World 2017
**15.55** Valero Texas Open
**20.25** Golfing World 2017
**21.15** PGA Highlights 2017
**23.00** Golfing World 2017

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.55** Southside with You
**13.20** Mary and Martha Mögnuð mynd með Hilary Swank og Brendu Blethyn í aðalhlutverkum. Myndin segir sögu tveggja mæðra sem neita að gefast upp eftir að óvæntur harmleikur leiðir þær saman í afskekktum hluta Mósambík.
**14.55** Jem and the Holograms
**16.55** Southside with You
**18.20** Mary and Martha
**19.55** Jem and the Holograms Mynd frá 2015 sem segir frá fjórum vinkonum sem eftir risasmell einnar þeirra á YouTube er kastað inn í sviðsljós frægðar og frama þegar stærsta útgáfufyrirtæki heims, undir stjórn hinnar eitilhörðu Ericu Raymond, gerir við þær risasamning.
**22.00** Lion
**02.40** Before I Wake
**04.20** Lion

## RÚV

**16.10** Aðstoðarmenn jólasveinanna
**16.20** Mary og Max
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Vinabær Danna tígurs
**18.14** Tobbi
**18.18** Jólin með Jönu Maríu
**18.25** Jóladagatalið: Snæholt
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Vikinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Aðstoðarmenn jólasveinanna
**20.15** Kiljan
**21.10** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Múgabe og lýðræðissinnarnir
**00.00** Kastljós og Menningin
**00.20** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.45** The Late Late Show with James Corden
**10.25** Síminn + Spotify
**12.20** Dr. Phil
**13.00** Will & Grace
**13.25** Það er kominn jólamatur
**14.00** The Voice USA
**15.30** The Voice USA
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Life in Pieces
**20.10** Survivor
**21.00** Wisdom of the Crowd
**21.50** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**22.35** Better Things
**23.05** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**23.45** The Late Late Show with James Corden
**01.10** How To Get Away with Murder
**01.55** APB
**02.40** Imposters
**03.25** Wisdom of the Crowd
**04.10** Law & Order True Crime: The Menendez Murders
**04.55** Better Things

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR *ALIAS* OG *BESTA SVARIÐ* KEMUR SPURNINGASPILIÐ *ÉG VEIT!*




# GLÆNÝTT SPURNINGASPIL!

**ÉG VEIT!**

Hversu margar knattspyrnuhetjur getur þú nefnt? Hvað þekkir þú margar frægar kvikmyndastjörnur?

Hljómar einfalt en tíminn er naumur...

ÉG VEIT! er stútfullt af skemmtilegum og óvæntum efnisatriðum sem reyna á ímyndunaraflið og hraða spilara.
Til að vinna þarf að hitta á orðin sem talin eru upp á spjöldunum og veðja á getu annarra spilara.




**KOMIÐ Í VERSLANIR!**

Dreifing MYNDFORM

# Galdurinn á bak við notalega stemningu

**Auði Gná Ingvarsdóttur**, fagurkera og hönnuði Further North, hefur tekist að skapa afar notalega stemningu heima hjá sér. Lífið kíkti í heimsókn og fékk góð ráð um hvernig má gera rými notaleg og kósí.


Auður hefur náð að blanda nýju og gömlu saman á smart hátt. „Ég er dálítill „second hand-isti“ í þeim skilningi að ég verð sjaldan glaðari en þegar ég finn fallegt notað en vandað húsgagn sem hefur staðist tímans tönn.“

Ég held að til að heimili geti verið virkilega góð varðandi stemningu, þá þurfi að hugsa vel út í lýsingu. Það skiptir höfuðmáli, of mikið lýst eða of lítið lýst rými geta virkað mjög fráhrindandi þótt að öðru leyti sé allt eins og það á að vera,“ segir hönnuðurinn Auður Gná spurð út í hver galdurinn á bak við góða stemningu sé.


**Auður Gná gefur lesendum góð ráð um hvernig má skapa kósí stemningu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Lampar eru oft á tíðum eins og litlir skúlptúrar og margir hverjir alveg tímalausir, þannig að það skiptir miklu máli að eiga falleg ljós. Án réttrar lýsingar er erfitt að ná hlýlegu andrúmslofti, þannig að hún er alltaf grunnurinn að mínu mati.“

Bækur eru áberandi heima hjá Auði Gná, henni þykir nefnilega ómissandi að hafa fallegar bækur í kringum sig. „Mér þykir vænt um bækurnar mínar og finnst gott að grípa í þær þegar ég fæ einhverja hugmynd sem mig langar til að útfæra, sama hvort það er varðandi innanhússarkitektúr eða vörurnar mínar frá Further North. Jafnvel matreiðslubækur ... sem verður að játast að á mínu heimili eru ekki mikið notaðar til að elda upp úr þótt það standi alltaf til,“ segir Auður sem fær innblásturinn víða að.

**Púðar, teppi og myndlist gera gæfumun**

Púðar, gærur og hlý teppi setja svip á sófa Auðar. „Ég verð að eiga góð ullarteppi, án þeirra gæti ég ekki lifað,“ segir Auður sem hannaði sjálf dúskateppið sem prýðir sófann hennar. Þau fást í Rammagerðinni.

„Það var frábært að Rammagerðin skyldi sýna þessu áhuga sem var nú ekki sjálfgefið, þar sem teppin eru langt frá því að teljast hefðbundin ullarteppi. Þau eru í grunninn dökk að lit og svo lét ég útbúa úr lopa frábæra dúska sem festir eru á teppin, átta dúskar á hvert teppi,“ segir Auður.

Gærurnar í sófanum lét Auður svo súta og lita fyrir sig fyrir norðan en hún hefur notað gærur mikið í hönnun sína. Hún hefur lagt áherslu á að fylgjast vel með vinnuferlinu í kringum gærurnar. „Það hefur ákveðið gildi fyrir mig að vita næstum upp á hár hvaða aðili sá um að vinna skinnin. Mér þykir vænt um að vita hvað það tók mörg handtök að vinna skinnin og þekkja fólkið sem kom að því.“

Punkturinn yfir i-ið er svo öll myndlistin sem prýðir heimili. „Myndlistarverkin mín eru mér kannski kærust, örugglega af því að þau eru svo einkennandi fyrir mitt heimili. Það er einmitt það góða við myndlist, hún býr til sérkenni á heimili fólks ef verkin er ekki að finna á neinu öðru heimili,“ útskýrir Auður sem þykir mikilvægt að styðja við myndlistarfólk. Hún segir myndlist einmitt vera tilvalda í jólapakkann. „Það er um að gera að gefa myndlist í jólagjöf, sérstaklega ungu fólki. Þannig kviknar áhuginn og getur orðið að alvarlegri söfnunaráráttu,“ segir hún glöð í bragði.

**gudnyhronn@frettabladid.is**



**Munir úr ýmsum áttum sem Auður hefur safnað á ferðalögum.**


**Auður skreytir með fallegum bókum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


„Kaffivélin mín er altari heimilisins, ég þakka fyrir hana í huganum á hverjum morgni þegar ég bý til fyrsta bollann,“ segir Auður Gná sem þykir ómissandi að geta útbúið sér góðan kaffibolla heima.


**Lýsing er númer eitt, tvö og þrjú.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK


Dúskateppið í sófanum er hönnun Auðar. „Dúskarnir eru gerðir í svokallaðri dúskavél hjá Varma, sem hljómar eins og eitthvert ótrúlega spennandi leikfang í mínum eyrum.“




Hljómleikabíó
SÉRSTAKUR GESTUR
Emilíana Torrini
THE LORD OF THE RINGS™
THE TWO TOWERS
LIFANDI FLUTNINGUR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR, KÓRA OG EINSÖNGVARA
VERÐLAUNATÓNLIST HOWARD SHORE
ELDBORG
10. ÁGÚST - ÖRFÁIR MIÐAR
11. ÁGÚST - ÖRFÁIR MIÐAR
12. ÁGÚST - AUKASÝNING
Ógleymanleg stund!
Gefðu tónleika í jólagjöf
Miðasala á tix.is
JESSIE J
LAUGARDALSHÖLL
18. APRÍL
JESSIEJOFFICIAL.COM | /JESSIEJ
DÚNDURFRÉTTIR
PINK FLOYD
THE DARK SIDE OF THE MOON
45
ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
ELDBORG 7. APRÍL
HOF 18. APRÍL

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
BOSS HUGO BOSS · Calvin Klein home · KENZO MAISON

LÚXUS BAÐSLOPPAR
TILVALIN JÓLAGJÖF

Verð frá: 16.990 kr
FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

HEILL HEIMUR ÁN MYNDLYKILS
Þú þarft ekki myndlykil til þess að horfa á fjölbreytta dagskrá allra sjónvarpsstöðva 365, tímaflakkið, Frelsið og Stöð 2 Maraþon Now.

Nánari upplýsingar í síma 1817 eða á 365.is
365

# Jólagjafir og stjörnumerkin

**Það getur verið flókið mál að velja réttu gjöfina fyrir ástvin en ein leið til að komast hjá vandræðum er að velja gjöf út frá stjörnumerkinu.**

## Hrútur

Hrútar eru orkumiklir og drífandi, athafnasemi er þeirra bensín í lífinu. Hrúturinn kemur hlutunum af stað og þarf áskoranir, því er tilvalið að senda hann á þyrluskíði, eða á köfunarnámskeið í Karíbahafinu. Vilji maður gefa hrútnum skartgripi eða fatnað er frumskilyrði að það sé litríkt og glitrandi. Enginn demantur er of stór fyrir hrútinn.

## Naut

Nautið er gæflynt og jarðbundið en það er einnig mikill nautnabelgur og elskar lúxus. Hér dugar ekkert ódýrt glingur og kassavín. Súkkulaði af betri gerðinni, kampavín og kavíar og auðvitað eitthvað lítið og dýrt (helst glitrandi) er á óskalista nautsins.

## Tvíburi

Tvíburinn dvelur ekki í kyrrstöðu, hann er mannblendinn og hefur gaman af því að tjá sig og vera í samskiptum við annað fólk. Hvað er betra en nýr sími fyrir málglaða og fjöruga tvíburann, iPhone X eða álíka galdragripur er tilvalinn í jólapakkann.

## Krabbinn

Hin ljúfa og hæverska krabbakló þarf eitthvað mjúkt og fallegt. Það skiptir krabbann miklu máli að hugur fylgi máli og að gjöfin sé persónuleg. Fallegur mjúkur baðsloppur og náttföt í stíl ættu að gleðja krabbann þessi jólin.

## Ljón

Ljónið er konungur dýranna og það ekki að ástæðulausu. Ljónið þarf eitthvað litríkt og glitrandi, því meira glimmer því betra. Skærlitir treflar, marglitir sokkar og glitrandi hálsmen ættu að gleðja hjarta þess. Þegar kaupa á gjöf fyrir ljón þarf að hugsa stórt. Gjöfin þarf að vera áberandi og undirstrika mikilfengleika persónuleikans.

## Meyjan

Fátt gleður hina tæknisinnuðu og nákvæmu meyju meira en sniðug tæki og dót sem má fikta í. Það allra nýjasta á eldhústækjamarkaðnum er Sous vide eldunartæki með bluetooth-tengingu, freisting sem allar meyjur munu falla fyrir. Nógu margir takkar og þykkur leiðbeiningabæklingur er draumur allra meyja.

## Vogin

Því fleiri gjafir sem vogin fær því betra. Slepptu þér lausum í búsáhaldadeildinni í IKEA og kauptu sett af nýjasta og flottasta postulíninu, og pakkaðu inn hverju fyrir sig. En gættu að jafnvæginu, bollarnir verða að vera átta en ekki sjö því annars fer vogin á hliðina. Vogin hefur næmt auga fyrir stíl og því mikilvægt að velja af kostgæfni og taka enga áhættu, stílbrot er algjörlega óleyfilegt.

## Sporðdrekinn

Dularfullur og seiðandi, þessi dreki er ekki opin bók. Þú getur gleymt því að setja glitrandi einhyrningspeysu í jólapakkann – því yrði ekki vel tekið. Skelltu þér í Costco og fjárfestu í Ray Ban sólgleraugum, það fellur vel kramið og sporðdrekinn heldur kúlinu. Sporðdrekinn elskar það sem er ögrandi og fer leynt, því er kjörið að gefa honum dót fyrir fullorðna – eitthvað sem er alveg bannað börnum.

## Bogmaður

Stöðnun er ekki til í orðabók bogmannsins, innra með honum er bullandi ævintýraþrá sem bíður eftir því að brjótast út. Góð ferðabók sem fjallar um framandi áfangastaði ætti að henta vel í jólapakkann í ár, jafnvel góð bók um Rússland. Bogmaðurinn er bjartsýnn og stórhuga og þarf mikla fjölbreytni og þess vegna er kjörið að gefa honum ferð á HM í Rússlandi – HÚH.

## Steingeitin

Blessuð Steingeitin er seinþreytt til vandræða, hún er varkár og skipulögð og því er tilvalið að gefa henni fallega dagbók. Steingeitin er jarðbundin og hrifin af náttúrulegum efnum, það stoðar ekkert að gefa henni fjöldaframleidda lundabrúðu, gefðu henni frekar námskeið í náttúrufræði. Steingeitin kann að meta það ef einhver gerir eitthvað fyrir hana og hún yrði þakklát fyrir gjafabréf í nudd.

## Vatnsberinn

Til að gleðja vatnsberann þarf eitthvað óhefðbundið og öðruvísi. Ef þú finnur verðmætan safngrip á eBay þá er það rétta gjöfin. Það sem er venjulegt er leiðinlegt. Vatnsberinn kann að meta persónulega gjöf sem er sérstaklega valin með hann í huga, blekpenni merktur honum eða síðasti geirfuglinn myndi klárlega slá í gegn.

## Fiskar

Fiskurinn er viðkvæmur og rómantískur, og virkilega þakklátur fyrir þær gjafir sem hann fær. Allt sem tengist vatni er tilvalin gjöf fyrir fiskinn ljúfa, baðsölt og ilmolíur og jafnvel krúttleg baðönd gæti slegið í gegn. Fiskurinn kunna að meta rómantíska kvöldstund á huggulegum veitingastað eða ljúfa helgi á friðsælu sveitahóteli þar sem hann getur svamlað um í notalegheitum.

astahrafnhildur@frettabladid.is





JÓLAGJAFA HUGMYNDIR
ELLINGSEN
FYRIR FJÖLSKYLDUNA
FYRIR HANA
MILLET SYNT'H DOWN STÆRÐIR S–XL VERÐ 44.995.-
SOREL CARIBOU SLIM STÆRÐIR 36–42 VERÐ 19.995.-
MILLET SYNT'H DOWN STÆRÐIR XS–XL VERÐ 44.995.-
DEVOLD EXPEDITION STÆRÐIR S–XXL VERÐ 12.995.-
DEVOLD EXPEDITION STÆRÐIR S–XXL VERÐ 11.995.-
ELLINGSEN DUGGARAPEYSA STÆRÐIR S–XXL VERÐ 25.995.-
DIDRIKSONS MARCEL STÆRÐIR S–XXXL VERÐ 27.995.-
ELLINGSEN
ELLINGSEN HETTUPEYSA STÆRÐIR S–XXL VERÐ 9.995.-
FYRIR HANN
THERMATOR HÁLSKRAGI VERÐ 2.695.-
SOREL CARIBOU STÆRÐIR 41–45 VERÐ 21.995.-
KLAMATH RANGE II STÆRÐIR S–XL VERÐ 4.995.-
DEVOLD DUO ACTIVE STÆRÐIR XS–XL VERÐ 11.995.-
DEVOLD DUO ACTIVE STÆRÐIR XS–XL VERÐ 10.995.-
COLUMBIA THERMATOR VERÐ 3.495.-
POWER LITE HOODED STÆRÐIR S–XL VERÐ 19.995.-
FYRIR BÖRNIN
DIDRIKSONS ZOE STÆRÐIR 130–170 VERÐ 16.995.-
DIDRIKSONS BAWAL BUXUR STÆRÐIR 80–140 VERÐ 3.995.-
DEVOLD DUO ACTIVE STÆRÐIR 10–16 VERÐ 7.995.-
DIDRIKSONS BJÖRNEN COVERALL STÆRÐIR 80–140 VERÐ 16.995.-
DIDRIKSONS BAWAL PEYSA STÆRÐIR 80–140 VERÐ 4.995.-
SORELL SNOW COMMANDER STÆRÐIR 25–31 VERÐ 7.995.-
DIDRIKSONS TOMBA HÚFA STÆRÐIR 10–16 VERÐ 2.395.-
DIDRIKSONS MATT STÆRÐIR 130–170 VERÐ 16.995.-
DEVOLD DUO ACTIVE STÆRÐIR 10–16 VERÐ 6.995.-
SORELLYOOT PAC STÆRÐIR 25–31 VERÐ 10.995.-
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916
WWW.ELLINGSEN.IS













**46,8%** með lægri tekjur en **200 þúsund** telja sig vera heppin í lífinu.

**5,4%** telja sig vera mjög **óheppin í ástum/einkalífi**

**19,7%** telja sig vera **heppin í ástum/einkalífi** sé viðkomandi **einhleypur**.

**14%** af **bændum, fiskimönnum og véla- og verkafólki** telja sig vera óheppin í ástum/einkalífi.

**79,7%** eldri en 60 ára telja sig **heppin með húsnæðiskaup** en **45%** sem eru yngri en 29 ára.

**20,3%** kjósenda Miðflokksins telja sig vera óheppin við **kaup á raftækjum** á móti **2,5%** kjósenda Viðreisnar.

**14,7%** kjósenda Sjálfstæðisflokksins telja sig **heppin í peningaspilum**. Aðeins **6,2%** kjósenda VG telja sig heppin.

**32,8%** kjósenda Miðflokksins telja sig **heppin í spilum** en **14,1%** kjósenda Framsóknarflokksins.

**25,5%** rauðhærðra eiga sér lukkutölu.

**1%** stjórnenda og sérfræðinga telja sig **óheppna í ferðalögum** en **6%** af iðnaðarmönnum og sérmenntuðu starfsfólki.

**11%** **telja sig vera mjög heppin.**

**71%** telur sig hafa tilhneigingu til að horfa á björtu hliðarnar.

**20%** á aldrinum 18-29 ára telja sig óheppin.

**11,4%** kjósenda Flokks fólksins telja sig óheppin í atvinnumálum en aðeins **2,7%** kjósenda Sjálfstæðisflokksins.

**Þetta reddast!**

**45%** telja að lífið einkennist af viðhorfinu **þetta reddast.**

# Ríflega helmingur Íslendinga telur sig vera heppinn

Stærsta heppnisrannsókn sem gerð hefur verið hér á landi var kynnt í gær. Félagsvísindastofnun og Happdrætti HÍ stóðu að rannsókninni. Markmiðið var meðal annars að kanna hug Íslendinga til heppni og hjátrúar og hvaða hlutverk þær leika hjá þjóðinni.

Um 52 prósent landsmanna telja sig vera heppin, þar af tæp 60 prósent kvenna en 48 prósent karla. Íslendingar virðast vera mjög hamingjusöm þjóð en um 81 prósent landsmanna segist mjög eða frekar hamingjusamt. Aðeins 17 prósent þjóðarinnar telja sig vera hjátrúarfull og aðeins sjö prósent eiga lukkugrip.

Kjósendur Miðflokksins eru líklegastir til að eiga lukkugrip. Tölurnar 7 og 13 eru vinsælustu happatölurnar. Ef horft er til stjórnmálaskoðana telja þeir sem kusu Pírata sig vera mun óheppnari en þeir sem kusu aðra flokka. Um 39 prósent þeirra sem kusu Pírata telja sig heppin á meðan 61 prósent þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn telur sig heppið. Píratar er hins vegar líklegri til að trúa því að „þetta reddist“.

Þetta er meðal annars það sem kemur fram í stærstu heppnisrannsókn sem framkvæmd hefur verið á Íslandi og Félagsvísindastofnun og Happdrætti Háskóla Íslands stóðu fyrir.

Systurnar heppni og hjátrú hafa leikið stórt hlutverk hjá íslensku þjóðinni í aldanna rás en aldrei áður hafa þær verið kortlagðar með jafn ítarlegum hætti og nú. Svipaðar heppnisrannsóknir hafa verið gerðar í öðrum löndum.

**benediktboas@365.is**

**AÐFERÐ**

- Rannsóknin gerð á netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands
- Gagnaöflun stóð yfir 28. nóvember til 17. desember
- Úrtakið var 3.000 manns – lagskipt slembiúrtak
- Svarendur voru alls 1.618 – svarhlutfall 54%

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Heima, Skólavörðustíg 12. Sængurföt Geysis fást einnig í verslunum Geysis í Kringlunni og á Akureyri. — Sími 519 6000. Geysir.com

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Kristínar Ólafsdóttur




## Hvert fór hún?

Pakkar glitra undir jólatrénu. Rjúpur krauma á pönnunni. Í dag er glatt í döprum hjörtum ómar í útvarpinu. Tár trítlar niður kinnina á pabba, honum finnst lagið svo fallegt. Fjögur kerti loga á skenknum. Jólin.

Já, jólin. Þau voru einu sinni svo mystísk, svo ósnertanleg og svo brjálæðislega mikið tilhlökkunarefni að manni kom vart dúr á auga í desember. Jólaföndur, jólalög, jólaleikrit og jólaböll héldu manni við efnið í skólanum og heima taldi maður niður mínúturnar. Ein jólin kastaði Steina systir mín upp við matarborðið. Hún var ekki veik. Það var æsingurinn sem bar hana ofurliði í augnablik, fiðrildunum varð ólíft í maganum. Steina hlakkaði bara svo ótrúlega mikið til.

Nú nálgast jólin hins vegar með slíkum ógnarhraða að það er eiginlega kvíðvænlegt. Hvað gerðist eiginlega með hana, tilhlökkunina? Hvenær dró hún sig í hlé? Hvenær vék hún fyrir öðrum og íþyngjandi tilfinningum í aðdraganda heilagra, ljósaskreyttra og ilmandi jóla? Ég er með nokkrar tilgátur.

Kannski varð hún viðskila við okkur í mannþrönginni í Smáralind, einhvern tímann þegar jólagjafakapphlaupið stóð sem hæst. Það getur líka verið að við höfum glutrað henni niður í próflestri fram eftir aðventu og á aukavöktum í vinnunni. Og ætli hún hafi ekki yfirgefið okkur endanlega við jólahreingerninguna, og þegar við athuguðum svo stöðuna á bankareikningnum á Þorláksmessu.

En svo koma þau auðvitað alltaf á endanum, jólin, og það eru meira að segja fjórir heilir dagar til stefnu. Tilhlökkunin getur enn hreiðrað um sig í brjóstum okkar. Það þarf bara að passa að hleypa henni þangað inn. Gleðilega hátíð.










WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS